



Ljósmynd: Morgunblaðið Gólti

Hvar þrengir að?

Könnun á hvaða hópar í samfélaginu
eigi helst undir högg að sækja

2014

Hvar þrengir að? 2014

KÖNNUN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI Á HVAÐA HÓPAR Í SAMFÉLAGINU EIGI HELST UNDIR HÖGG AÐ SÆKJA

Verkefnisstjórn:

Nína Helgadóttir, sviðsstjóri Rauða krossins á Íslandi (formaður), Guðný H. Björnsdóttir, sviðsstjóri deildapjónustu Rauða krossins á Íslandi, Helga G. Halldórsdóttir fjáröflunarfulltrúi Rauða krossins á Íslandi, Hermann Ottósson, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi, Hrafnkell Tumi Kolbeinsson framhaldsskólakennari, Ívar Schram, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum, Reykjavík, Linda Ósk Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins, Kópavogi, Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskyldupjónustunnar í Hafnarfirði, Dr. Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent í félagsráðgjöf við HÍ.

Verkefnisstjóri og skýrsluhöfundur: Ómar Valdimarsson

Útlit og umbrot: Elín Sigurðardóttir/EKS ehf.

Ljósmyndir úr safni Rauða krossins nema annars sé getið.

Prentun: Guðjón Ó – Vistvæna prentsmiðjan.

Hvar þrengir að?

Könnun á hvaða hópar í samfélaginu
eigi helst undir högg að sækja

2014

Efnisyfirlit

Formáli.	5
Helstu niðurstöður.	7
Nær tíundi hver Íslendingur býr við fátækt	10
2,3% búa við „verulegan skort á efnislegum gæðum“	11
Niðurstöður úr könnun Rauða krossins.	13
Grennslast fyrir um fordóma.	14
Hverjir standa verst, hverjir sæta fordómum.	15
Sjónarhóll þeirra sem hafa fingurinn á púlsinum	16
Niðurstöður úr Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar HÍ.	20
Meiri fordómar – minna umburðarlyndi	22
Misræmi í þjónustu sveitarfélaganna hrekur fólk úr einum stað í annan	24
Nýir hópar fátækra og bágstaddra verða til	25
Félagslegur og fjárhagslegur vandi fer ekki alltaf saman.	26
Fátæktin birtist í úrræðaleyssi og einangrun	27
„Ef þú varst laminn til hlýðni...“	29
Fordómar gagnvart útlendingum útbreiddir og almennir	31
Örvænting, þunglyndi, brotin sjálfsmynd...	34
Vítahringur skammar, sektarkenndar, kvíða...	34
Þegar síðasta öryggisnetið brestur	36
Varanleg fátæktargildra að verða til	37
Breytt valdajafnvægi skekkir sjálfsmynd karla.	40
Þriðja og fjórða kynslóð bótaþega	42
Sífelld fleiri heimili fá aðstoð.	46
Stéttaskipting: sitja allir við sama borð frá byrjun?	47
Skýrsla Alþjóðasambandsins: Sífelld fleiri sökkva í fátækt...	48
Fordómar í garð innflytjenda: Eigum að taka þeim opnum örmum	51
Ekki of mikið af „öðruvísi“ fólki, takk	57
Samlögun, samþætting, aðlögun?	59
Þriðjungur hefur þörf fyrir sálfræðiaðstoð	60
Ástandið versnar sífelld hjá þeim hópi sem þegar stóð höllum fæti	61
Reynslan hrópar á meira fjármálalæsi	63
Mikill munur á leiguverði félagslegra íbúða	65
Svipmyndir úr velferðarríkinu	65
Atvinnuleysi minnkar – enn mest á Suðurnesjum.	66
Starf Rauða krossins í þágu berskjaldaðra hópa og einstaklinga	67
Ábendingar um samfélagslegar úrbætur.	70
Hvað getum við í Rauða krossinum gert?	73
Heimildaskrá	75

Formáli

Með þessari skýrslu leggur Rauði krossinn á Íslandi enn sitt af mörkum til umræðunnar um stöðu þeirra hópa í samfélaginu sem eru félagslega berskjaldaðir. Rauði krossinn leitar jafnframt eftir samstarfi við aðrar hjálpar-stofnanir og stjórnvöld „með það að markmiði að þeir sem höllum fæti standa fái sem bestan stuðning,“ eins og segir í stefnu félagsins.



Það er skilgreint hlutverk og skylda Rauða krossins á Íslandi að vinna markvisst að því að auka félagslegt öryggi berskjaldaðra út frá grundvallarhugsjónum alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Mikilvægur hluti þessa er að tala máli mannúðar hvar sem því verður við komið og að berjast gegn fordómum hvar sem þá er að finna.

Rannsóknirnar sem liggja að baki þessari skýrslu sýna svo ekki verður um villst að Rauði krossinn þarf að efla málsvarahluta starfs síns á myndarlegan hátt. Niðurstöður skýrslunnar benda eindregið til að fordómar í samfélaginu fari vaxandi, einkum í garð innflytjenda. Þótt hin opinbera stefna sé sú að taka beri innflytjendum, flóttamönnum og hælisleitendum opnum örmum, sýna niðurstöðurnar sem hér eru birtar að talsvert vantar upp á að svo sé í raun.

Önnur niðurstaða sem á sama hátt vekur ugg og áhyggjur er sú staðreynd að allt að þrjú þúsund ungmenni, einkum karlar, virðast hafa misst fótanna í lífsbaráttunni áður en hún hefst fyrir alvöru. Þetta er fjölmennasti hópurinn sem nýtur framfærslustyrks í stærstu sveitarfélögunum og sá hópur sem býr við mest atvinnuleysi. Í félagsþjónustunni hefur fólk vaxandi áhyggjur af þessari þróun; leita þarf allra ráða til að takast á við þennan vanda áður en hann verður enn meiri og varanlegri.

Hið sama má segja um þær sterku vísbendingar að umtalsverður hópur fjölskyldna virðist ekki hafa þá lífsfærni að afla sér viðurværis með eðlilegum hætti en nýtur þess í stað framfærslustyrkja félagsþjónustunnar kynslóð eftir kynslóð og virðist ófær um að brjótast út úr vítahring fátæktarinnar. Hér gæti verið um að ræða hundruð fjölskyldna sem í félagsþjónustunni eru almennt kallaðar „þriðja kynslóðin“ og búa við varanlega fátækt. En „fátækt er víðfeðmt hugtak og snýst ekki aðeins um veraldlegan auð,“ eins og prestur á höfuðborgarsvæðinu orðaði það í viðtali við samantekt þessarar skýrslu. Fátækt er einnig andleg og félagsleg og þar ber Rauði krossinn sína ábyrgð í samræmi við stefnu félagsins sem leggur megináherslu á stuðning við þá sem eru félagslega berskjaldaðir.

Þessar niðurstöður eru meðal þess sem verður okkur í Rauða krossinum hvatning til eflingar á starfi félagsins. Við munum á næstunni setjast yfir niðurstöður þessarar skýrslu og leggja á ráðin um hvar við getum helst komið að liði, ýmist með sjálfbodaliðum okkar einum eða með endurnýjuðu og öflugum samstarfi við aðra aðila innan lands og utan.

Það er Rauða krossinum á Íslandi bæði skylt og rétt að láta til sín taka á þessum vettvangi. En það mun ekki gerast nema með öflugum og almennum stuðningi félagsmanna og tugþúsunda velunnara okkar um allt land. Til þeirra munum við leita í nafni mannúðar.

Hermann Ottósson

Framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi



Helstu niðurstöður

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af stærstu mannúðarhreyfingu veraldar, Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem hefur þá meginstefnu að bæta hag þeirra sem berskjaldaðastir (e. *most vulnerable*) eru í samfélaginu¹. Hreyfingin byggir allt sitt starf á sameiginlegum grundvallarhugsjónum (e. *fundamental principles*), nefnilega um *mannúð, hlutleysi, óhlutdrægni, sjálfstæði, einingu, sjálfboðið starf og alheimshreyfingu*. Rauði krossinn á Íslandi sinnir margvíslegum verkefnum innan lands og utan, eins og rakið er nánar á bls. 67-69.

Hlutverk Rauða krossins

Til að geta staðið við skuldbindingar sínar er nauðsynlegt fyrir félagið að rannsaka og greina samfélagsástand á hverjum tíma eftir bestu getu til þess að:

- *skilgreina hvar þörfin fyrir aðstoð er mest hverju sinni.*
- *geta brugðist við breyttum aðstæðum.*
- *forgangsraða verkefnum svo þau nýtist sem best.*
- *ákveða hvernig haga skuli málsvarastarfi.*
- *vekja athygli almennings og stjórnvalda á aðstæðum bágstaddra á Íslandi.*

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar sem Rauði krossinn á Íslandi lét gera á vormisseri 2014. Meginmarkmiðið var að kanna hvaða hópar á Íslandi standa höllustum fæti, enda er það eitt meginhlutverk Rauða krossins að vinna með og fyrir þá sem verst standa í samfélaginu. Niðurstöðurnar munu einnig auðvelda Rauða krossinum á Íslandi og deildum félagsins um allt land að meta hvar þörfin er mest og vanda þannig enn frekar val og forgangsroðun verkefna. Fyrri kannanir hafa komið að góðum

notum í starfsemi félagsins, fjölmörg ný verkefni sett á laggirnar og önnur endurskipulögð og/eða endurskilgreind.

Þrískipt könnun

Þetta er í fimmta sinn sem Rauði krossinn á Íslandi gerir könnun af þessu tagi – hinar fyrri voru gerðar 1994, 2000, 2006 og 2010. Könnunin byggir á upplýsingum sem aflað er með innsendum svörum við spurningalistum (í meginatriðum eins og áður), viðtölum við valda sérfræðinga í velferðarkerfinu, skoðun skriflegra gagna og fræðirita og á niðurstöðum skoðanakönnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði sérstaklega vegna þessa verkefnis.

Könnunin í ár var þrískipt:

- a) Þátttaka í spurningavagni Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands þar sem lagðar voru fyrir tvær „fastar“ spurningar, þ.e. hinar sömu og í fyrri könnunum (um félagslega og fjárhagslega illa stadda hópa), og hin þriðja sem snýr að fordómum gagnvart fólki af erlendum uppruna. Hér var leitast við að fá fram viðhorf almennings í landinu.
- b) Skriflegur spurningalisti frá Rauða krossinum til 100 sérfræðinga í félags-, heilbrigðis- og skólakerfinu. Þarna voru 10 spurningar, hinar sömu og hafa verið notaðar í fyrri könnunum. Um helmingur markhópsins svaraði skriflega.
- c) Persónuleg viðtöl við um 30 manns úr félags-, heilbrigðis- og skólakerfinu, að miklu leyti fólk úr „sérfræðingahópnum“.

Við samantekt skýrslunnar var að auki notast við margvísleg önnur skrifleg og prentuð gögn, svo sem fréttir og greinar úr fjölmiðlum, fræðilegar greinar, aðrar rannsóknir ofl. Ítarleg heimildaskrá er aftast í þessari skýrslu.

Niðurstöður

- Niðurstöður úr spurningavagni Félagsvísindastofnunar benda til að almenningur telji að

¹ Skilgreiningin á „berskjaldaðir“ er hér þessi: Einstaklingar sem geta ekki verið fullgildir þátttakendur í samfélaginu og notið þeirra lífsskilyrða og þæginda sem teljast eðlileg á hverjum tíma, hverjar sem ástæður þess kunna að vera.

öryrkjar, einstæðir/forræðislausir foreldrar og aldraðir standi verst fjárhagslega. Hér er greinilegur munur frá *Hvar þrengir að 2010*: mun fleiri telja nú að öryrkjar standi illa og áhyggjur af atvinnulausum eru mun minni nú en þá.

- Aftur á móti mælast áhyggjur almennings af þeim sem eru félagslega illa staddir hinar sömu nú og 2010: öryrkjar, aldraðir og atvinnulausir.
- Samantekt skriflegra svara sérfræðingahópsins leiðir í ljós að þar er samhljómur: svarendur eru að mestu leyti sama sinnis - telja að öryrkjar, einstæðir foreldrar², lífeyrislitlir eftirlaunabegar og langtíma atvinnulausir hafi það bágast.
- Jafnframt var hvarvetna að finna vaxandi áhyggjur af ungu fólki, einkum ungum körlum sem ekki finna sér hlutskipti í tilverunni og leita í auknum mæli eftir framfærslu sveitarfélaganna.
- Að sama skapi var víða vart við áhyggjur af börnum fólks sem stendur höllum fæti, hvort heldur er félagslega eða fjárhagslega.
- Sérfræðingarnir voru á sama máli og netpanell Félagsvísindastofnunar – báðir hóparnir telja augljóst að á Íslandi sé fátækt vaxandi vandamál, sem og aukin stéttaskipting.

Fordómar áhyggjuefni

Sú afstaða sem birtist í svörum við þriðju spurningunni í spurningavagni Félagsvísindastofnunar (*Hvaða hópar í samfélaginu sæta helst fordómum að þínu mati?*) er verulegt áhyggjuefni. Í ljós kemur að 44% telja að fólk af erlendum uppruna sæti helst fordómum. Hið sama má lesa út úr svörum sérfræðinganna og samtölum við þá. Þar er raunar gengið lengra og bent á að innflytjendur frá löndum utan „hvíta heimsins“ eigi sérstaklega undir högg að sækja, jafnframt því sem lýst er miklum áhyggjum af stöðu innflytjendabarna sem oft sé þröngvað til að velja á milli eigin menningar og íslenskra vana.

Í spurningavagni Félagsvísindastofnunar voru einnig settar fram fjórar fullyrðingar sem þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til – hversu sammála eða ósammála þeir væru eftirfarandi:

- 1) *Fólk sem er fátækt ber sjálft ábyrgð á sinni stöðu.*
 - Meginniðurstaðan var ósammála.
- 2) *Meðal atvinnulausra er hópur fólks sem kys fremur að vera á bótum en að vinna.*
 - Meginniðurstaðan var sammála.
- 3) *Fátækt er bundin við fjölskyldur, kynslóð eftir kynslóð.*
 - Meginniðurstaðan var ósammála.
- 4) *Stéttaskipting er meiri í íslensku samfélagi nú en fyrir áratug.*
 - Meginniðurstaðan var sammála.

Í viðtölum við sérfræðingana var leitað eftir ítarlegri svörum og skýringum við þessi sjónarmið. Þau eru rakin í skýrslunni.

Hópar berskjaldaðra

Í grófum dráttum má því segja að niðurstöður þessarar könnunar bendi til að verulegur hópur fólks í samfélaginu standi bæði félagslega og fjárhagslega verr en hægt er með nokkru móti að réttlæta eða láta sem vind um eyru þjóta. Það eru fyrst og fremst þessir:

- öryrkjar
- aldraðir í fjárhagsvanda
- einstæðir og tekjulágir foreldrar
- langtíma atvinnulausir
- ungir, ómenntaðir karlar
- innflytjendur
- börn innflytjenda

Þessar niðurstöður kalla augljóslega á skýr viðbrögð af hálfu Rauða krossins og samstarfsaðila hans innan lands og utan til að bregðast með markvissum hætti við þeim vanda sem við blasir í samræmi við þá áskorun og hvatningu sem er „leiðarljós“ í stefnu félagsins: *Rauði krossinn á Íslandi bregst við neyð jafnt innan lands sem utan og veitir aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga.*

² Einstæðir foreldrar eru vitaskuld ekki einsleitir hópur. Við gefum okkur að átt sé við einstæða, atvinnu- og menntunarlitla foreldra.

Framkvæmd og aðferðafræði

Vinna við rannsóknina hófst um miðjan janúar og stóð fram eftir aprílmánuði. Þessi vinna fól í sér öflun og skoðun skriflegra gagna, viðtöl við um þrjátíu sérfræðinga í heilbrigðis-, skóla- og velferðarkerfinu, úrvinnslu innsendra svara við spurningalista Rauða krossins, úrvinnslu niðurstaða úr spurningavagni Félagsvísindastofnunar HÍ o.fl.

Spurningavagn Félagsvísindastofnunar HÍ

- Könnunin náði til 1.483 þátttakenda í netpanel Félagsvísindastofnunar HÍ. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Að þessum meginlegu upplýsingum fengnum var leitað eftir dýpri skilningi á málefnum þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Hér var valin sú leið að ræða við ýmsa aðila sem starfa með berskjölduðum einstaklingum og fjölskyldum til að fá sem gleggsta mynd af stöðu þeirra og viðhorfum í samfélaginu.

Könnun Rauða krossins – sérfræðingahópurinn

- Við þann hluta könnunarinnar sem unnin var af Rauða krossinum á Íslandi var beitt eigindlegri rannsóknaraðferð. Tíu skriflegar spurningar voru lagðar fyrir 100 sérfræðinga í félags- og heilbrigðisþjónustu, atvinnulífi og menntakerfinu. Spurningarnar voru hinar sömu og lagðar voru fyrir í fyrri könnunum Rauða krossins. Á sama hátt voru sérfræðingarnir að talsverðu leyti hinir sömu og áður hefur tekið þátt í könnunum Rauða krossins á hvar þrengir að í samfélaginu, en allmörg ný nöfn voru á listanum til að tryggja að úrtakið gæfi sem besta mynd af þeirri þekkingu og upplýsingum sem liggja í þessum geira. Um helmingur þessa hóps svaraði skriflega. Að auki voru átt viðtöl við um 30 manns, að talsverðu leyti fólk úr sérfræðingahópnum. Sjónarmið sérfræðinganna eru rakin í greinargerðum með svörum við spurningum Rauða krossins.

Þátttakendur

Eins og í fyrri könnunum var lögð áhersla á að þátttakendur endurspegluðu sjónarmið landsbyggðarinnar jafnt og höfuðborgarsvæðisins. Leitast var við að hafa hóp álitsgjafa breiðan til að könnunin endurspeglaði sem best stöðu þeirra sem hallar á í íslensku samfélagi. Þátttakendum var heitið fullum trúnaði og er þess því gætt eftir fremsta megni í skýrslunni að ekki verði unnt að rekja upplýsingar eða ummæli til einstakra þátttakenda.

Verkefnisstjórn

Í upphafi var skipuð verkefnisstjórn sem í sátu starfsmenn Rauða krossins og valdir sérfræðingar. Í verkefnisstjórn sátu

- Nína Helgadóttir, sviðsstjóri hjá Rauða krossinum á Íslandi (formaður),
- Guðný H. Björnsdóttir, sviðsstjóri deildarþjónustu Rauða krossins á Íslandi,
- Helga G. Halldórsdóttir fjáröflunarfulltrúi Rauða krossins á Íslandi,
- Hermann Ottósson, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi,
- Hrafnkell Tumi Kolbeinsson kennari, fyrrv. forstöðumaður ungmennahreyfingar Rauða krossins, Reykjavík.
- Ívar Schram, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum, Reykjavík.
- Linda Ósk Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins, Kópavogi.
- Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustunnar í Hafnarfirði,
- Dr. Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent í félagsráðgjöf við HÍ, fyrrverandi framkvæmdastjóri Rauða krossins, Reykjavík.

Ómar Valdimarsson sendifulltrúi og mannfræðingur var ráðinn til að hafa umsjón með verkinu og skrifa skýrsluna. Verkefnisstjóri naut stuðnings verkefnisstjórnarinnar við endanlega gerð spurninga og lista yfir þátttakendur, auk ýmissa góðra ráða og ábendinga í vinnuferlinu.

FÁTÆKT ER EKKI AÐEINS...

Nær tíundi hver Íslendingur býr við fátækt

Fátækt á Íslandi hefur löngum verið feimnismál, eitthvað sem ekki á að tala um vegna þess að fátækt sé aðeins til í útlöndum. Þegar íslenskir fræðimenn fóru fyrst að tala um fátækt og birta niðurstöður rannsókna sinna á fyrirbærinu í kringum 1995 uppskáru þeir andstöðu stjórnmálamanna og jafnvel almennings. Þetta er að breytast – það verður ekki lengur litið fram hjá þeirri staðreynd að umtalsverður hópur landsmanna, sennilega um tíu af hundraði, búa við varanlega fátækt.

Í Farsældarskýrslunni (2012) er bent á að endurteknar mælingar síðustu átta ára sýni að 9-10% landsmanna hafi tekjur sem séu undir skilgreindum lágtekjumörkum og teljist því eiga á hættu að búa við fátækt. „Fátækt er raunveruleg í íslensku samfélagi þótt mismunandi sé hvernig hún birtist á hverjum tíma,“ segja skýrsluhöfundar og bæta við að þekkt sé að einstakir hópar samfélagsþegna búi að jafnaði við erfiðari stöðu en aðrir. Dæmi um slíka hópa séu þeir sem misst hafa atvinnu eða af öðrum ástæðum séu utan vinnumarkaðar.

Lágtekjumörk

Hagstofa Íslands hefur frá árinu 2004 birt árlegar niðurstöður úr lífsskjararannsóknnum sínum með upplýsingum um **lágtekjumörk og tekjudreifingu**. Meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum Hagstofunnar vegna tekna ársins 2012 er eftirfarandi (upplýsingar fyrir 2013 lágu ekki fyrir í tæka tíð fyrir frágang þessarar skýrslu):

- Árið 2012 var hlutfall landsmanna sem var undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun lægra á Íslandi en annars staðar í Evrópu³. Á Íslandi var hlutfallið 12,7% en 25% meðal íbúa Evrópusambandsins.

3 Til að falla í þennan hóp þurfa einstaklingar að uppfylla eitt eða fleiri af eftirtöldum skilyrðum: vera undir lágtekjumörkum, búa við verulegan skort á efnislegum gæðum eða búa á heimilum þar sem atvinnuþátttaka er mjög lítil. Sjá nánar um „verulegan skort á efnislegum gæðum“.

Ef litið er eingöngu á þá sem voru fyrir neðan lágtekjumörk var hlutfallið einnig lægst á Íslandi, 7,9% en 17,1% innan Evrópusambandsins.

- Lágtekjumörk eru skilgreind sem 60% af miðgildistekjum í hverju landi.
- Þegar aðrir mælikvarðar á tekjudreifingu eru skoðaðir var Ísland með þriðja mesta jöfnuðinn meðal Evrópuþjóða árið 2012.
- Gini-stuðullinn á Íslandi var 24 en 30,5 innan Evrópusambandsins. Stuðullinn væri 0 ef allir hefðu jafnar tekjur en 100 ef allar tekjur tilheyrðu sama einstaklingnum.
- Árið 2012 var lágtekjuhlutfallið á Íslandi 7,9% og hefur ekki mælst svo lágt áður í lífsskjararannsókn Hagstofunnar sem hófst árið 2004. Hlutfallið hafði verið stöðugt í kringum 10% frá árinu 2004 til ársins 2010. Árið 2011 fór það niður í 9,2%.
- Lágtekjuhlutfall er hlutfall þeirra sem eru með lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi.
- Hagstofan bendir jafnframt á að af þeim Evrópuþjóðum sem gera evrópsku lífsskjararannsóknina „var lægst hlutfall fólks á Íslandi undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun... Næstu lönd á eftir Íslandi voru Noregur, Holland og Tékkland.
- Þau lönd þar sem fólk lenti helst undir lágtekjumörkum eða í félagslegri einangrun voru Búlgaríja, Rúmenía og Lettland.“



Farsældarskýrslan afhent - fulltrúar Rauða krossins á Íslandi og fleiri hjálpsamtaka með þáverandi forsætisráðherra.

Börn sem alast upp í fátækt...

Í lokaskýrslu Velferðarvaktar Velferðarráðuneytisins (desember 2013) er bent á að 9,3% barna búi á heimilum sem séu undir lágtekjumörkum. „Þar skera heimili einstæðra foreldra sig úr þar sem 28% þeirra eru undir lágtekjumörkum. Einkum er hópur einstæðra mæðra í mikilli áhættu að lenda í langvinnri fátækt. Börn sem alast upp í fátækt eru líklegri til að verða fátæk á fullorðinsárum og verða fátækir aldraðir,“ segir í skýrslunni.

En hvað er þá fátækt? Svörin geta bæði verið einföld og flókin. Til dæmis hefur verið haft eftir Mahatma Gandhi að fátækt sé ein versta tegund ofbeldis sem fyrirfinnst. Miklu fleiri skilgreiningar eru til og þær afar mismunandi. Stefán Ólafsson og fleiri hafa bent á að á Íslandi og almennt á Vesturlöndum sé algengara að notast við afstæð fátæktarmörk. Fátæktarmörk eru þá skilgreind út frá aðstæðum í viðkomandi samfélagi og byggist á mælingu á tekjudreifingu í samfélaginu á hverjum tíma þar sem lífskjör þeirra verst stöðdu eru borin saman við meðallífskjör. Miðað er við að þeir sem hafa undir 50% af miðgildi meðaltekna séu fátækir. Þetta þýðir að þeir teljast fátækir sem hafa helmingi lægri tekjur en þeir sem hafa meðaltekjur.

Stöðugur skortur úrræða

Litlar breytingar hafa orðið á fjölda fátækra á Íslandi undanfarin ár. Í rannsókn á fátækt á Íslandi setti Harpa Njáls (2003) fram sína aðferð til að mæla fátækt – hún notaði „lágmarksframfærsluviðmið“ sem unnið var út frá algildum fátæktarmörkum sem og opinberum skilgreiningum á lágmarkstekjum og lágmarks framfærslukostnaði og komst að þeirri niðurstöðu að 7-10% þjóðarinnar byggju við fátækt. Í rannsókn sem gerð var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar 1999 var ein niðurstaðan sú að 1988 hefðu tæplega 8% þjóðarinnar búið við fátækt, mest hjá eldri borgurum eða 12,4%. Tíu árum síðar mældust hins vegar 7% búa við fátækt – og aðeins um 4% eldri borgara. Ekki hafa orðið marktækar breytingar á þessum tölum síðan.

Valgerður K. Jónsdóttir (2007:17) bendir á að Sameinuðu þjóðirnar skilgreini fátækt sem

„það ástand manneskju að búa við langvinnan eða stöðugan skort úrræða, öryggis og krafts sem er nauðsynlegur til að njóta á fullnægjandi hátt borgaralegra, menningarlegra, fjárhagslegra, stjórnmálalegra og félagslegra réttinda.“ Þetta þýðir í raun, eins og hópur hæst settu embættismanna SP hafa bent á, að fátækt sé „öryggi, valdleysi og útilokun einstaklinga, heimila og samfélaga“ (Unicef, 2011:27). Afrískur þróunarfræðingur, Everjoice Win, segir að fátækt sé ekki aðeins skortur á efnislegum gæðum (e. *resource poverty*) heldur feli einnig í sér ofbeldi, útilokun, þöggun, lítillækkun, ófrelsi um val og flesta aðra hluti (Win, 2004).

Einangrast og koðna niður

Rannsóknir Hörpu Njáls, félagsfræðings (2002:77-78) sýna að börn og unglingar sem búa við þær aðstæður að ekki er til fjármagn fyrir brýnustu nauðpurftum, svo sem mat og húsnæði, fara á mis við félagslega þátttöku til jafns við önnur börn. Þau hafa ekki fjárráð til að kaupa sér fatnað og

2,3% BÚA VIÐ „VERULEGAN SKORT Á EFNISLEGUM GÆÐUM“

Hagstofa Íslands mælir það svo að árið 2011 hafi 2,3% landsmanna búið við „verulegan skort á efnislegum gæðum.“ Hér er notast við skilgreiningu Eurostat sem miðar við að fjórum af eftirfarandi níu spurningum sé svarað játandi:

1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum.
2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (sem voru að upphæð 160 þúsund árið 2011).
5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
7. Hefur ekki efni á þvottavél.
8. Hefur ekki efni á bíl.
9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.

skera sig úr fyrir fátæktar sakir. Þau standa ekki jafnfætis jafnöldrum sínum, þau einangrast og koðna niður.

Niðurstöður rannsóknar Hörpu á áhrifum efnalegra aðstæðna á félagslega þátttöku unglinga og líðan leiddu meðal annars í ljós að unglingar sem sögðust búa við erfiðan efnahag höfðu marktækt verra heilsufar, bæði andlega og líkamlega, en hinir sem bjuggu við betri aðstæður. Einnig kom fram að þeim sem bjuggu við erfiðari efnahag líður verr í skóla og eiga oftar í útistöðum við kennara sína. Skýr tengsl hafa mælst milli heilsufars barna á Íslandi (2-17 ára) og félags- og efnalegrar stöðu foreldra, og búa þau sem eru verr sett við lakara heilsufar, segir í rannsóknarniðurstöðum Hörpu.

Kviksyndi fátæktarinnar

Stefán Ólafsson prófessor og Harpa Njáls hafa komist að þeirri niðurstöðu að lágur bætur velferðarkerfisins færi íslenskum bótaþegum, sem engar aðrar tekjur hafa, lífskjör undir fátæktarmörkum:

„Reglur tekjutengingarinnar festa bótaþegann síðan í fátæktargildru, þar eð hann á litla möguleika á að rífa sig upp úr aðstæðunum nema honum takist að stórbæta hag sinn,“ segir Stefán Ólafsson og heldur síðan áfram: „Aukatekjur sem hann gæti aflað sér skerða lífeyri almannatrygginga svo fljótt að raunbati kjara hans verður lengi vel afar lítill. Til að geta rífið sig lausan úr kviksyndi tekjutengingarinnar þurfa aukatekjur hans að vera umtalsverðar. Þetta

er fyrirkomulag sem gerir fátæklingum erfiðara fyrir í lífsbaráttunni þegar markmiðið ætti að vera að hjálpa þeim til sjálfshjálpar út úr fátæktinni. Öryrkjar sem hafa litla eða enga vinnugetu til umfangsmikillar tekjuöflunar eiga oft litla möguleika á að sleppa úr kviksyndi fátæktarinnar í slíku kerfi.“

Í grein eftir Stefán Ólafsson og Guðnýju Björk Eydal í *Próun velferðarinnar 1988-2008* sem út kom hjá Félagsvísindastofnun HÍ 2012, er rakin sú aðferðafræði sem helst beitt nú á dögum og benda á að algengara sé orðið að beita bæði afstæðum og algildum mælikvörðum í senn. Í því skyni hafi verið þróaðir svokallaðir mælikvarðar á skorti (e. *matrial deprivation*) sem meta í hvaða mæli fólk hefur eða hefur ekki efni á tilteknum efnislegum gæðum (sbr. bls. 11).

Þau benda jafnframt á að afstæð fátækt sé „talsvert minni á Íslandi en í ESB-ríkjum og á það við um bæði kynin. Þó hið sama eigi við um flesta aðra þjóðfélagsþópa þá er það ekki einhlítt. Þannig er athyglisvert að fátækt er meiri á Íslandi en að meðaltali í ESB-ríkjunum í þremur þjóðfélagsþópum. Þar er um að ræða vinnandi fólk (*in-work poverty*), einstæða eldri borgara yfir 65 ára aldri (oft aldraðar ekkjur) og loks fólk sem býr í leiguhúsnæði. Fátækt hjá eftirlaunafólki (þeir sem eru komnir á lífeyri) er svipuð að meðaltali hjá ESB-ríkjum. Fátækt meðal eldri borgara minnkaði hins vegar verulega á Íslandi eftir 2008, enda var lágmarksframfærslutrygging almannatrygging hækkuð verulega þá,“ segja Stefán og Guðný í grein sinni.



Niðurstöður úr könnun Rauða krossins á Íslandi á hvar helst þrengir að

Helstu niðurstöður úr spurningavagni
Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands

Grennslast fyrir um fordóma

Álit sérfræðinganna sem
rætt var við í könnun Rauða krossins

Niðurstöður úr spurningavagni
Félagsvísindastofnunar HÍ

Niðurstöður könnunar Rauða krossins á Íslandi 2014
Hvar þrengir að?



Rauði krossinn hefur beitt sér gegn fordómum í samfélaginu og notið til þess aðstoðar fjölmarga, t.d. Ólafíu Hrannar Jónsdóttur leikkonu.

Grennslast fyrir um fordóma

Svarendur voru beðnir að taka afstöðu til þess hversu sammála eða ósammála þeir voru eftirfarandi fjórum fullyrðingum þar sem hinar þrjár fyrstu voru settar fram til að grennslast fyrir um hugsanlega fordóma í garð einstakra samfélagshópa:

Fólk sem er fátækt ber sjálft ábyrgð á sinni stöðu: „NEI“

- Aðeins 13% aðspurðra voru frekar eða mjög sammála þessu. Ríflega þriðjungur var hvorki sammála né ósammála, tæplega þriðjungur frekar ósammála og 20% mjög ósammála.

Meðal atvinnulausra er hópur fólks sem kys fremur að vera á bótum en vinna: „JÁ“

- Yfirgnæfandi meirihluti (72%) aðspurðra sögðust frekar eða mjög sammála þessari

fullyrðingu. Fjórtán af hundraði voru hvorki sammála né ósammála og önnur 14% frekar eða mjög ósammála.

Fátækt er bundin við fjölskyldur, kynslóð eftir kynslóð: „NEI...“

- Ríflega fjórðungur var mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu. Réttur þriðjungur var hvorki sammála né ósammála en 41% frekar eða mjög ósammála.

Stéttaskipting er meiri í íslensku samfélagi nú en fyrir áratug: „JÁ“

- Nær sex af hverjum tíu voru frekar eða mjög sammála þessari fullyrðingu, 22% voru hvorki sammála né ósammála og 19% frekar eða mjög ósammála.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR ÚR SPURNINGAVAGNI
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hverjir standa verst, hverjir sæta fordómum?

Hér er að finna meginniðurstöður (algengustu svör) úr spurningavagni Félagsvísindastofnunar HÍ þar sem fastar spurningar úr Hvar þrengir að voru lagðar fyrir úrtakið. Sömu spurningar 2014 og 2010 gera svörin samanburðarhæf, þannig að sjá má hvaða breytingar hafa orðið á upplifun fólks

á stöðu einstakra hópa. Svörin frá 2010 virðast endurspegla efnahags- og upplausarástandið í kjölfar Hrunsins á sama hátt og svörin nú endurspegla betra efnahagsástand. Rétt er að taka fram að notast var við annað úrtak 2010 – könnunin þá var gerð af öðru fyrirtæki.

1. Hvaða einstaklingar eða hópur fólks kemur fyrst upp í huga þér þegar þú ert spurð(ur) hverjir hafi það verst fjárhagslega ef þú lítur á þitt nánasta umhverfi?

Flest svör nú	Hlutfall nú	Flest svör 2010	Hlutfall 2010
Öryrkjar	26%	Öryrkjar	16%
Einstæðir/forræðislausir foreldrar	14%	Atvinnulausir	21%
Aldraðir	11%	Barnafólk/fjölskyldufólk	7,4%
Námsmenn	6%	Lágtekjufólk	6,5%
Barnafólk/ungt barnafólk	6%	Fjárhagslega illa statt fólk	10,7%

2. Hvaða einstaklingar eða hópur fólks kemur fyrst upp í huga þér þegar þú ert spurð(ur) hverjir hafi það verst félagslega, ef þú lítur á þitt nánasta umhverfi?

Flest svör nú	Hlutfall nú	Flest svör 2010	Hlutfall 2010
Öryrkjar	25%	Öryrkjar	23,1%
Aldraðir	16%	Aldraðir	11,9%
Atvinnulausir	10%	Atvinnulausir	22,1%
Geðfatlaðir	8%	Einstæðingar	5,7%
Fólk af erlendum uppruna	7%	Lágtekjufólk	4,9%

3. Hvaða hópar í samfélaginu sæta helst fordómum að þínu mati?

Flest svör nú	Hlutfall nú	EKKI SPURT 2010
Fólk af erlendum uppruna	44%	
Öryrkjar	10%	
Geðfatlaðir	8%	
Hinsegin fólk	8%	
Fíklar	4%	

ÁLIT SÉRFRÆÐINGANNA SEM TÓKU ÞÁTT Í KÖNNUN RAUÐA KROSSINS:

Sjónarhóll þeirra sem hafa fingurinn á púlsinum

Níu efnislegar spurningar voru lagðar fyrir úrtakið, 100 manna hóp sérfræðinga í félagsheilbrigðis- og menntakerfunum. Svör bárust frá um helmingi þeirra. Þetta voru sömu spurningar og í fyrri könnunum á *Hvar þrengir að* sem gefur

möguleika á samanburði milli ára. Hér er gripið niður í algengustu svör og borið saman við síðustu könnun (2010). Heildarniðurstöður er að finna hér á eftir.

	Spurning	Flest svör nú	Flest svör 2010
1	<i>Hvaða hópur/hópar í samfélaginu telur þú að hafi það bágast í dag og hvers vegna?</i>	<ul style="list-style-type: none"> • Öryrkjar. • Einstæðir foreldrar. • Lífeyrslitlir eftirlaunaþegar. • Langtíma atvinnulausir. 	<ul style="list-style-type: none"> • Atvinnuleitendur. • Barnafjölskyldur. • Einstæðir foreldrar. • Innflytjendur. • Öryrkjar.
1b)	<i>Á hvaða hátt mætti efla þennan hóp/þessa hópa?</i>	<ul style="list-style-type: none"> • Með fleiri virkniúrræðum. • Hækkun lágmarksframfærslu. • Betri nýtingu og skilvirkni kerfisins. • Fleiri atvinnutækifærum. • Hækkun lágmarkslauna. • Með meiri hvatningu og stuðningi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Efla atvinnulíf. • Draga úr atvinnuleysi. • Aðstoða fólk við að komast aftur á vinnumarkað. • Fjölbreytt vinnuúrræði með hvatningu fyrir þá sem eru með skerta starfshæfni. • Draga úr íþyngjandi áhrifum atvinnuleysis.
1c)	<i>Hvers konar breytingar telur þú að þyrftu að eiga sér stað í samfélaginu eða hjá hinu opinbera til að staða þessa hóps/hópa gæti batnað?</i>	<ul style="list-style-type: none"> • Minni fordómar - aukinn skilningur og viðurkenning á vandanum. • Hugarfarsbreyting – allir eigi jafnan tilverurétt; fókus á styrkleika. • Samstaða um að útrýma fátækt; meiri skilningur stjórnvalda á hlutskipti almennings. • Skilvirkara velferðarkerfi; efla fjölskyldustefna sveitarfélaga. • Betri stefnumótun, eftirfylgni og fjármunir. 	<ul style="list-style-type: none"> • Efla þjónustu opinberra stofnana með bættu upplýsingaflæði og samhæfingu aðgerða. • Auka námsframboð. • Skapa aðstæður til félagslegs samneytis og virkni. • Aukin samfélagsleg ábyrgð á börnum – kallar á hugarfarsbreytingu. • Minni fordómar gagnvart innflytjendum og fólki með geðraskanir.
2	<i>Telur þú að hægt sé að gera greinarmun á ástandi innan sveitarfélaga eða á milli sveitarfélaga eða landshluta?</i>	Talsverður meirihluti taldi hægt að gera þennan greinarmun.	Almennt talið að hægt sé að gera þennan greinarmun.
2a)	<i>Ef svo er, hvernig þá og hvers vegna?</i>	<ul style="list-style-type: none"> • Greinilegt misræmi í þjónustu sveitarfélaga. • Fjölmörg dæmi um að fólk flytji á milli staða til að komast á hærra þjónustustig. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þótt félagsleg úrræði séu fleiri á höfuðborgarsvæðinu sé betur hlúð að einstaklingum og hópum úti á landi, þar væri meiri samkennd og allir þekktu alla.

	Spurning	Flest svör nú	Flest svör 2010
		<ul style="list-style-type: none"> Fleiri möguleikar á höfuðborgarsvæðinu. Sum borgarhverfi í Reykjavík „erfiðari“ en önnur. Atvinnuástand er mismunandi eftir sveitarfélögum og landshlutum. Höfuðborgarsvæðið og Akureyri bera mesta þungann. 	<ul style="list-style-type: none"> Mikill munur á milli sveitarfélaga hvaða þjónustu er í boði fyrir aldraða. Heimilisleysi bundið við höfuðborgarsvæðið. Innflytjendur fá bestu þjónustuna á SV-landi, síður einangraðir þar en í litlum sveitarfélögum.
3	<i>Telur þú að það sé einhver hópur/hópar fólks sem á á hættu á að verða bágstaddir í framtíðinni?</i>	Svarið var nær undantekningalaust já – að hafið sé yfir allan vafa að í landinu séu að verða til nýir hópar fátækra og bágstaddir einstaklinga.	<ul style="list-style-type: none"> Já. Börn og unglingar fátækra fjölskyldna. Ungt ómenntað og atvinnulaust fólk. Langtíma atvinnulausir. Atvinnulaust ungt fólk áhugalítið og kærulaust um stöðu sína og gera sér ekki grein fyrir alvarleika ástandsins.
3a)	<i>Ef svo er, hvaða hópur, á hvaða hátt og hvers vegna?</i>	<ul style="list-style-type: none"> Í mestri hættu eru talin börn sem alast upp við fátækt og geðraskanir foreldra, börn af heimilum þar sem er áfengis-eða önnur fikniefnaneysla og tilfinningalega vanrækt börn. Einnig voru nefndir innflytjendur sem ekki læra tungumálið; ungir atvinnuleitendur og ungir ómenntaðir karlar sem flosna upp úr skóla og/eða vinnu. 	
4	<i>Telur þú að það sé hægt að gera greinarmun á því hverjir hafi það verst, annars vegar félagslega og hins vegar fjárhagslega?</i>	Tæplega þriðjungur svarenda kváðu nei við spurningunni – en nær allir með þeim fyrirvara að erfitt sé að gera greinarmun þar á, oftast en ekki færri það saman að vera fjárhagslega illa staddir og félagslega, en oft sé erfitt að greina muninn og hvorum megin hryggjar vandinn lægi, í félagsumhverfi eða fjárhag.	Yfirleitt ekki, þetta fer oft saman.
5	<i>Telur þú að fátækt sé á Íslandi?</i>	<ul style="list-style-type: none"> Allir þátttakendur í netkönnun Rauða krossins svöruðu því játandi að fátækt væri til á Íslandi. „Það eru um 9% landsmanna undir fátækramörkum og um 13% eiga á hættu að verða fátækir,“ sagði einn. 	<ul style="list-style-type: none"> Fátækt á Íslandi er staðreynd. Fólk sem þarf að framfleyta sér á bótum til langframa býr við lökust kjör – bæði örorku- og lífeyrisbótum og framfærslu sveitarfélaga. Ungt fólk með enga formlega menntun eftir grunnskóla og börn á framfæri lifir oft við fátæktarmörk eða undir þeim.
5a)	<i>Ef svo er, hvernig birtist hún þér helst í þínu starfi?</i>	<ul style="list-style-type: none"> Í úrræðaleysi. Í einangrun einstaklingsins frá tækifærum samfélagsins. Fólk á ekki fyrir nauðpurftum út mánuðinn. 	

	Spurning	Flest svör nú	Flest svör 2010
		<ul style="list-style-type: none"> • Foreldrar styðja ekki við skólagöngu barna sinna, láta þau vera alveg sjálfala. • Fátæktin birtist m.a. í stéttaskiptingu og ójöfnuði sem leiðir af sér heilsufarsvanda og félagslega útskúfun. • Fátæktin birtist í fátæglegri sjálfsmynd, sem andleg og félagsleg fátækt, hjarðhegðun, ósjálfstæði, skorti á gagnrýnni hugsun. 	
6	<i>Verður þú vör/var við að tilteknir hópar barna eða fullorðinna sæti ofbeldi eða vanrækslu?</i>	Tæplega 2/3 sérfræðingahópsins svöruðu spurningunni játandi, rúmlega þriðjungur svaraði neitandi.	<ul style="list-style-type: none"> • Andlegt ofbeldi og vanræksla á börnum algengasta birtingarmynd ofbeldis á Íslandi. • Margir hafa orðið varir við börn sem eru vanrækt, illa hirt og vansæl. • Fæstir viðmælenda hafa orðið áþreifanlega varir við að skjólstæðingar þeirra búi við líkamlegt ofbeldi. • Barnaverndarkerfinu berast um 200 tilkynningar á ári þar sem grunur er um kynferðislegt ofbeldi á börnum. Í um helmingi tilvika er það staðfest.
6a)	<i>Ef svo er, hvernig birtist það í þínu starfi?</i>	<ul style="list-style-type: none"> • Hvenær verður vanræksla að ofbeldi? • Nefnd voru dæmi um að konur væru beittar líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi af hálfu karla; karlar væru beittir tilfinningalegu ofbeldi af hálfu kvenna. • Unglingar/börn verða í sívaxandi mæli fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu jafnaldra sinna. 	
7	<i>Stendur einhver hópur/hópar innflytjenda höllum fæti í íslensku samfélagi að þínu mati?</i>	Enginn vafi, sögðu sérfræðingarnir. Þessir hópar voru helst nefndir: <ul style="list-style-type: none"> • Þeir sem eiga erfitt með tungumálið og aðlögun að samfélaginu. • Erlendar konur með börn sem komu hingað til að giftast íslenskum körlum. • Innflytjendur almennt. • Mæður á lágum launum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Berskjaldaðastir í hópi innflytjenda eru þeir sem tala litla eða enga íslensku, þeir sem eru einangraðir og skortir félagslegt stuðningsnet. • Börn innflytjenda standa einnig höllum fæti. Þau búa oft við hindranir og þurfa að tileinka sér nýja menningu og læra nýtt tungumál.
8	<i>Hvernig birtast þér afleiðingar atvinnuleysis í þínu starfi?</i>	<ul style="list-style-type: none"> • Skert geta til að takast á við ýmsa þætti daglegs lífs, aukning á kvíða, þunglyndi, lágt sjálfsmat, lækkandi tekjur og þar af leiðandi ýmsar skerðingar á lífskjörum. • Sjálfsmyndin brotnar, fólk færast út á jaðar samfélagsins og finnur fyrir alvarlegum andlegum erfiðleikum. • Örvænting fátækra nemenda. 	<ul style="list-style-type: none"> • Atvinnuleitendur eiga erfitt með að standa undir lágmarksútgjöldum • Óvissa á vinnumarkaði leiðir af sér lakari andlega og félagslega stöðu. • Brotnar sjálfsmyndir, minna sjálfstraust, aðgerðaleysi og einangrun. • Tilfinningaleg vanlíðan, s.s. doði, vonleysi, kvíði, samviskubit og jafnvel þunglyndi.

	Spurning	Flest svör nú	Flest svör 2010
9	<i>Telur þú vera aðra þætti, sem ekki hafa verið nefndir hér að ofan, sem valda því að fólk stendur höllum fæti í samfélaginu?</i>	<ul style="list-style-type: none"> • Samfélagið má við meira réttlæti og heiðarleika. • Gríðarlega efnis- og neysluhyggju. • Slök heilsugæsla með lítilli áherslu á að styrkja fólk andlega. • Sveitarfélög ekki tilbúin að styðja við bak fólks með andleg veikindi. • Lítil menntun, fátæklegt líferni og fábreytt afþreying. • Margir með slaka greind standa höllum fæti í samfélaginu. • Foreldrar sem ekki geta sinnt uppeldishlutverki sínu. • Þöggun og ólæsi á tilfinningalega líðan. • „Græðgismæðingin.“ 	<ul style="list-style-type: none"> • Nokkrir telja að Breiðholtshverfi skeri sig úr vegna fjölda innflytjenda og fólks sem hefur lágar tekjur. • Fólk hefur það verst þar sem atvinnuleysið er mest; atvinnuleysistödlur sýna slæmt ástand á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.



Niðurstöður úr spurningavagni Félagsvísindastofnunar HÍ

Í spurningavagni Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands er spurt um ýmis samfélagsleg málefni og það sem efst er á baugi hverju sinni. Í febrúar 2014 voru þátttakendur meðal annars beðnir að taka afstöðu til fullyrðinga um fordóma til fátækra og svara spurningum Rauða krossins á Íslandi um hvaða hópur svarendur telja að hafi það verst á Íslandi, annars vegar félagslega og hins vegar fjárhagslega.

Könnunin náði til 1.483 meðlima í netpanel Félagsvísindastofnunar HÍ. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og

eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kynja, aldurs, búsetu, menntunar og tekna sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

Tafla A. *Fólk sem er fátækt ber sjálfst ábyrgð á sinni stöðu*

	fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	10	10	1%	0,7%	■ 1%
Frekar sammála	91	105	12%	2,2%	■ 12%
Hvorki sammála né ósammála	300	319	36%	3,9%	■ 36%
Frekar ósammála	285	285	32%	3,7%	■ 32%
Mjög ósammála	188	176	20%	2,9%	■ 20%
Fjöldi svara	874	895	100%		
Veit ekki	14	15			
Vill ekki svara	18	19			
Alls	906	929	100%		

Tafla B. *Meðal atvinnulausra er hópur fólks sem kys fremur að vera á bótum en að vinna*

	fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	228	254	28%	3,5%	■ 28%
Frekar sammála	389	389	44%	4,3%	■ 44%
Hvorki sammála né ósammála	112	121	14%	2,4%	■ 14%
Frekar ósammála	86	80	9%	2,0%	■ 9%
Mjög ósammála	52	49	5%	1,5%	■ 5%
Fjöldi svara	867	893	100%		
Veit ekki	26	22			
Vill ekki svara	13	14			
Alls	906	929	100%		

Tafla C. *Fátækt er bundin við fjölskyldur, kynslóð eftir kynslóð*

	fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	19	19	2%	1,0%	■ 2%
Frekar sammála	219	205	23%	3,2%	■ 23%
Hvorki sammála né ósammála	292	291	33%	3,8%	■ 33%
Frekar ósammála	198	215	24%	3,3%	■ 24%
Mjög ósammála	127	147	17%	2,7%	■ 17%
Fjöldi svara	855	878	100%		
Veit ekki	36	35			
Vill ekki svara	15	16			
Alls	906	929	100%		

Tafla D. *Stéttaskipting er meiri í íslensku samfélagi nú en fyrir áratug*

	fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	161	163	20%	3,1%	■ 20%
Frekar sammála	311	321	39%	4,3%	■ 39%
Hvorki sammála né ósammála	178	183	22%	3,2%	■ 22%
Frekar ósammála	122	110	14%	2,5%	■ 14%
Mjög ósammála	39	38	5%	1,5%	■ 5%
Fjöldi svara	811	816	100%		
Veit ekki	83	101			
Vill ekki svara	12	12			
Alls	906	929	100%		

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM KÖNNUNAR RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI 2014 – HVAR PRENGIR AÐ?

Meiri fordómar – minna umburðarlyndi

- Sérfræðingahópurinn telur að öryrkjar, einstæðir og tekjulágir foreldrar, lífeyrislitlir eftirlaunaþegar og langtíma atvinnulausir hafi það bágast.
- Vaxandi áhyggjur af ungum körlum sem ekki finna sér hlutskipti í tilverunni.
- Meiri skilningur og minni fordómar eru forsenda umbóta

1: Hvaða hópur/hópar í samfélaginu telur þú að hafi það bágast í dag og hvers vegna?

Svör þátttakenda í skriflegri könnun Rauða krossins voru mjög mismunandi og markast eðlilega af persónulegum viðfangsefnum svarenda og stofnana þeirra. Alls voru nefndir þrjár tugir hópa sem augljóslega eru misjafnlega stórir. Að hluta til var þó hægt að flokka svörin í nokkra klasa eftir fjölda þeirra sem nefndu tiltekna hópa en vafalaust mætti, með frekari athugun og samtölum, sameina einhverja hópa – t.d. flokka hluta fíkla og fólk með geðraskanir með öryrkjum og svo framvegis. Svör við síðari hluta spurningarinnar (þ.e. hvers vegna tilteknir hópar hafi það bágast) komu fram í síðari svörum.

Klasi 1

- Öryrkjar
- Einstæðir foreldrar
- Lífeyrislitlir eftirlaunaþegar
- Langtíma atvinnulausir

Klasi 2

- Barnmargar fjölskyldur
- Einstæðar mæður
- Ungir, einstæðir karlar
- Útlendingar í atvinnuleit, mállausir
- Nýbúar

Klasi 3

- Fátækt fólk
- Einstæðir foreldrar á lágum launum
- Fíklar/fólk með geðraskanir
- Einstæðir karlar með skuldabyrði
- Yngra fólk í húsnæðishugleiðingum
- Ungur atvinnuleitendur án baklands
- Atvinnulausir

- Fólk á „gráu svæði“ (með raskanir af ýmsum toga)
- Sjúklingar með skuldabyrði

Klasi 4

- Einstæðingar
- Námsmenn
- Erlendar konur
- Eldri konur í leiguhúsnæði
- Utangarðsfólk
- Börn í barnaverndarkerfinu
- Fólk á lægstu launum
- Óskráðir umgengnisforeldrar
- Konur sem bíða eftir skilnaði
- Fólk með geðraskanir
- Veikir aldraðir án tengslandets

1b) Á hvaða hátt mætti efla þessa hópa?

Það er áberandi hversu margvísleg ráð sérfræðingarnir nefna þegar spurt er á hvern hátt mætti efla þá hópa sem standa bágast. Ekki er örökrétt að draga af því þá ályktun að félagsþjónustan í heild mætti að skaðlausu leggja nokkra vinnu í að ráða ráðum sínum til að samhæfa afstöðu sína og viðbrögð. Einnig hér er farin sú leið að flokka svör þeirra í nokkra klasa eftir fjölda svara sem hægt er með auðveldu móti að setja saman. Með frekari samtölum og greiningu mætti sjálfsagt sameina fleiri svör.

Klasi 1

- Fleiri virkniúrræðum

Klasi 2

- Hækkun lágmarksframfærslu
- Betri nýtingu og skilvirkni kerfisins
- Fleiri atvinnutækifærum

- Hækkun lágmarkslauna
- Með meiri hvatningu og stuðningi

Klasi 3

- Með stjórnvaldsaðgerðum
- Meiri samfellu í þjónustunni
- Með auknu fjármálalæsi
- Meiri einstaklingsmiðuðum stuðningi
- Hækkun launa, hækkun persónuafsláttar
- Eflingu húsnæðis- og leigumakaðar – áhersla á unga og aldraða

Klasi 4

- Með félagslegri stefnumótun
- Meiri menntun, andlegum stuðningi, aukinni barnavistun
- Aukinni geðþjónustu í nærsamfélaginu
- Meiri atvinnu fyrir öryrkja
- Með því að rjúfa félagslega einangrun
- Niðurfellingu ýmissa opinberra gjalda
- Námskeiðum og fræðslu fyrir illa stadda hópa
- Niðurfellingu komugjalda í heilsugæslunni
- Hækkun húsaleigubóta
- Hækkun barnabóta
- Raunverulegu norrænu velferðarmódeli
- Meira aðhaldi með bótasvikurum
- Með því að opna umræðu um stöðu einhleypa karla
- Almennri hugarfarsbreytingu – sýna nágrannanum meiri virðingu
- Með því að efla vitund um stöðu foreldra sem standa höllum fæti
- Auknum kaupmætti
- Eflingu grunnþjónustunnar með þverfaglegri nálgun
- Mótun heildarstefnu í málefnum barna
- Eflingu samfélagsins til vitundar um nágrannann

Það er þó áberandi að flestir telja mikilvægt að rjúfa félagslega einangrun þeirra sem einhverra hluta vegna hafa hrakist út í horn í íslenska velferðarsamfélaginu og auka stuðning og „utanumhald“. Slíkt muni vissulega kosta talsverða fjármuni – en „þeir eru til í kerfinu, t.d. í Starfsendurhæfingarsjóði, en nýttast ekki þessum hópi vegna girðinga,“ segir einn svarenda. Allmargir benda á að fólk sem hefur

lengi verið í alvarlegri klemmu, fjárhagslegri og/eða félagslegri, hafi margt þörf fyrir einstaklingsmiðaða aðstoð sem almennt sé ekki að finna í félagsþjónustunni. Önnur algeng ábending var að auka þyrfti samfellu í félagsþjónustunni og samhæfa hana betur en nú er gert; það er til dæmis svo að upphæðir bóta eru mjög mismunandi eftir sveitarfélögum. Annar svarandi bendir á að eitt sé að efla þessa hópa, annað sé að bæta aðstæður þeirra. „Það er alls ekki sanngjarnt að ætla fólki sem stendur höllum fæti, t.d. vegna sjúkdóma, að standa í baráttu vegna framfærslu,“ segir sá.

Bæði í innsendum svörum og í samtölum við sérfræðinga víðsvegar um landið hefur borið á áhyggjum vegna minnkandi samheldni í samfélaginu og minnkandi umburðarlyndi gagnvart náunganum – sem rímar við niðurstöður könnunar Alþjóðasambands Rauða krossins & Rauða hálfmánans (IFRC) (bls. 48-50). Efling þessa hóps kostar „almenna hugarfarsbyltingu,“ segir einn svarandi. „Hverjir eiga að njóta virðingar? Allir sem gera sitt besta eða bara þeir sem tekst að pota sjálfum sér áfram – jafnvel á kostnað annarra? Fordómar fólks sjálfs í þessari stöðu oft erfiður hjalli – þau meta sjálf sig lakar en efni standa til. Hvernig samfélag viljum við – samfélag þar sem fólki líður vel eða samfélag sem skilar heppilegum tölum í fjárhagsbókhaldinu.“

1c: Hvers konar breytingar telur þú að þyrftu að eiga sér stað í samfélaginu, eða hjá hinu opinbera, til þess að staða þessa hóps/hópa gæti batnað?

Hér verða svörin meira í sama dúr og áhyggjur af fordómum og misskiptingu verða greinilegri. Augljóslega kallar áttak af því tagi á öflugna pólitíska forustu í landinu og skýra stefnumótun fyrir félagsþjónustuna – en ekki síður betur samhæfða viðleitni þeirra fjölmörgu innlendu samtaka sem vinna að uppbyggingar- og líknarstörfum meðal þeirra sem undir högg eiga að sækja. Svör í netkönnuninni og svör þeirra sem rætt var við voru keimlík hvað þetta varðar. Hér eru nokkur sýnishorn:

- Minni fordómar - aukinn skilningur og viðurkenning á vandanum

- Hugarfarsbreyting – allir eigi jafnan tilverurétt; fókus á styrkleika
 - Samstaða um að útrýma fátækt; meiri skilningur stjórnvalda á hlutskipti almennings
 - Skilvirkara velferðarkerfi; eflað fjölskyldustefna sveitarfélaga
 - Betri stefnumótun, eftirfylgni og fjármunir
 - Samræming á reglum velferðarþjónustu í landinu; öll velferðarþjónusta á eina hendi
 - Meira framboð á vinnumarkaði
 - Hærrí lágmarkslaun; bætt húsnæðiskerfi
 - ESB-aðild
 - Samstaða um að útrýma fátækt
 - Nota skattfé þeirra sem geta borgað og færa til hinna
 - Hækkun bóta, aukin réttindi einstæðinga
 - Fjárfesting í konum og börnum
 - Ný velferðarstjórn
 - Hætta að spara í heilbrigðis- og skólakerfum
 - Hætta að hugsa í fjögurra ára kjörtímabilum og kosningaloförðum
 - Ný, raunhæf framfærsluviðmið
-

Misræmi í þjónustu sveitarfélaganna hrekur fólk úr einum stað í annan

- „*engu líkara en að öll félags- og velferðarþjónusta í landinu miðist við eina götu í Reykjavík*“
- *tiltekin sveitarfélög „flæma markvisst frá sér eignalítið fólk“*

2. Telur þú að hægt sé að gera greinarmun á ástandi innan sveitarfélaga eða á milli sveitarfélaga eða landshluta?

Ef svo er, hvernig þá og hvers vegna?

Yfirgnæfandi meirihluti svaraði fyrri hluta spurningarinnar játandi. Þegar kom að síðari hlutanum var algengasta svarið var að það væri greinilegt misræmi í þjónustu sveitarfélaga og að fjölmörg dæmi væru um að fólk flytti á milli staða til að komast á hærra þjónustustig.

Önnur svör:

- Mjög mismunandi ástand innan sveitarfélaganna og á milli þeirra.
- Fleiri möguleikar á höfuðborgarsvæðinu
- Sum borgarhverfi í Reykjavík eru „erfiðari“ en önnur, þ.e. þar er hærra hlutfall íbúanna í erfiðleikum af einu eða öðru tagi
- Atvinnuástand er mismunandi eftir sveitarfélögum og landshlutum
- Stærstu sveitarfélögin (höfuðborgarsvæðið og Akureyri) bera mesta þungann

Fjölmargir aðrir áhrifaþættir voru nefndir í þessu sambandi og þess getið að varla væri raunhæft

að bera saman stöðu minnstu og stærstu sveitarfélaganna.

Bent var á að meginþorri skuldara sem hefðu leitað til Umboðsmanns skuldara um úrlausn sinna mála væru af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum þar sem væri einnig mest atvinnuleysi; erfitt væri fyrir mörg sveitarfélög að halda úti þjónustu við hæfi og gjaldskrár væru mismunandi; heimilislausir væru nánast eingöngu í Reykjavík og að fíklar flýðu þangað; niðurskurður í opinberri þjónustu kæmi mjög misjafnlega við sveitarfélögin; þjónusta við fatlaða hefði víða versnað eftir að málaflökkurinn var færður yfir til sveitarfélaganna í byrjun árs 2011; greinileg stéttaskipting væri á milli sveitarfélaganna innbyrðis og á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis; fjölskyldur í vanda hrektust til höfuðborgarinnar – sem bæði nyti og gyldi sérstöðu sinnar; ákveðin sveitarfélög, t.d. Garðabær, hefðu markvisst flæmt frá sér eignalítið fólk – og loks að engu væri líkara en að öll félags- og velferðarþjónusta í landinu miðaðist við eina götu í Reykjavík.

Nýir hópar fátækra og bágstaddra verða til

- innflytjendur frá löndum utan „hvíta heimsins“ eiga undir högg að sækja
- börn innflytjenda þurfa að velja á milli eigin menningar og íslenskra vina

3. Telur þú að það sé einhver hópur/hópar fólks sem á á hættu að verða bágstaddur í framtíðinni? Ef svo er, hvernig þá og hvers vegna?

Með aðeins einni undantekningu var svarið já: þeir sem best til þekkja telja hafið yfir allan vafa að í landinu séu að verða til nýir hópar fátækra og bágstaddra einstaklinga. Hér voru algengustu viðbrögðin á einn veg: í mestri hættu eru börn sem alast upp við fátækt og geðraskanir foreldra, börn af heimilum þar sem er áfengis- eða önnur fíkniefnaneysla og tilfinningalega vanrækt börn. Aðrir hópar sem margir nefndu eru innflytjendur sem ekki læra tungumálið; ungir atvinnuleitendur; börn fólks á opinberri framfærslu – „börn þeirra taka við þeim lífsmáta sem þau hafa lært“, sagði einn svarenda, og ungir karlar sem flosna upp úr skóla og/eða vinnu og sitja þar með eftir ómenntaðir.

„Margir drengir í nærsamfélaginu flosna upp úr skóla vegna námserfiðleika, greininga sem ekki var stuðningur við og vegna þess að baklandið er veikt,“ segir sérfræðingur á Vestfjörðum. „Þetta á einnig við ungu stúlkurnar en þær koma sem einstæðar mæður og eru í miklum vanda og hætta í skólanum. Sumar koma alls ekki í skólann en aðrar flosna upp þó hér byrji 98% nemenda af svæðinu í námi.“

Sumir nefndu þá hættu sem blasti við þeim er hefðu verið lengi atvinnulausir og misstu virknigetu; fátæka foreldra og börn þeirra, öryrkja og aldraða; einstæðar ungar mæður í fátæktargildrum (t.d. óboðlegu húsnæði); láglaunafólk á leigumarkaði; börn innflytjenda, sérstaklega hælisleitenda

sem sjálf fengju stöðu flóttamanna; langveika fíkla og fólk í áhættuhópum sem ekki nytu „snemmtækrar“ íhlutunar. Félagsmálastjóri í dreifbýli setti fram sjónarmið sem bergmálaði víðar:

„Hef miklar áhyggjur af innflytjendum sem eru ekki frá Norður-Evrópu, Ameríku eða Ástralíu - einkum ef þjóðernisrembingurinn og trúarbragðaþröngsýnin (yfirburðir hvíta kynstofnsins) fá að halda áfram að vaxa í friði og með stuðningi forystumanna þjóðarinnar.“

Víða hafa sérfræðingarnir áhyggjur af börnum innflytjenda. Náms- og starfsráðgjafi benti á að erfiðleika barna erlendra foreldra mætti oft rekja til þess að börnin fengju ekki þann stuðning sem þau þyrfti, hvorki heima né í skólanum.



„Þeir eru svolítið einagraður hópur því erfitt er að komast inn í íslenska nemendahópinn (nema þeir séu í einhverju íþróttafélagi). Oft verða þessir nemendur að velja á milli síns hóps eða Íslendinga og það er erfitt.“

FÉLAGSLEGA OG/ÉÐA FJÁRHAGSLEGA ILLA STADDIR:

Félagslegur og fjárhagslegur vandi fer ekki alltaf saman

4. Telur þú að það sé hægt að gera greinarmun á því hverjir hafi það verst, annars vegar félagslega og hins vegar fjárhagslega?

Tæplega þriðjungur svarenda kváðu nei við spurningunni – en nær allir með þeim fyrirvara að erfitt sé að gera greinarmun þar á, oftast en ekki fari það saman að vera fjárhagslega illa staddur og félagslega, oft sé erfitt að greina muninn og hvar rótin liggur, í félagsumhverfi eða fjárhag.

„Það verður að greina á milli þess að vera í tímabundnum fjárhagslegum erfiðleikum (eða blankheitum) og því að búa við fátækt sem oftast er langvinn,“ sagði einn. Sú afstaða kom fram hjá fleirum: „Það er til fólk sem er félagslega vel stadd en í miklum fjárhagslegum vandræðum, t.d. skuldavanda.“

Algengt er meðal sérfræðinganna að benda á að þótt oft sé um sama fólk að ræða þurfi ekki endilega að vera samhengi á milli þess að hafa það vont félagslega og fjárhagslega. Aðrir telja að tengingarnar séu augljósar: „Það sér hver maður að þátttaka í samfélaginu kostar alltaf peninga, ef þeir eru ekki til staðar er félagsleg þátttaka ekki í boði.“ Annar benti á að fólk í félagslega bágrri stöðu ætti oft í erfiðleikum með að sækja um vinnu „og þar af leiðandi eru þeir oftast án atvinnu eða þá í lágláunastörfum.“

Allmargir sem kváðu já við spurningunni voru með svipaða fyrirvara og þeir í „nei“ hópnum – að oft fari félagsleg og fjárhagsleg vandræði saman og ekki alltaf ljóst hvar orsök liggur þótt það megi greina með nákvæmari rannsóknaraðferðum. Og ekki er laust við að „rannsóknarþreyta“ sé farin að gera vart við sig í félagsþjónustunni sem fær mikið af spurningalistum á borð við þann sem Rauði krossinn á Íslandi sendi út; fjölmargir eru að gera rannsóknir og athuganir á stöðu einstakra hópa, opinberir aðilar, hagsmunasamtök, félagsvísindamenn og háskólanemar. Starfsmaður félagsþjónustu á Suðurlandi benti á að sjálfsagt væri hægt að gera þann greinarmun sem um var

spurt „með miklum rannsóknum...fyrst og fremst væri þó að nýta betur þá þekkingu sem við höfum og efla umræðu og aðgengilegan stuðning. Það eru fullar skúffur af allskonar rannsóknum sem fáir lesa!“

Afstaða þess sem í hlut á skiptir einnig máli hér, eins og annar benti á: „Sumum finnst þeir hafa nóg og eru ánægðir með sitt hlutskipti“ jafnvel þótt þeir komi laklega út úr samanburði við aðra. Margir bentu á dæmi um að einstæðir og fátækir foreldrar stæðu vel að vígi félagslega vegna stuðnings frá eigin fjölskyldum og sömuleiðis er bent á að fólk í góðri fjárhagslegri stöðu geti verið félagslega einangrað og jafnvel afskipt. Á sama hátt getur fólk í fjárhagsvanda „átt mikinn félagslegan auð sem dregur úr áhrifum fjárhagserfiðleikanna.“ Hvoru tveggja getur sem sagt haft áhrif á hitt, eins og bent var á: „Slæmar félagslegar aðstæður geta valdið heilsufarsvanda sem veldur vinnutapi og svo framvegis, þannig að þetta virkar í báðar áttir. Rannsóknir Velferðarráðs Reykjavíkurborgar á hópnum sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu „sýna að hópurinn er illa staddur (félagslega), jafnvel verr en ætlað var,“ sagði í einu svarinu.

Einn svarenda lét í ljós þá skoðun, sem vissulega má lesa út úr svörum fleiri í hópnum, að það sé brýnast öllu fólk að mæta grunnþörfum einstaklingsins, þ.e. að hafa sómasamlegan aðgang að mat, húsnæði og öryggi. „Fjárhagslegir erfiðleikar eru að mínu mati hið versta,“ sagði þessi og bætti við: „Að hafa það slæmt félagslega er vissulega slæmt en það ógnar ekki endilega grunnþörfum þínum.“

Í þessari umræðu urðu margir til að vekja athygli á bágrri stöðu innflytjenda, einkum þeirra sem ekki hafa náð tókum á íslensku. Algengt var að getið væri um erfiða félagslega stöðu barna innflytjenda, ekki síst ef um er að ræða börn sem búa við erfiðar heimilisaðstæður eða alvarlega sjúkdóma foreldris – sem felur þá augljóslega

einnig í sér fjárhagslega bága stöðu. Í viðtölum við sérfræðinga víðsvegar um landið komu ítrekað fram miklar áhyggjur af stöðu tiltekins hóps innflytjenda, það er þeirra sem eru með litla menntun og hefur gengið illa að aðlagast umhverfinu, m.a. vegna tregðu eða ófærni til að læra íslensku. Sérstaklega bæri að gæta að einstæðum, útlendum karlmönnum sem hefðu verið atvinnulausir um lengri tíma og væru orðnir félagslega einangraðir – margir þeirra væru í mikilli hættu.



Heimsóknavinir Rauða krossins rjúfa félagslega einangrun.

FÁTÆKT Á ÍSLANDI:

Fátæktin birtist í úrræðaleysi og einangrun

5. Telur þú að fátækt sé á Íslandi? Ef svo er, hvernig birtist hún þér helst í þínu starfi?

Allir þátttakendur í könnun Rauða krossins svöruðu því hiklaust játandi að fátækt væri til á Íslandi. „Ég tel ekki að það sé til fátækt á Íslandi, ég veit það,“ svaraði einn sérfræðinganna. „Það eru um 9% landsmanna undir fátækramörkum og um 13% eiga á hættu að verða fátækir. Ég mæti þessu fólki daglega í mínu starfi og fer yfir fjárhag þess.“

Birtingarmyndir fátæktarinnar eru margvíslegar. Hér eru svör nokkurra þeirra sem svöruðu spurningum Rauða krossins um hvernig fátæktin birtist þeim helst í sínu starfi:

- Í úrræðaleysi.
- Í einangrun einstaklingsins frá tækifærum samfélagsins.
- Fólk á ekki fyrir mat eða getur ekki leyft sér það sem fólk telur almenn mannréttindi. Fólk sem á ekki í strætó og getur þannig ekki nýtt sér endurhæfingarúrræði sem í boði eru.
- Margir geðfatlaðir eiga ekki fyrir mat í enda mánaðarins. Þeir eru í slitnum, ljótum fötum og finnst vera litið niður á sig þess vegna.
- Það kemur fyrir að nemendur fái ekki stuðning foreldra, sem lýsir sér í því að foreldrar styðja ekki við skólagöngu barna sinna, láta þau vera alveg sjálfala ef svo má segja.
- Sumt fólk á ekki fyrir útgjöldum mánaðarlega og getur ekki leyft börnum sínum þátttöku í tómstundum, hvað þá að það leyfi sér eitthvað sjálft.
- Fólk á ekki fyrir nauðpurftum út mánuðinn. Margir setja þak yfir höfuðið í forgang og eiga ekki fyrir mat nema fyrstu eina til tvær viku mánaðarins.
- Okkar skjólstæðingar hafa margir hverjir ekki efni á mat, leigunni, lyfjunum sínum og geta með engu móti tekist á við óvænt útgjöld eins og tannlæknakostnað eða bilun heimilistækis svo eitthvað sé nefnt.
- Láglaunastefna er niðurlægning hverri þjóð. Mér er hugsað til ungra kvenna sem þrátt fyrir fulla vinnu geta ekki veitt sér né börnum sínum eitt né neitt. Þær verða uppgefnar sem getur leitt til þunglyndis og örorku.
- Fátæktin birtist m.a. í stéttaskiptingu og ójöfnuði sem leiðir af sér heilsufarsvanda og félagslega útskúfun.
- Hún birtist hjá flest öllum sem leita til félagsþjónustunnar eftir fjárhagsaðstoð.
- Einstaklingar sem þurfa að ákveða hvaða reikninga á að borga og hvaða reikninga á ekki að borga eru fátækir að mínu mati.
- Hún birtist mér í barnshafandi konu sem sefur á gólfinu af því að hún á bara lítið rúm fyrir barnið sitt, í konum sem greiða alla innkomu

sína í leigu og þurfa að leita ýmissa leiða til að brauðfæða sig og sína, í konum sem koma í Kvennaathvarfið, því þær eiga ekki í annað hús að venda, og velta fyrir sér hvernig þær geti látið enda ná saman.

- Af virðingu við fyrri kynslóðir hér á landi og fátækt fólk víðsvegar í heiminum kys ég fremur að tala um peningaleysi hjá sumum Íslendingum í dag, en varla fátækt. En birtingarmyndirnar eru margar – fátæktin birtist mér í fátæklegri sjálfsmýnd einstaklinga, sem andleg og félagsleg fátækt, hjarðhegðun, ósjálfstæði, skort á gagnrýnni hugsun.
- Á margan hátt en mest hjá einstæðum mæðrum og foreldrum sem sjálf voru vanrækt af fjölskyldu og samfélagi...
- Í formi þess að einstaklingar geta ekki framfleytt sér á þeim launum sem þeir fá, hvort sem um er að ræða laun frá TR, atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi.
- Hún birtist mér helst í stöðu eldra fólks sem enn býr heima en telur sig ekki geta greitt rúmlega 900 krónur á dag fyrir dagvistun á elli- eða hvíldarheimili.
- Fólk leysir ekki út lyfseðla sína, hefur ekki efni á sjúkraþjálfun, sálfræðiviðtölum, læknisheimsóknum til sérfræðinga, rannsóknnum, tannviðgerðum o.s.frv.
- Þeir sem eru lengi á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eru fátækt fólk. Upphæðin sem þeim ber að lifa á er of lág. Það getur verið í lagi að fá slíka upphæð í 2-3 mánuði en ef um lengri tíma er að ræða þá safnast upp skuldir og fólk lendir í vítahring við að ná endum saman.
- Það eru ekki allir sem getað borðað út mánuðinn.
- Kann reyndar ekki skilgreiningar á fátækt, en tel víst að margar fjölskyldur og einstaklingar hafi ekki nægt fé til að lifa mannsæmandi lífi í nútíma samfélagi. Ég get þó ekki sagt að þetta sé nokkuð sem kemur mikið inn á borð á



mínum vinnustað - enda þjónusta við foreldra ókeypis þannig að peningar eru ekki hindrun.

- Fátækt er sannarlega til staðar. Þar spila inn lágur tekjur, oft menntunarleysi, almennur rekstrarkostnaður heimilis er langt umfram tekjur, barnmargar fjölskyldur sem eiga lítið stuðningsnet. Við verðum sannarlega varar við fátækt í félagsþjónustu og hjá þeim einstaklingum sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda eða sótt er um matarkort fyrir hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.
- Framfærsla ríkis til fjárhagsaðstoðar er ekki til neins eins og upphæðirnar eru samkvæmt kvarðanum í dag.
- Fátækt hefur aukist mikið á síðustu árum. Nokkur dæmi:
 - o Stöðugt fleiri hafa þurft að sækja aðstoð til eigin fjölskyldna og hjálparsamtaka.
 - o Fólk hefur ekki tekjur sem duga fyrir lágmarksframfærslu og húsnæði.
 - o Matvara, hiti og rafmagn, húsnæði, bensín og opinber þjónusta og skattar hækkuðu gífurlega 2007-2013 og kaupmáttur launa lækkaði mjög mikið á sama tíma.
 - o Allt þetta hefur leitt til aukinnar fátæktar – efnahagslegra og félagslegra erfiðleika.
 - o Börn hafa liðið hvað sárast. Fólk leitar til hjálparsamtaka eftir mat og ölmusu frá hjálparsamtökum í auknum mæli í neyð sinni. Þetta er óviðunandi ástand!

OFBELDI OG VANRÆKSLA:

„Ef þú varst laminn til hlýðni...“

6. Verður þú var/vör við að tilteknir hópar barna eða fullorðinna sæti ofbeldi eða vanrækslu? Ef svo er, hvernig birtist það í þínu starfi?

Tæplega tveir af hverjum þremur í sérfræðinga-hópnum svöruðu spurningunni játandi, rúmlega þriðjungur svaraði neitandi. En strax blasir við að erfitt er að lesa úr svörunum, spurningin er það opin: hvenær verður vanræksla að ofbeldi? Mat fólks á því er afar mismunandi. Kennari á Norðurlandi benti á að fyrir kæmi að foreldrar styddu ekki við skólagöngu barna sinna, „láta þau vera alveg sjálfala ef svo má segja,“ sem hljómar eins og vanræksla – en varla ofbeldi í venjulegum skilningi. Enginn vafi virðist þó leika á því að þau börn eru til sem beitt eru ofbeldi heima og heiman. Yfirmaður barnaverndar í sjö sveitarfélögum á landsbyggðinni sagðist verða var við bæði ofbeldi og vanrækslu og fá tilkynningar og ábendingar um slíkt – „en ég get ekki sagt að það tilheyrir ákveðnum hópum,“ sagði í svarinu.

„Nei,“ svaraði einn – en bætti við: „Samt bæði já og nei...ef einstaklingur er í mjög krappri stöðu fjárhagslega þá hefur það áhrif á aðra þætti í lífinu þar með hæfni, áherslur og getu í uppeldishluverki.“

En hvað veldur því að börn og unglingar sæta vanrækslu og jafnvel ofbeldi á heimilum jafnt sem utan heimila? Flestir virðast telja að félagslegur bakgrunnur skipti verulegu máli: „Þeir sem standa illa félagslega eru gjarnari að vera fyrir í óheppilegum félagsskap, þekkja jafnvel ekkert annað frá sínu uppeldi,“ svaraði einn, „og þekkja jafnvel engin önnur hegðunarmódel þegar verður einhver krísa í barnauppeldi, til dæmis. Ef þú varst laminn til hlýðni þá er líklegra að þú lemjir sjálfur.“

Starfsmaður félagsþjónustu á landsbyggðinni sagði: „Konur verða fyrir líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi af hálfu karla. Karlar verða fyrir andlegu/tilfinningalegu (emotional bullying) af hálfu kvenna. Unglingar/börn verða í sívaxandi mæli fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu jafnaldra

sinna/annarra unglunga/barna vegna skorts á fræðslu um siðferði og mörk í kynlífi - sækja hugmyndir í klám sem gjarnan er ofbeldisfullt og á ekkert skylt við að njóta kynlífs.“

Vanræksla og skerðing

Allmargir töldu að vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart börnum mætti helst finna á heimilum þar sem væri áfengis- eða önnur fíkniefnaneysla, og svo á heimilum þar sem glímt væri við alvarlega geðsjúkdóma, slík börn væru í augljósum áhættuhópi og þyrftu mikinn stuðning. „Mér finnst áberandi hversu lítið er haldið utan um börn skertra foreldra. Það er vanræksla að mínu mati,“ sagði einn svarenda. „Skerðing foreldra getur verið margvísleg, t.d. heyrnarleysi, vitsmunaskerðing o.fl. en niðurstaðan oftast sú sama, að barnið verður óhjákvæmilega fyrir vanrækslu vegna hennar og félagsþjónustan eða barnavernd virðist ekkert skipta sér af fyrr en barnið er komið í hættu.“ Í litlum samfélögum bætist við að erfitt getur verið að fá fólk til að tjá sig um erfiðleika sína, ekki síst börn og unglunga, þótt kennarar og fleiri telji sig sjá að pottur sé brotinn.

Prestur á landsbyggðinni kvað sig og sitt fólk verða vart við heimilisofbeldi og eins væru „margir“ sem tjáðu sig um misnotkun í æsku. „Það má líka segja að það sé vanræksla á börnum þegar forgangsröðun er þeim ekki í hag,“ sagði einnig í svarinu. Annar svaraði: „Konur verða stundum fyrir ofbeldi í samböndum. Börn og unglingar verða stundum fyrir kynferðislegu ofbeldi. Slíkar upplýsingar koma fram í samtölum fólks við prestinn sinn. Ofbeldismennirnir sjálfir koma í viðtal ef þeir eru kærðir og dæmdir og ef þeir upplifa höfnun samfélagsins.“

Fleiri og „þyngri“ barnaverndarmál

Einn svarenda kvaðst miða jákvætt svar við spurningunni við aukna „þyngd“ barnaverndarmála: „Fjölskyldur sem eru tæpar í eðlilegu árferði, þola oft illa að bátnum

sé ruggað, sem óhjákvæmilega gerist í kreppuástand. Þær missa frekar tókin og börnin fara ekki varhluta af því. Við sjáum ljótari skilnaðarmál nú en áður, þar sem börnin lenda gjarnan í miðri hringiðunni. Með aukinni áherslu okkar á að vinna gegn heimilisofbeldi í samstarfi við lögregluna, hefur slíkum málum fjölgað verulega hjá okkur. En um leið erum við að ná til sumra þolenda og hjálpa þeim út úr aðstæðum.“ Í svari af Suðurlandi var þess getið að það væri fyrst og fremst í barnaverndarstarfinu sem yrði vart við vanrækslu og ofbeldi – „fyrst og fremst ef við horfum til barna og þá oftast fullorðinna kvenna sem sæta eða hafa sætt heimilisofbeldi eða ofbeldi af öðrum toga.“

Frásögnin af aukinni „þyngd“ barnaverndarmála virðist ekki einkenna einn landshluta fremur en annan, þótt þéttbýlið skeri sig skiljanlega nokkuð úr með stærri hópa fólks í félagslegum vanda. Í viðtölum við starfsmenn félagsþjónustu og aðra víðsvegar um landið kom glögglega fram að álag á barnaverndarkerfið væri mikið og að það gæti „eftir atvikum leitt til vanrækslu eða jafnvel ofbeldis,“ eins og einn svarandi orðaði það. Annar með mikla reynslu að baki sagði sennilega óhjákvæmilegt að alltaf væru til börn sem yrðu fyrir ofbeldi og vanrækslu. „Þess vegna höfum við barnaverndarstarf sem er lögbundið. Það verður að varast að tala um hópa í þessu sambandi en hins vegar er oft auðveldara fyrir yfirvöld að koma auga á vanrækslu þeirra sem standa sjálfir höllum fæti í þjóðfélaginu.“ Enn annar svarandi bendir á að þótt mörg börn fengju ekki „heppilegasta atlæti í uppeldinu, er það alls ekki alltaf að því marki að það mætti flokkast sem bein vanræksla - þó oft jaðri við það.“

„Enginn kemur að sjá mig...“

En það eru ekki aðeins börn sem sæta vanrækslu og/eða ofbeldi. „Ofbeldi finnst í öllum hópum – spyr ekki um stétt né stöðu,“ sagði í einu svari. Í öðru var getið um „konur sem búa við andlegt og líkamlegt ofbeldi af hendi maka eða fyrrverandi maka sem síðan hefur áhrif á börn þeirra. Þær eiga oft erfitt með að koma sér út úr sambandinu, einkum ef bakland er lítið. Ef þær eru af erlendum uppruna þá er það enn erfiðara.“ Fleiri gátu um



erfiða stöðu erlendra kvenna, einkum þeirra sem hefðu komið til landsins beinlínis til að giftast íslenskum karlmönnum, og hefðu takmarkað fjölskyldunet eða stuðning nærsamfélagsins ef hjónabandið færi út um þúfur.

Starfsmaður í öldrunarþjónustu kvaðst verða var við ofbeldi – þar sem ofbeldi hefur verið langvarandi hluti af sambandi hjóna „og birtist í því að annar aðilinn ræður yfir hinum.“ Annar benti á furðu algengt og raunalegt fyrirbæri: „Við vitum að til er einmana eldra fólk sem enginn kemur til dögum saman og fólk ræður kannski ekki við að komast út sjálf.“ Starfsmenn elli- og hjúkrunarheimila segja margir svipaðar sögur af vistfólki sem enginn heimsækir, jafnvel þótt börn og aðrir afkomendur búi í nágrenninu.

Víst má segja að vanræksla sé ein birtingarmynd ofbeldis og að fórnarlömbin séu oft þeir sem þegar eigi undir högg að sækja og eiga erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér. Starfsmaður í geðheilbrigðisþjónustunni fullyrðir að margir geðsjúkir sæti vanrækslu „bæði innan og utan stofnana og verða fyrir fordómum. Börn með geðsjúkdóma fá hvorki nægilegan skilning og/eða þjónustu í kerfinu. Biðlistar á BUGL og fleiri stofnunum eru smánarblettur á samfélaginu.“

INNFLYJTJENDUR Í VANDA:

Fordómar gagnvart útlendingum útbreiddir og almennir

7. Stendur einhver hópur/einverjar hópar innflytjenda höllum fæti í íslensku samfélagi að þínu mati?

Niðurstöður hér eru mjög í samræmi við niðurstöður úr skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands (sjá bls. 14-15) og benda til að mikill hluti landsmanna telji að innflytjendur sæti fordómum og standi þar af leiðandi höllum fæti í samfélaginu. Sérfræðingahópurinn nefndi fjölmarga hópa sem hann telur standa sérstaklega höllum fæti. Enn flokkum við svörin í klasa eftir fjölda nefninga:

Klasi 1

- Þeir sem eiga erfitt með tungumálið og aðlögun að samfélaginu
- Erlendar konur með börn sem komu hingað til að giftast íslenskum körlum
- Innflytjendur almennt
- Mæður á lágum launum

Klasi 2

- Pólverjar
- Fólk frá Asíu
- Hælisleitendur

Klasi 3


- Fátækt fólk frá löndum með lágt menntunarstig
- Svartir Afríkumenn, Arabar, múslimar
- Aldraðir innflytjendur á bótum frá heimalandinu
- Litháar
- Konur frá Eystrasaltsríkjunum

Í byrjun árs 2013 voru alls 29.130 innflytjendur, fyrsta og önnur kynslóð, búsett á Íslandi, skv. tölum Hagstofunnar, innan við þriðjungur með íslenskan ríkisborgararétt enn sem komið er. Á sama tíma voru tæplega 21 þúsund erlendir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi (að miklu

leyti sama fólkið) eða u.þ.b. 7% þjóðarinnar. Stærsti hópur innflytjenda var frá Póllandi (9.040), sá næst stærsti frá Litháen (1.605). Þá eru innflytjendur frá Þýskalandi, Danmörku, Lettlandi, Bretlandi, Filippseyjum og Tælandi á bilinu 500–1.000 frá hverju landi um sig. Þetta er feiknarlega mikil breyting á stuttum tíma (frá um 2000, sbr. skýringarmynd á næstu síðu) því Ísland hefur um lengstan aldur verið afar einsleitt land – þar sem allir tala sama tungumál, eiga sér svipaðan uppruna, geta rakið ættir sínar saman í sjötta lið og hafa búið að verulegu leyti einangraðir frá umheiminum. Miðað við reynslu annarra þjóða þarf ekki að koma á óvart að einhverjir árekstrar verði og að einhverra fordóma gæti gagnvart útlendu fólki sem hingað leitar.

Niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar, sem benda til að 44% landsmanna telji fólk af erlendum uppruna sæta fordómum, renna stoðum undir þennan skilning. Einn svarenda í könnun Rauða krossins svaraði skýrt og skorinort þegar spurt var hvort einhver hópur innflytjenda stæði höllum fæti í samfélaginu: „Já, þeir sem eru ekki frá Norður-Evrópu, Ameríku, Ástralíu, þ.e. líkir okkur. Pólverjar og fólk frá Eystrasaltslöndunum standa höllum fæti þó þessi lönd hljóti að teljast til N-Evrópu - en verst staddir þeir sem eru frá Tælandi, Filippseyjum, svartir Afríkumenn og Arabar/múslimar.“ Annar tók í sama streng: „Almennt eru fordómar gagnvart innflytjendum ríkjandi á Íslandi, og þeim mun meira eftir því sem fólk er fjarlægara í útliti.“ Úr háskólasamfélaginu kom þetta svar: „Ég tel augljóst að langt sé í land að innflytjendur standi jafnfætis innfæddum - ein birtingarmynd þess er (lágt) hlutfall nemenda af erlendu bergi brotnu í háskólanámi.“

Samkvæmt skýrslu Velferðarvaktarinnar eru það helst einstæðar mæður af erlendum uppruna sem standa höllum fæti, „enda hafa þær oftast lítið félagslegt stuðningsnet hér á landi,“ svaraði einn þátttakandi í könnun Rauða krossins, og bætti



Heimild: Hagstofan

Innflytjendur á Íslandi 2000-2013. Fjöldinn þrefaldaðist á innan við áratug. Var samfélagið búið undir þær samfélagsbreytingar?

við: „Einnig er vitað að margt fólk af erlendum uppruna býr við bág kjör en það á líka við um aðra hópa sem hafa verið nefndir, s.s. einstæða foreldra og öryrkja.“

Miklir fordómar

Raunar er það svo að mikill meirihluti fólks af erlendum uppruna upplifir reglulega fordóma og mismunun, ef marka má niðurstöður rannsóknar á „birtingarmyndum dulinna fordóma og mismununar í garð innflytjenda á Íslandi“ sem gerð var fyrir InterCultural Iceland 2012. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að 93% þátttakenda af erlendum uppruna hefðu „upplifað einhverja birtingarmynd dulinna fordóma“ einu sinni eða oftár á tveggja vikna tímabili. Liðlega þriðjungur Íslendinga sem tóku þátt í könnuninni höfðu sömu sögu að segja. Á þessum niðurstöðum var marktækur munur, sem gefur til kynna að hér sé ekki um tilviljun að ræða, heldur sé þessi munur á upplifunum Íslendinga og fólks af erlendum uppruna raunverulegur í samfélaginu, segir í skýrslu ICI. Í flestum tilvikum upplifðu þátttakendurnir slíka framkomu á vinnustaðnum. Höfundur rannsóknarinnar, Guðrún Pétursdóttir félagsfræðingur, bendir á að fordómafull hegðun snúist alltaf um vald, það er vald ríkjandi hóps til að mismuna.

Þetta vald birtist til dæmis í erfiðleikum sem margir innflytjendur eiga við þegar leitað er að húsnæði. Pólski ljósmyndarinn og blaðakonan

Marta Magdalena Niebieszczanska, sem hefur búið hér á landi í sex ár og heldur úti pólskum fréttavef, segist finna ápreifanlega fyrir því að leigusalar vilji síður leigja innflytjendum. „Þegar ég var að leita mér að íbúð var augljóst að Íslendingar voru ávallt fyrstir í röðinni,“ hafði Morgunblaðið eftir henni 20. janúar í ár. Gerðar séu meiri kröfur til útlendinga um að sýna fram á hvernig hagir þeirra séu, hvar þeir starfi o.s.f.v.

Ófærni í málinu

Könnun Rauða krossins og viðtöl sem tekin voru við forustufólk í félags-, mennta- og heilbrigðisþjónustu um allt land benda til að það sé tungumálið sem mestu skiptir. Þegar spurt var hvað það væri helst sem gerði innflytjendum erfitt fyrir var svarið nær undantekningalaust: ófærni í tungumálinu. Það er enda hluti af þeirri stefnu sem hefur verið rekin í málefnum innflytjenda að þeir skuli fá íslenskukennslu og fræðslu um siði og hætti í landinu, eða eins og einn svarenda orðaði það: „Íslenskukunnátta og fræðsla um land og þjóð, réttindi og skyldur, eru lykilforsendur þess að erlendir íbúar okkar lands standi jafnfætis öðrum íbúum.“ En það þarf meira til, var bent á, því mörg dæmi eru um að jafnvel innflytjendur sem hafa búið hér lengi eigi erfitt með að aðlagast samfélaginu því þótt þeir mæti kurteislegri eða hlutlausri framkomu og viðurkenningar í starfi sé varla reiknað með þeim í félagsmynstri byggðarlagsins. Í sjávarþorpi á Vestfjörðum,

þar sem hartnær helmingur íbúa var um tíma af erlendu bergi brotinn, þótti til dæmis snúið að gera ráð fyrir innflytjendum á Þorablótið.

Þetta háa hlutfall (44%) er augljós vísbending um að fordómar gagnvart útlendu fólki séu útbreiddir á Íslandi. Miklu færri, en þó talsverður hópur, telur að öryrkjar, geðfatlaðir og hinsegin fólk glími einnig við fordóma. Kannanir sem gerðar hafa verið á undanförunum misserum benda til að talsverðir fordómar séu einnig í garð þessara hópa, eins og til dæmis rannsókn á vegum Öryrkjabandalags Íslands um fatlað fólk og öryrkja sem íbúa sveitarfélaga. Samkvæmt henni reynast Íslendingar neikvæðari gagnvart atvinnuþátttöku fólks með geðsjúkdóma eða þroskahömlun heldur en þátttöku blindra, heyrnarlausra eða hreyfihamlaðra. Höfundar ÖBÍ-skýrslunnar telja niðurstöðuna benda til að „mestir fordómar í samfélaginu séu gagnvart geðsjúkum og þroskaskertum.“ Samkynheigðir segja sömu sögu: nýleg könnun Samtakanna 78 bendir til að allt að 80% þeirra hafi fundið fyrir fordómum í sinn garð.

Börnin byggja brýr

Allmargir viðmælendur höfðu orð á því að oft væru það börn innflytjenda sem þyrftu að vera brúin á milli foreldra sinna og nýja samfélagsins – krakkarnir væru í skóla og væru fljót að læra málið, en foreldrarnir sætu eftir mállausir heima og gætu ekki veitt börnum sínum þá aðstoð við heimanám sem nauðsynleg væri og foreldrarnir jafnvel fúsir til að veita. „Þessa nemendur vantar oft stuðning í skólanum og skilning á því að þau eigi jafnan rétt til kennslu og tómsunda og önnur börn,“ sagði einn viðmælandi með tilvísun til þess að móðurmálskennsla fyrir innflytjendur sé nánast óþekkt í íslenska skólakerfinu – og bætti við að sér þætti raunalegt þegar börnin væru látin túlka fyrir foreldra sína því það „skekkir svo mikið fjölskyldumyndina.“

Annar hópur innflytjenda sem gæti verið í sérlega vondri stöðu eru „erlendar konur sem eiga börn, eru með geðræn veikindi og hafa komið hingað til að giftast íslenskum körlum og einangrast og verða fyrir fordómum, líka af kerfinu sem á að hjálpa þeim,“ sagði einn svarenda. Annar

sagði: „Það eru til konur sem hafa verið keyptar, með einum eða öðrum hætti, hingað til lands. Þær hafa, skiljanlega, flúið erfiðar aðstæður heimavið, en stundum lent í fangi manns sem er ekki sérlega heppilegur, og þannig farið úr öskunni í eldinn.“ Óvíst er hversu stór hópur þetta er – en í honum eru væntanlega margar konur í láglaunastörfum, til dæmis hjá ríki og sveitarfélögum, sem glíma því einnig við fjárhagserfiðleika og félagslega einangrun. Bent var á að innflytjendur sætu á hakanum í atvinnulegu tilliti: „Íslendingar fá frekar vinnu sem losnar en Pólverjar.“ Reynsla eins var sú að margir einstæðir erlendir foreldrar yrðu fyrir aðkasti á vinnumarkaði, væru á lægstu laununum og væru fyrstir til að missa vinnuna þegar kæmi að uppsögnum; „þeir þurfa meiri aðstoð og ráðgjöf en þeir fá.“

Allmargir telja að upplýsingamiðlun til innflytjenda sé takmörkuð og að þeir séu því margir í erfiðleikum með að átta sig í samfélaginu. Engu að síður er það svo að á öllum félagsþjónustuskrifstofum sem Rauði krossinn heimsótti við samantekt á efni þessarar skýrslu var að finna upplýsingapésa og/eða veggspjöld á bæði íslensku og pólsku, og á stöku stað á tælensku. Vefsíður stærstu sveitarfélaganna eru með upplýsingar á íslensku, ensku og pólsku og sama gildir um vefsíður banka.

Í tómarúmi

Nokkrir bentu á hörmulega stöðu hælisleitenda sem eðli málsins samkvæmt eru í tómarúmi fyrst eftir komuna til landsins – og jafnvel árum saman, eins og fréttir fjölmiðla á undanförunum misserum benda til. „Hælisleitendur eiga erfitt uppdráttar þar sem vinnsla þeirra mála tekur oft langan tíma,“ benti einn svarenda á. Annar kvaðst telja að hælisleitendur, sem síðar fengju stöðu flóttamanna, stæðu „allra verst“. Hælisleitendur eru ekki aðeins í því lagalega og tilfinningalega tómarúmi sem nefnt var hér að framan, þeir eru nánast réttindalausir og fá aðeins lágmarksstyrk til framfærslu. Margir geta væntanlega tekið undir með þeim sem svaraði: „Ég tel að nauðsynlegt sé að skoða hvernig við erum að taka á móti innflytjendum, hvaða stuðning og eftirfylgd er verið að veita.“

BIRTINGARMYNDIR ATVINNULEYSIS:

Örvænting, þunglyndi, brotin sjálfsmynd, almennt úrræðaleysi

8. Hvernig birtast þér afleiðingar atvinnuleysis í þínu starfi?

Afleiðingar atvinnuleysis, ekki síst langvarandi, eru margvíslegar og engar góðar. Þátttakendur í könnun Rauða krossins höfðu m.a. þetta að segja um hvernig afleiðingar atvinnuleysis birtast þeim í starfi:

- Áhætta á geðrænum vanda, fátækt, lélegt sjálfsmat. Neysla. Bilið milli ríkra og fátækra breikkar.
- Lítil tækifæri til atvinnuþátttöku valda því að fólk nær hvorki að njóta hæfileika sinna, rjúfa félagslega einangrun né afla sér aukatekna. Sjálfsmyndin brotnar, fólk færist út á jaðar samfélagsins og finnur fyrir alvarlegum andlegum erfiðleikum.
- Það er mikil munur á því hvort það er í stuttan tíma eða langan. Hingað koma einstaklingar sem hafa nýlega misst vinnu og stoppa ekki lengi hjá okkur. Svo er hópur sem hefur verið atvinnulaus lengi og jafnvel misst bætur. Þessi hópur býr við fátækt, minnkandi starfsgetu, félagslega einangrun og lækkandi sjálfsmat.
- Átakið "Nám er vinnandi vegur" (á vegum Vinnuálagstofnunar) hafði þau áhrif að fleiri atvinnulausir hófu nám. Þegar verkefninu lauk hættu þessir nemendur vegna fjáskorts. Þess vegna þarf að styrkja þetta fólk ef það vill læra.
- Margir drengir eru úti í nærsamfélaginu sem flosna upp úr skóla vegna námserfiðleika, greininga sem ekki var stuðningur við og vegna þess að baklandið er veikt. Ungu stúlkurnar einnig en þær koma sem einstæðar mæður og eru í miklum vanda og hætta í skólanum. Sumar koma alls ekki í skólann en aðrar flosna upp - þó er það svo að 98% nemenda af svæðinu byrja í námi.
- Afleiðingar atvinnuleysis birtast í örvæntingu fátækra nemenda – börnum fátækra foreldra sem hafa ekki efni á að styðja þau.
- Ekki ósvipað og þegar um önnur áföll er að ræða. Reiði, depurð, þunglyndi, vonleysi og auk þess kemur oft í kjölfarið upplifun niðurlægingar og skert sjálfsvirðing. Stéttamunur. Skilningsleysi og fordómar gagnvart þeim sem hafa misst vinnu (allir settir undir sama hatt).
- Þetta birtist í almennu úrræðaleysi fólks.
- Langvarandi atvinnuleysi virðist ansi oft enda með endurhæfingu í ákveðinn tíma og svo örorkumati einstaklingsins.
- Depurð, þirringi í samskiptum inni á heimilum, sumir segja að makinn sé fráhverfari eða farinn að sulta í áfengi, aðrir hafa farið í nauðungaruppboð eða til Umboðsmanns skuldara. Það eru sífelldar áhyggjur og jafnvel

VÍTAHRINGUR SKAMMAR, SEKTARKENNDAR, KVÍÐA...

Í nýrri skýrslu sem gerð var fyrir Hafnarfjarðarbæ um virkni og endurskipulagningu félagsþjónustu er m.a. vitnað í þess hvernig Erla B. Sigurðardóttir dregur afleiðingar atvinnuleysis saman:

- „Einstaklingar sem hafa verið atvinnulausir og/eða án virkni um langt skeið eiga oft við fjölbætt félagsleg-, heilsufarsleg- og annars konar vandamál að etja og þurfa því þverfaglega þjónustu við endurhæfingu og virkni. Rannsóknir hafa sýnt að þegar fólk hefur verið óvinnufært lengur en tvo mánuði dregur fljótt úr sjálfsöryggi, sjálfsbjargarviðleitni og fótfestu á vinnumarkaði sem getur orðið að vítahring. Því er afar brýnt að geta gripid fljótt inn í þennan vítahring til að fyrirbyggja að viðkomandi verði öryrki fyrir lífstíð. Félagsleg og sálræn vandamál samfara atvinnuleysi eru vel þekkt og að vandi fólks eykst því lengur sem það er án atvinnu. Þessari stöðu fylgir oft líðan sem einkennist af skömm, sektarkennd, kvíða og þunglyndi. Félagsleg tengsl minnka og hefur neikvæð áhrif á fjölskyldulíf.“



verið að saka annan aðilann um leti og ómennsku, einkum ef hann gerir ekkert heima á meðan hinn vinnur.

- Það er ekki sérlega mikið atvinnuleysi á mínu svæði eins og er, staðan hefur batnað. Við verðum samt að horfast í augu við að sumir eru ekki heppilegir starfskraftar, af einhverjum orsökum. Þeir ættu sennilega frekar að vera í endurhæfingu eða fá vinnu með stuðningi af einhverju tagi frekar en að neyðast til að berjast í samkeppni á vinnumarkaði sem þeir ráða ekki við.
- Þetta birtist okkur fyrst og fremst í aukinni eftirspurn eftir fjárhagsaðstoð, lágmarksframfærslu.
- Það er frekar að atvinnuleysi birtist sem afleiðing annarra þátta, svo sem ofbeldis og afleiðinga þess.
- Birtist mér í kvíða, vanmætti og fátækt.
- Afleiðingarnar eru ekki einungis fjárhagslegar, heldur birtist í formi þunglyndis, doða og lífsleiða. Langtímaatvinnulausir er hópur sem sannarlega þarf að virkja og koma á vinnumarkaðinn eða í nám.
- Með afar bágrri félagslegri og fjárhagslegri stöðu. Mikilli vanlíðan.
- Atvinnuleysi hefur mjög alvarlegar afleiðingar fyrir ungt fólk sem er í aðgerðarleysi heima hjá foreldrum sínum.
- Depurð, uppgjöf og andlegri og líkamlegri vesöld og óvirkni.
- Fleiri sækja um fjárhagsaðstoð og meira er um það að fólk sækir um ýmsa aðstoð vegna barna. Andleg líðan fólks er verri, kvíði hjá börnum.
- Birtist mér sem þunglyndi, sinnuleysi og vantrú á sjálfan sig.
- Við sjáum fleiri umsóknir um fjárhagsaðstoð frá fólki sem ekki á eða hefur fullnýtt sinn bótarétt hjá Vinnumálastofnun. Því lengri tími sem líður frá því að einstaklingar detta út af vinnumarkaði, þeim mun erfiðara er oft að komast aftur á vinnumarkað eða í önnur virkniúrræði.
- Afleiðingar langtímaatvinnuleysis eru kunnar: skert geta til að takast á við ýmsa þætti daglegs lífs, aukning á kvíða, þunglyndi, lágt sjálfsmat, lækkandi tekjur og þar af leiðandi ýmsar skerðingar á lífskjörum viðkomandi.
- Sumir hafa nýtt vel þau virkniúrræði sem eru boði, t.d. nám o.fl., en það gengur ekki jafn vel hjá öllum – sumir eiga erfitt með að fóta sig. Margir sem glíma við langtímaatvinnuleysi eiga í erfiðleikum varðandi depurð sem endar stundum þannig að viðkomandi einstaklingar enda á örorku.
- Fólk sem búið er með rétt til atvinnuleysisbóta fer á framfærslu hjá sveitarfélögum með umsókn um fjárhagsaðstoð.
- Fólk missir tókin efnalega, missir húsnæði og fleira. Þessu fylgir gífurlegt álag - mikill áhættuþáttur að fólk missi heilsuna til lengri tíma.

HVAÐ ANNAÐ VELDUR?

Pegar síðasta öryggisnetið brestur

9. Telur þú vera aðra þætti, sem ekki hafa verið nefndir hér að ofan, sem valda því að fólk stendur höllum fæti í samfélaginu?

Síðasta efnislega spurningin sem lögð var fyrir þátttakendur í könnun Rauða krossins var um hvort fleira en það sem áður hafði verið nefnt gæti valdið því að fólk stæði höllum fæti í samfélaginu. Hér eru nokkur svaranna sem bárust:

- Samfélagið má vel við meira réttlæti og heiðarleika.
- Einstaklingar sem skortir bakland og stuðning standa verr í samfélögum og því er mikilvægt að huga að tengslaneti barna frá upphafi.
- Gríðarleg efnis- og neysluhyggja, of langur vinnutími, of seint gripið inn í ferli sem geta verið skaðleg heilsu fólks, andlega sem líkamlega. Léleg heilsugæsla með lítilli áherslu á að styrkja fólk andlega. Sveitarfélög ekki tilbúin að styðja við bakið á fólki með andleg veikindi.
- Fordómar gagnvart geðsjúkum, útlendingum og fleirum valda því að sumt fólk fær ekki sömu tækifæri og aðrir.
- Það er svo fjölmargt, lítil menntun, fátæklegt lífverni og fábreytt afþreying eru þættir sem stuðla að því að fólk stendur að ýmsu leyti höllum fæti.
- Skortur á menntun og skortur á fjármálafræðslu.
- Að sjálfsögðu sjálfstortímingin sem felst í áfengisneyslu og fíkn sem leiðir af sér eyðimerkurgöngu.
- Fötlan. Margir þeir sem eru með slaka greind standa höllum fæti í samfélaginu.
- Vil nefna peningastefnuna í landinu – ofgnótt lána og gylliboða sem þeir er bjóða þurfa ekki að taka neina ábyrgð á. Það má nefna tækniþróun sem kostar meira en afkoma fólks þolir og sú menning okkar að allir þurfi og eigi að eiga allt. Íslendingar eru ekki læsir á fjármál, hefur aldrei verið kennt það. Það þarf að hefja fjármálalæsi strax í leikskólum.
- Ég tel að við þurfum að tryggja að skólakerfið mæti hverju barni og þar sé fyrir hendi þjónusta við börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Í skólum þurfa að vera starfandi teymi fagmanna, t.d. skólafélagsráðgjafar, skólahjúkrunarfræðingar og skólasálfræðingar, þannig að kennarar geti einbeitt sér að því að styðja öll börn til þroska. Það er óviðunandi staða að þriðjungur drengja í efri bekkjum grunnskóla geti ekki lesið sér til gagns, það er ávísun á slæma félagslega stöðu síðar. Þá er mikilvægt að hlusta á áköll foreldra barna sem þurfa sértæka þjónustu eftir samræmdri þjónustu og samhæfingu.
- Aukin neysla fíkniefna hefur svo sannarlega haft áhrif og veldur ansi mörgum vandamálum.
- Það þarf að gera áttak í að bæta hag ungs fólks með námserfiðleika og koma upp fleiri námsbrautum þar sem ekki er bara horft á lesfög.
- Vil ég þar sérstaklega nefna umræðuna um að taka bætur af fólki sem ekki „makkar“ rétt og er svipt bótum og/eða stuðningi – jafnvel þar sem um er að ræða síðasta öryggisnetið, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Þegar fólk er mætt á þennan hátt verður fátt til varna.
- Held að fólk með geðræn vandamál og heilsubrest standi höllum fæti. Fatlaðir og aldraðir fá gjarnan ekki þjónustu við hæfi. Fólk sem hefur lengi verið atvinnulaust.
- Börn foreldra sem ekki hafa getað sinnt uppeldishlutverki sínu eru í stórkostlegum vanda.
- Ég vil nefna mikla mismunun í tekjum. Lægstu laun í landinu hafa lengi verið þannig að það þarf meiriháttar snillinga til að komast af á þeim til lengri tíma, hvað þá ævilangt. Það gleymist allt of oft að lægstu laun geta verið talsvert lægri en örorka.
- Þöggun og ólæsi á tilfinningalega líðan samhliða „græðgisvæðingu“ í samfélaginu.
- Of margir fá lítinn stuðning í nærsamfélaginu og glíma við sinn félagslega arf.
- Húsnæðisstaða fólks skiptir miklu máli, margir þar eru í afar bágri stöðu.



PÚSUNDIR UNGRA KARLA Í ALVARLEGRI TILVISTARKREPPU

Varanleg fátæktargildra að verða til

– gera sér ekki grein fyrir þeim afleiðingum sem langtíma vanvirkni hefur á líf þeirra

Sá hópur sem nú veldur mestum áhyggjum í félagsþjónustunni um landið er ungt fólk, einkum karlar, sem virðast hafa misst fótanna í lífsbaráttunni áður en hún hefst. Fjölmennasti hópurinn sem nýtur framfærslustyrks í stærstu sveitarfélögum landsins er ungt fólk. Af þeim 7.736 sem fengu fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna árið 2012 voru flestir á aldrinum 25-39 ára, eða rúmlega 3.300. Víða eru það yngstu hóparnir, fólk á aldrinum 18-24 ára, sem fá mestan stuðning. Þessi hópur er jafnframt sá sem glímur við mesta atvinnuleysið, skv. tölum Hagstofunnar, eða 7,7% á meðan meðaltals atvinnuleysi á landinu er 4,5%. „Leita þarf aftur til ársins 2007 til að finna lægra hlutfall þessa hóps á fjórða ársfjórðungi,“ segir í skýringum Hagstofunnar með atvinnuleysisstöfum í upphafi árs.

Kunna ekki að fóta sig

„Þessir piltar eru enn í foreldrahúsum og við förum að sjá þá þegar þeir eru orðnir 18 ára,“ sagði félagsmálastjóri á landsbyggðinni. „Það þarf mikið að vinna með þessum strákum, þeir kunna mjög lítið í félagslegum samskiptum, gekk illa í skóla, fundu sig ekki þar, en voru vandræðalausir og dattu svo einhvern veginn upp fyrir eftir tíunda bekk. Þá sátu þeir bara í

sínu herbergi og lágu yfir tölvum daga og nætur. Þessir strákar eiga margir mjög erfitt – þeir vilja gjarnan sjá einhverjar breytingar á lífi sínu en kunna ekki að fóta sig. Margir gætu unnið eitthvað – en þeir þurfa að læra mjög mikið í fyrsta sinn og þurfa mjög mikla handleiðslu. Það kostar mikla vinnu, jafnvel 2-3 ár, að koma þeim í virkni, efla sjálfstraust þeirra og hjálpa til við endurhæfinguna.“

Þessi frásögn er nánast samhljóða öðrum frásögnum héðan og þaðan af landinu. Í öllum stærstu sveitarfélögum landsins er þessi sama staða uppi. Erfitt er að segja til um hversu stór þessi hópur er – en ekki er óvarlegt að áætla að um gæti verið að ræða 2000-3000 manns. Í fréttatilkynningu frá félagsþjónustunni í Hafnarfirði í mars á þessu ári er tekið á þessu máli umbúðalaust:

„Uppeldisáhrif þess að hundruð eða þúsundir ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu (og Suðurnesjum) séu hvorki í skóla né vinnu, heldur hafi langtímafrámærslu af því að vera aðgerðarlaus heima á bótum eru skelfileg og loka þessa einstaklinga til lengri tíma í fátæktargildru.“ Hafnfirðingar stefna að því að ungmennum á beinum fjárhagsstyrk fækki um 50% á árinu en öðrum notendum um 30%.

Viðkvæmasti aldurshópurinn

Í Farsældarskýrslunni frá 2012 er bent á að reynsla annarra norrænna ríkja sé sú að afleiðingar langtíma atvinnuleysis séu alvarlegastar hjá þeim sem hafa minnsta menntun. „Sérstaklega er aldurshópurinn 16-24 ára viðkvæmur þar sem meirihluti þess hóps hefur einungis lokið grunnskóla...Þegar einstaklingur hefur verið atvinnulaus eða óvirkur í samfélaginu í lengri tíma eykst hættan á að viðkomandi endi á örorku vegna versnandi líðanar og sífelld minni virkni. Svo virðist sem hluti unga fólksins geri sér ekki grein fyrir þeim afleiðingum sem langtíma vanvirkni hefur á líf þeirra.“

Í Reykjavík eru félagsmálayfirvöld með sömu áhyggjur og þar er verið að „leggja meira upp úr rannsóknnum og könnunum á þessum hópi. Hann er verr staddur en við gerðum ráð fyrir, félagslega og andlega,“ eins og starfsmaður Fjölskyldudeildar orðaði það. Annar bætti við: „Fjárhagsaðstoð borgarinnar fer mest til ungs fólks, 18-24 ára, sem er með læknisvottorð upp á að það geti ekki unnið eða sinnt námi. Þessi hópur verður greindur betur á næstunni. Ég held að við sjáum aðeins toppinn af ísjakanum í þessu dæmi – og að meira af jakanum eigi eftir að koma í ljós síðar.“

Starfsmaður í geðheilbrigðisþjónustunni segir um þessa ungu karla að innan við helmingur þeirra hafi lokið framhaldsskólanámi. „Um 1980 fór 80% af þessum strákum í iðnnám en svo hætti það að þykja fínt og þá fækkaði í iðnnáminu. Margir þeirra unnu með náminu og voru því lengur að því, en það þýddi að 21 árs gamlir höfðu þeir einhverja menntun,“ sagði starfsmaðurinn.

Getur ekki verið gott heimilislíf...

Niðurstaða viðmælenda í félags- og heilbrigðisþjónustu virðist vera sú að fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, sem allar götur hefur verið hugsuð sem tímabundið úrræði, sé ekki lengur skammtímalausn. Það eru því um það bil að hefjast eða í undirbúningi víða um land umfangsmikil virkniúrræði sem eiga að ná til þessa hóps. „Stærsti hluti þessa hóps er fólk sem getur unnið – en það er okkar hlutverk að hjálpa því að koma sér á fæturnar,“ sagði

félagsmálastjóri á höfuðborgarsvæðinu. „En það verður ekki auðvelt. Þessum lífsmáta fylgir vitaskuld mikið sinnuleysi og allir sjá að það getur ekki verið gott heimilislíf þar sem uppkomið fólk býr enn hjá foreldrum sínum og hefur ekkert fyrir stafni og ekkert að stefna að.“

Virkniúrræðin munu fela í sér skilyrðingu fyrir fjárhagsaðstoð sem til þessa hefur verið ekki verið. Starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga bendir á að til þessa hafi litlar kröfur verið gerðar á hendur þeim sem njóta aðstoðar en þeim tíma sé að ljúka, gera verði kröfu um einhverskonar virkni.

Ákveðinn hópur hljóti þó, eðli málsins samkvæmt, að vera áfram ófær um hverskonar virkni. Ástæður fyrir þessu eru nokkrar, til dæmis sú að siðferðilega sé vafasamt að leggja skattfé til handa þeim sem ekki sýni minnsta áhuga á að taka sig á, og svo hitt að sveitarfélögin sjá fram á að með áframhaldandi fjölgun fólks á opinberri framfærslu muni kostnaðurinn verða þeim ofviða. Í Áfram-skýrslu Hafnarfjarðarbæjar er þetta sagt einn megintilgangur þess virkniverkefnis sem þar er að fara í gang: „Að koma í veg fyrir fyrirséða aukningu á útgjöldum Hafnarfjarðar til fjárhagsaðstoðar á árinu 2014.“

Breytt gildi kreppunnar

Erfitt er að koma auga á hvar rótin að þessum vanda liggur. „Kreppan breytti gildunum í samfélaginu,“ sagði forstöðmaður heimþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. „Nú er í lagi að vera á bótum, í lagi að vera atvinnulaus, því það eru svo margir í þeirri stöðu. Auðvitað er alltaf til einhver hópur fólks sem ekki fúnkerar í samfélaginu en sá hópur hefur stækkað eftir Hrun.“

Starfsmenn félagsþjónustu á Austfjörðum gátu sér þess til að kannski væri samfélagið orðið „svo miklu kröfuharðara og ópolimmóðara en áður. Krafan er sú að þú eigir að kunna allt og geta verið fullvirkur starfsmaður frá fyrsta degi. Þetta skapar auðvitað vanda því einhvers staðar þurfa allir að byrja. Margt af þessu unga fólki vantar fyrirmyndir. Fyrr var það svo að maður hékk í foreldrum sínum þegar þau voru við vinnu og lærði þannig handtökin. Nú eru flestir vinnustaðir lokaðir og enginn kemst að. Börnin eru á



Matvæladreifing á Suðurnesjum – eina björg of margra.

leikskólum eða í skóla og foreldrnir að vinna, þannig að margir þurfa að ala sig upp sjálfir.“

Á Norðurlandi lýsti annar viðmælandi þessum hópi svo: „Þetta unga fólk, 20-30 manns á okkar svæði, hefur ekkert bakland, hefur ekki fengið uppeldi, fær ekki hvatningu að heiman, hefur litla menntun, lítið tengslanet, er ekki að vinna – og það eru dæmi um fólk sem er heimilislaut. Foreldrnir eru ófærir um að styðja við þetta unga fólk af ýmsum ástæðum, stundum vegna eigin lasleika eða fíknisjúkdóma. Þau búa ekki við aga og vantar allt utanumhald.“

22 þör af gallabuxum

Aðhaldsleysið kemur snemma í ljós, sagði annar viðmælandi á Norðurlandi. „Við sjáum þetta strax í leikskólunum og grunnskóla. Oft ræðst framtíð þeirra af því hvort þau eru heppin með kennara, ef þau eru heppin með umsjónarkennara dugar það oft langt. Það færir í aukana hér – og víðar um landið - að börn komi á leikskólann í náttfötum og með bleyju. Foreldrnir segjast ekkert ráða við þau, láta þrjúskuna eftir þeim og fela leikskólanum að taka við. Það eru því margir foreldrar sem þurfa meiri stuðning.“

Starfsmaður í geðheilbrigðisþjónustunni benti á að börn flyttu í raun „að heiman“ sjö eða átta ára gömul. „Þá eru þau komin inn í herbergin sín með tölvuna og símann og spjaldtölvuna og foreldarnir vita ekkert hvað þau eru að gera. Þessir krakkar veslast upp löngu fyrir tíunda

bekk. Foreldrnir eru svo uppteknir af sínum starfsframa að krakkarnir verða útundan. Það er enda mjög mikil aukning á félagsfælni hjá ungu fólki – í Bandaríkjunum tala menn um allt að 300% aukningu,“ sagði starfsmaðurinn. „Ég man eftir dæmi um dreng sem átti sér þann draum æðstan að pabbi hans kæmi með honum á fótboltaæfingu – í stað þess að gefa sér alltaf gallabuxur þegar hann kæmi frá útlöndum, hann ætti þegar 22 þör af gallabuxum.“

„Þessir krakkar hafa alla burði en ekkert virðist gerast,“ sagði félagsvísindamaður á Norðurlandi. „Þetta er kynslóð sem hafði allan aðgang að lífsins gæðum, fædd um og uppúr 1990, þurfti aldrei að hafa fyrir neinu – en fékk ekkert aðhald. Á sama tíma og reykingar og áfengisneysla dragast saman meðal unglinga er mikil aukning í tölvunotkun og hún veldur fallinu úr skólakerfinu. Það er eins og ákveðinn hópur hverfi inn í þennan rafræna heim og komist ekki út aftur.“

Á Suðurnesjum er fjölmennasti hópurinn sem fær framfærslubætur sveitarfélagsins undir þritugu og sömu sögu er að segja úr Hafnarfirði. „Þessir krakkar hafa litla sem enga atvinnureynslu og koma frekar úr áhættuhópum, það er að segja hafa lakara bakland,“ sagði sérfræðingur í fjórðungnum. „Þetta er vitaskuld uppskrift að vanlíðan og vonleysi, þeim finnst þau vera í einskismannslandi, fá ekki svör sem þau skilja eða gagnast þeim.“ Og annar bætti við: „Þetta er kannski foreldravandamál – það getur verið mjög erfitt að komast út úr vondum málum.“

Skortur á foreldrahæfni

Flestir foreldrar þekkja á eigin skinni þá tilfinningu að hafa fengið ónógan undirbúning fyrir foreldrahlutverkið – það lærir eingöngu af reynslu. En þó eru alltaf einhverjir sem eru ófærir um að læra af þeirri reynslu og skortir það sem kallað hefur verið „foreldrahæfni.“ UNICEF, barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, hefur bent á að rannsóknir hafi lagt grunn að þróun markvissra aðferða til að þróa og virkja hæfni foreldra við uppeldi. Þegar hafa ýmis slík verkefni verið rekin á Íslandi, svo sem í Reykjanesbæ og Hafnarfirði. „Í ljósi þess sem fram hefur komið, að á tímum efnahagsþrenginga eru það fyrst og

BREYTT VALDAJAFNVÆGI SKEKKIR SJÁLFSMYND KARLA

Tilvistarvandi ungra karla er ekki bundinn við Ísland, þetta fyrirbæri er þekkt um allan heim og hefur talsvert verið rannsakað. Viðsvegar á suðurhveli jarðar eru ungir karlar að dragast aftur úr stúlkum þegar kemur að menntun og þeir eiga erfiðara með að fá vinnu. Viða í Afríku hefur einnig orðið vart við áhyggjur ungra karla sem ekki geta séð fjölskyldum sínum farborða, segir Everjioice Win, kunnur lögfræðingur og aktivisti frá Zimbabwe, ein þeirra sem stundað hefur rannsóknir á fyrirbærinu. Dvínandi líkur á því að þessir karlar geti axlað þá fjárhagslegu ábyrgð sem þeim er ætluð hefur kippt fótunum undan mörgum þeirra og skekkt sjálfsmyndina, segir hún.

Ein ástæða þessa er sú mikla breyting sem orðið hefur á valdajafnvægi kynjanna – konur hafa frekar sótt í nám en karlarnir, þær hafa síðan sótt inn á vinnumarkað og eru í vaxandi mæli eigin herrar í efnahagslegu tilliti. Það þýðir oft að karlarnir missa sitt hefðbunda hlutverk og vita ekki hvernig á að bregðast við. Sjálfsmynd karla, hvar sem er í veröldinni, segir Win, hefur að miklu leyti byggst á því að þeir séu skaffarar fjölskyldunnar – og því kunna þeir ekki annað. Þegar aðstæður breytast eins og lýst var að framan missa þeir hlutverk sitt. Rannsóknir víða um heim, bætur Win við, benda til að karlmenn séu óvissir um hlutverk sitt í fjölskyldunni og séu í vaxandi mæli í vafa um karlmennsku þessara nýju tíma.

Hættan sé sú sem margir hafi bent á, segir Win, að þegar karlar missi vald sitt og stöðu og geti ekki lengur notið þeirra forréttinda sem hafi fylgt kyni þeirra frá örófi, geti afleidd sálarkreppa þeirra brotist út í ofbeldi – sem bitnar fyrst og fremst á konum.


Félags- og tilvistarleg staða þessara ungu íslensku karla er fyrirbæri sem vert væri að félagsvísindamenn rannsökuðu. Þess má vænta að athuganir félagsþjónustunnar í Reykjavík og í Hafnarfirði, sem nefndar hafa verið, geti orðið að góðu liði við slíkar rannsóknir.

fremst vandamál í umhverfi foreldra sem orsaka vandamál barna, leggur UNICEF á Íslandi til að slík þjónusta verði eflað og jafnvel komið á fót miðstöð til að halda utan um verkefni sem miða að eflingu foreldrahæfni,” segir í Samantekt UNICEF á Íslandi um áhrif efnahagsþrenginga á börn (2009). „Slíkar hugmyndir hafa m.a. verið viðraðar af forstjóra Barnaverndarstofu. Hér má vísa til jákvæðrar reynslu Kanada og Noregs af slíkri þjálfun.“

Það er augljóslega ógnvekjandi þróun að ungt fólk sem hefur flosnað upp úr skóla og aldrei verið á vinnumarkaði skuli vera komið á framfærslu til frambúðar. „Þau koma til okkar, meirihlutinn piltar, um átján ára aldur og virðist þá ekki sjá nein tækifæri í lífinu,” sagði starfsmaður fjölskyldudeildar á landsbyggðinni. „Þau hafa það ekki verst – en valda mestum áhyggjum, þetta er framtíðin okkar. Þetta er um þriðjungur þess fólks sem hér er á fjárhagsaðstoð og hópurinn fer ört stækkandi.“ Umtalsverð fjölgun hefur verið í þessum hópi frá því fyrir Hrun. „Það sem einkennir þennan hóp er fullkomið bjargarleysi, allt er ómögulegt og ekkert er spennandi. Þessu fylgir svo depurð og þunglyndi, erfitt að koma sér í gang – og margir eru auk þess í fjárhagslegu skralli.“

Lausung hippanna?

Það þarf að komast að því hvað veldur og hvað er til ráða, sögðu margir þeirra sem talað var við um þetta mál. „Þetta er margflókið,” sagði einn. „Skólinn mætir ekki þörfum þessa hóps, ekki foreldrarnir heldur. Foreldrarnir eru börn hippanna og ein kenning er sú að þeir ætli ekki að láta sín börn búa við sama frelsi, sömu lausung, og hipparnir gerðu. Þessari tilgátu fylgir að þessum krökkum sé svo mikið stýrt, að það sé búið að taka úr þeim allt frumkvæði. Það er þetta *laissez-faire* uppeldi hippanna sem nú er að bíta okkur í bakið.“ Og margir bentu einnig á að það kostaði bæði mikinn tíma og mikla fyrirhöfn að hjálpa þessu unga fólki að fóta sig í lífinu. „Það þarf að halda mjög vel utan um þau vegna þess að þau kunna ekkert, hafa enga reynslu,” sagði einn. „Margir koma frá ónýtum heimilum þar sem þau fá lítinn stuðning – en það þarf einhvernveginn að



Mjög stór hluti þeirra sem fá fjárhagsaðstoð er ungt fólk. Yngsti aldurshópurinn, 15-24 ára er langfjölmennastur, sbr. myndina að ofan, næst fjölmennasti hópurinn er á aldrarsbilinu 25-34 ára, en fáir eru eldri en 55 ára. Samanlagt fá tveir yngstu hóparnir um 69% af fjárhagsaðstoðinni. Myndin er úr nýlegri skýrslu Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði.



Heimild: Hagstofa Íslands

Sagan úr Hafnarfirði, sbr. skýringarmyndina efst á síðunni, er að endurtaka sig um allt land, eins og sjá má af þessari skýringarmynd Hagstofunnar. Einhleypum körlum sem þurfa fjárhagsaðstoð hins opinbera fjölga hratt.

taka á þessum krökkum. Við þurfum að viðurkenna að það er aldrei hægt að bjarga öllum – en við verðum að geta minnkað þennan hóp, þetta er framtíðin okkar.“

Geðdeildir fullar af ungum körlum

Til viðbótar – og hugsanlega ein undirliggjandi orsök, er að margir í hópnum hafa verið í neyslu, helst á kannabis. „Þarna sér maður mikil geðræn vandræði, oft eftir mikla kannabisneyslu,“ sagði starfsmaður geðheilbrigðisþjónustunnar.

„Geðdeildirnar eru fullar af ungum körlum sem hafa verið í mikilli neyslu.“

En það er ekki allt unnið þótt félagsþjónustan geri sitt. „Við erum með dæmi um stráka sem hafa náð sér vel á strik eftir að hafa verið baldnir – en þeir fá ekki tækifærin hér til að pluma sig þegar þeir eru reiðubúnir að byrja að vinna. Saga þeirra fylgir þeim sem gerir það að verkum að þeir þrífast ekki á litlum stað og neyðast til að flytjast í þéttbýlið,“ sagði félagsmálastjóri í dreifbýli. „Þetta er ekki óalgengt í minni plássum – ef þú ekki stendur vel að vígi, þá ertu einfaldlega ekki vel þokkaður. Það má ekki vera mikið öðruvísi en hinir. Við verðum að viðurkenna hiklaust að þegar kemur að fjölbreytileika mannlífsins er víða skortur á umburðarlyndi og víðsýni.“

„Það má vel spyrja sig hvers vegna sé svona erfitt að vera ungur karl á Íslandi,“ sagði starfsmaður geðheilbrigðisþjónustunnar. „Þeim líður ekki vel í skólunum, þeir fremja sjálfsvíg fremur en aðrir. Meðalaldur þeirra karla sem fremja sjálfsvíg er 33 ár en 48 ár hjá konum. Hér eru framin 33-37 sjálfsvíg á ári og hefur fækkað úr um 50 – það fækkar í yngsta hópnum.“

ER FÁTÆKT BUNDIN VIÐ FJÖLSKYLDUR?

Priðja og fjórða kynslóð bótaþega

– vandinn við að rjúfa vítahring fátækta hins félagslega arfs

Með spurningunni um hvort fólk teldi fátækt bundna við fjölskyldur, kynslóð fram af kynslóð (bls. 21), var verið að grennslast fyrir um fordóma í garð þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Margir þekkja dæmi um fólk í basli og því kom ekki á óvart að fullur fjórðungur aðspurðra var frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Fátækt er bundin við fjölskyldur, kynslóð eftir kynslóð“. 41% aðspurðra voru mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni en þriðjungur aðspurðra tók ekki afstöðu til – var hvorki sammála né ósammála.

Hvar sem leitað var fanga um upplýsingar í þessa skýrslu könnuðust starfsmenn heilbrigðis-, skóla- og félagsþjónustu við það sem í kerfinu kallast „þriðja og fjórða kynslóðin“, þ.e. þriðja og fjórða kynslóð úr fjölskyldum sem sitja fastar í félagsmálakerfinu. Lengst af hefur þetta verið feimnismál í opinberri umræðu en þögnin var að nokkru leyti rofin með Farsældarskýrslunni 2012. Þar er bent á að ungmenni, 18-24 ára, og foreldrar þeirra sem búi við fátækt, þarfnist „sérstakrar aðstoðar til að rjúfa vítahring fátæktarinnar.“ Birtingarform þessa tiltekna vanda, segir í Farsældarskýrslunni, er meðal annars þetta:

„Við 18 ára aldur hætta foreldrar að fá bætur með börnum sínum og húsaleigubætur. Við útreikning á húsaleigubótum reiknast tekjur allra heimilismanna. Því hefur það gerst að ungt fólk í tekjulágum fjölskyldum flytur lögheimili sitt til þess að húsaleigubætur fjölskyldunnar lækki ekki. Með því að flytja lögheimili er hætt við að félagslegt stuðningsnet rakni og ungmenni „læra“ að virða ekki þær reglur sem gilda og reyna að fara á bak við þær. Við slíkar aðstæður er einnig hættara við að ungt fólk hverfi frá námi...“

Aðstæður ráða mestu

Fyrir liggur að maðurinn er samspil erfða og umhverfis en sjálfsagt verður hægt að deila áfram um hversu stór hvor hlutinn er. Fjórðungi bregður til fösturs, sögðu forfeður okkar; sem sé að uppeldi ræður ekki nema fjórðungi. En það getur verið afar áhrifamikill fjórðungur. Félagsvísindin eru almennt sammála um að líta megi á félagslegar aðstæður barna og félagsmótun þeirra út frá a.m.k. tveimur meginsjónarmiðum, þ.e. fjölskyldunni sem kerfi félagsmótandi samskipta og ytri skilyrðum félagsmótunar fjölskyldunnar, þ.e. þjóðfélaginu. Orsakaferli sem tengja félagslega þætti eins og fátækt, menntun og atvinnuþátttöku eru þó hvorki línulaga né í aðeins eina átt. Engu að síður er staða foreldranna í þjóðfélaginu „lykilvitneskja, sem unnt er að afla og nýta til forsagnar um flest málalok varðandi heilbrigði barna þeirra,“ eins og Hermann Óskarsson bendir á í *Heilbrigði og samfélag: heilsufélagsfræðilegt sjónarhorn* (2005) og margvíslegar rannsóknir félagsfræðinga hafa sýnt fram á að það eru fyrst og fremst aðstæður barna sem orsaka vanda þeirra, hvort heldur er fátækt, atvinnuleysi, sjúkdómar eða stutt skólaganga. Hinn félagslegi arfur er sem sé ekki líffræðilegur, hann er félagslegur.

Esping-Andersen (2004) orðar niðurstöðu rannsókna sinna svo: Slæmu fréttirnar eru þær að hinn félagslegi arfur er til og er stöðugur. Góðu fréttirnar eru þær að það eru á þessu nokkrar undantekningar.

Héðan er ekki langt yfir í það sem kallað hefur verið félagslegur auður: margháttaðar rannsóknir á því fyrirbæri benda eindregið til að félagshæfni, persónuleiki og félagsauðurinn skipti ekki minna máli en prófgráður fyrir þann sem leitar sér að vinnu eða sækist eftir starfsframa: það er að segja hver kemst áfram í lífinu.



2-3% af heildarfjöldanum?

Stjórnendur og starfsmenn félagsþjónustunnar í landinu eru í engum vafa um að fyrirbærið sé til en fáir vilja giska á stærð hópsins. Kannski 2-3 prósent af heildarfjöldanum í landinu, sögðu nokkrir. „Þetta er ekki stór hópur,“ sagði félagsvísindamaður. „Við búum sem betur fer við þjóðskipulag sem gerir okkur kleift að hafa frelsað þúsundir úr hættunni sem þeir voru í með þeirri uppbyggingu sem hér hefur verið - leikskólum, heilbrigðiskerfinu og slíku. Ég held að þessi vandi hér sé með minnsta móti af því sem þekkist á Vesturlöndum. Þetta er einhverskonar kimi – fólk virðist festast í fátæktargildrunni. Það kann að vera að lífsmáti, gildi og háttalag hafi ekki verið upp á marga fiska til að byrja með og þá á fólk kannski lítið að gefa börnunum. Félagslegt umhverfi fjölskyldunnar getur verið slíkt að hún sé nánast ónýtt og þá getur orðið til vítahringur eða spírall. Lífshættir og –bjargir berast á milli kynslóða; það vantar að rjúfa það mynstur sem verður til.“

Félagsráðgjafi í Reykjavík, sem hefur áralanga reynslu af vinnu með þeim sem bágast eiga,

ítrekar að í hópi þeirra sem snúast með spírallnum sé fólk „sem leggur allt í sölurnar til að börnin komist út úr vítahringnum, að þau komist til náms. Svo er náttúrliga hitt: þar sem takmarkið er að komast á örorkubætur.“

Þetta er þekkt fyrirbæri á öllum stærri stöðum á landinu, sagði félagsmálastjóri á höfuðborgarsvæðinu. „Fólk kemur hingað með börnin sín þegar þau verða 18 ára til að leiða þau inn í bótakerfið, þannig að þetta er að talsverðu leyti lærd hegðun. Þetta unga fólk hefur ekki kraft eða orku til að taka sig á – jafnvel þótt töluverður hluti þess sé vinnufær að hluta. En það menntar sig ekki og stundar ekki vinnu. Mér finnst því eðlilegt að velta fyrir mér hvort þetta er ný „fyrsta kynslóð“. Svipaðar áhyggjur heyrðust á Suðurlandi þar sem vaxandi fjöldi ungmenna „bankar hér uppá 18 ára og leitar eftir fjárhagsaðstoð. Sum þeirra virðast telja sjálfsgagt að fá sínar 65 þúsund krónur á mánuði, búa heima og þurfa ekki að vinna.“ Og á Norðurlandi var sögð sama saga: „Við sjáum hér þriðju og fjórðu kynslóð sem virðist ætla í öryrkjann,“ sagði starfsmaður félagsþjónustunnar þar.

Félagsleg fötlun

„Það er mjög aukin ásókn í örorkubætur,“ sagði félagsmálastjóri á landsbyggðinni. „Ég lít að hluta til á þetta sem félagslega fötlun og það hefur lengst af verið tiltölulega auðvelt að fá uppáskrift fyrir örorku. Það er auðvitað ekki hlutverk velferðarkerfisins. Um tíma voru lækarnir hér fúsari en áður að gefa út vottorð um örorku fólks en nú er þetta að breytast aftur og víða er gerð sú krafa að úrskurður um örorku sé á sem breiðustum grunni, eins og gert er með færni- og heilsufarsmat sem gert er áður en fólk fer á hjúkrunarheimili. Það á ekki að vera á færi eins manns, jafnvel þótt hann sé læknir.“

Það einkennir frásagnir af þriðju og fjórðu kynslóðinni að hún virðist vart finnast á smæstu stöðunum. „Það er farið með það eins og mannsmorð að leita opinberrar aðstoðar,“ sagði félagsmálastjóri í dreifbýli. Og annar bætti við: „Óvinnufærir flæmast í burtu af minni stöðunum, sérstaklega ef þú ert af fólki með lélegt rykti. Sagan fylgir fólki – en þegar það er komið til Reykjavíkur hverfur sagan í fjöldann.“ Sá þriðji sagði almennt viðhorf að fólk vildi ekki sækja aðstoð til síns sveitarfélags „þótt það sé til í að taka við peningum frá ríkinu, það er miklu lengra í burtu. Eldri bændur í sveitinni þar sem ég var áður gerðu engar athugasemdir ef þeim var reiknaður of ríflegur ellistyrkur eða einhverjar aðrar bætur – en þeir vildu ekki hjálp frá sínu sveitarfélagi!“

Félagsráðgjafi á höfuðborgarsvæðinu segir að þegar farið sé að skoða þann hóp sem hér um ræðir komi í ljós að „stór hluti á sér sögu í barnaverndinni. Og þegar kerfin tala ekki saman eru allir að einblína á sama punktinn, velferð barnanna, en ekki fjölskyldunnar í heild. Það veldur sambands- og samhengisleysi í þjónustunni, það er ekki horft á stóru myndina, fjölskylduna í heild.“

Lært bjargarleysi

Á stöku svæði á landinu virðast vera einangraðir staðir þar þar sem útbreidd viðhorf eru talsvert á skjön við hin almennu. Sérfræðingur á Vesturlandi nefndi könnun sem gerð hafði verið á vegum menntamálaráðuneytisins í héraðinu. „Foreldrar

voru spurðir hvort þeir teldu að börn þeirra myndu ljúka framhaldsskóla. Öll sveitarfélögin hér í kring svörðu já – nema eitt, landbúnaðarsvæði með ströndinni. Það er eitthvað þar í almennu viðhorfi sem erfitt er að átta sig á...eitthvað meiri þröngsýni, lélegri sjálfsmynd...“

„Þetta er ef til vill lært bjargarleysi sem þróast innan fjölskyldunnar,“ sagði starfsmaður félagsþjónustu á Vestfjörðum. „Þetta ræðst sjálfsagt af umtali á heimilinu og verður smám saman eðlilegur lífsmáti. Það er alltaf til fólk sem ætlar sér ekki að vinna. Við höfum því komist að þeirri niðurstöðu að fjárhagsstuðningur ætti að miðast við það sem fólk getur gert, ekki það sem það getur ekki, sem alla tíð hefur verið viðmiðunin.“

Læknir á Norðurlandi getur sér þess til að sumir hafi „einfaldlega ákveðið að vinna ekki meira og þá getur fólk hreinlega orðið veikt. Það lifir ef til vill ekki mjög heilsusamlegu lífi og fær verki.“ Læknirinn ímyndar sér að upphaf lífsmáta fjölskyldunnar gæti hafa byrjað á því að „einhver ættfaðir eða ættmóðir hafi ekki verið eftirsótt á vinnumarkaði, einhverra hluta vegna. Kannski er þetta greindarskortur að einhverju leyti, það er einhvern veginn í eðlinu að vilja ekki leggja mikið á sig. Hugsanlega er um að ræða persónleikatruflanir sem því miður mælast yfirleitt ekki fyrr en með aldrinum og þá gæti það verið of seint. Og það verður að segjast eins og er, að oft fylgir misnotkun vímuefna af einhverju tagi.“

Harðsnúinn hópur

„Það er vitaskuld ákveðinn harðsnúinn hópur í félagsþjónustunni,“ sagði starfsmaður landssamtaka í þeim geira. „Það eru ekki allir sem telja skammarlegt að geta ekki séð fyrir sér og sækjast jafnvel í það.“ Annar starfsmaður í félagsþjónustunni bætti við að „mesta hindrunin við að slíta þetta fólk út úr vítahringnum er oft fjölskyldan sjálf. Þetta er mjög viðkvæmur hópur en stundum tekst að ná til þessa fólks. Það er afskaplega gaman að sjá fólk komast á fætur aftur eftir kannski 12-15 ára dróma - en til að það sé hægt þarf það að gerast á réttan hátt og á réttum tíma.“

Starfsmaður í geðheilbrigðisþjónustunni sagðist hafa miklar áhyggjur af ungum einstæðum mæðrum „án baklands eða menntunar. Þær eru margar fastar í fátæktargildru og fyrir sumar þeirra er jafnvel betra að vera á örorku, þær gætu ekki framfleytt sér á launum sem þeim bjóðast á vinnumarkaði. En þetta kallar á það sem ég kalla „millikynslóðaflutning“, það er að við sjáum þarna lærða hegðun og leið til að komast af – svokallaða þriðju eða fjórðu kynslóð.“

„Það er stækkandi hópur sem framfleytir sér á bótum af einhverju tagi og kýs að gera það,“ sagði starfsmaður verkalýðsfélags á höfuðborgarsvæðinu. „Svo eru náttúrulega „kerfisfræðingarnir“ – við sjáum talsvert af slíkum. Kannski má ímynda sér að um 10% fólks sé að reyna að hafa eitthvað út sem það á ekki rétt á og að helmingur þeirra sé siðblindur – en við hér reynum að líta á alla sem koma sem heiðarlegt fólk og reynum að hjálpa því, til þess erum við. Við trúum fólki þar til annað kemur í ljós.“

Þegar talað er um þriðju og fjórðu kynslóð bótapega hollt að hafa í huga að hver kynslóð er reiknuð vera um 30 ár. Það er því í raun verið að tala um fjölskyldur sem eiga sér áratuga langa sögu í velferðarkerfinu. En er þá ekki eitthvað bogið við kerfið sjálft, það kerfi sem lætur viðgangast að fyrir hópum fólks, jafnvel einhverjum þúsundum manna, sé svo komið að þeir telji eðlilegt að vera eingöngu þiggjendur? Eða eins og prestur á höfuðborgarsvæðinu orðaði það: „Fátækt er víðfeðmt hugtak og snýst ekki aðeins um veraldlegan auð.“

Aðferðir okkar duga ekki

Auðvitað er eitthvað bogið við kerfið, segir þaulreyndur félagsráðgjafi hjá stórum líknarsamtökum. „Aðferðir sem við höfum notað hingað til hafa ekki dugað. Hingað koma einstaklingar sem hafa verið að koma í hálfan annan áratug, eða síðan við byrjuðum að halda skrá yfir gestina. Og þá sjáum við að eftir 15-16 ár er fjölskyldan enn á sama stað, það hefur ekkert breyst í hennar lífi. Það er augljóst að aðferðirnar sem við höfum notað duga ekki, aðferðafræðin þarf að breytast. Fátækt er ekki

bara tóm budda. Stór hópur barna sem elst upp við fátækt verður fátækur fullorðinn, það er bara þannig. En viljum við það? Ef það er ætlun samfélagsins, þá er það bara þannig, en ef ekki, þá þarf að stokka spilin upp á nýtt.“

Hér og þar í félags- og velferðarkerfinu er verið að stokka spilin upp á nýtt. Að hluta til er það af efnahagslegum ástæðum – fyrirsjáanlegt er að samfélagið mun ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að standa undir þeirri auknu þörf sem nú er útlit fyrir. Og í félags- og velferðarþjónustu verða einnig framfarir og umbætur eftir því sem fólk lærir af reynslunni. Hjálparstarf kirkjunnar hefur ákveðið að læra af sinni reynslu og annarra og hóf í vor tilraun með nýja nálgun: Valdar hafa verið fjórar fjölskyldur sem lengi hafa verið skjólstæðingar samtakanna. Í félagi við fjölskyldurnar sjálfar verður vandi þeirra greindur og stuðningur veittur þar sem þarf, fólki hjálpað til að umbylta lífi sínu, taka ábyrgð á eigin lífi, skuldbinda sig til þátttöku og læra nýjan lífsmáta, eins og starfsmaður Hjálparstarfsins orðaði það.

„Við höfum valið þungar fjölskyldur, barnmargar og fátækar. Í rauninni rennum við blint í sjóinn með þetta, við vitum ekki hvernig þetta fer en vonandi getum við lært af þessu. Hugmyndin er að fólk geri upp við sig hvar það vill standa í ársbyrjun 2015. Þeir sem hafa verið lengi ósjálfbjarga, þ.e. verið hjá okkur og „Kerfinu,“ eru með óskaplega lágt sjálfsmat og litla sjálfsvirðingu. Getan er farin og það vantar trú á sjálft sig og einangrar sig þess vegna. Þennan hóp þarf að nálgast öðruvísi en við höfum gert, við erum jafnvel að tala um þriðju og fjórðu kynslóð. Þetta má hins vegar ekki verða ölmusa, sem er allt of mikið af. Við verðum að gera þetta út frá mannréttindum og virðingu fólks. Börn sem alast upp í fátækt, komast kannski í sumardvöl í eina eða tvær vikur en þau njóta ekki mikils með fjölskyldunni. En hvers vegna fer ekki fjölskyldan saman? Þessir krakkar fá miklu minni upplifun almennt en þeir sem betur standa, líf þeirra verður allt miklu fátæklegra. Það er óheyrilega mikilvægt að börn og fjölskyldan öll fái tækifæri til að upplifa saman.“

Sífelld fleiri heimili fá aðstoð

- árið 2007 fengu 3,6% íslenskra heimila fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum.
- árið 2010 hafði hlutfallið hækkað í 5,5% heimila. 2012 var hlutfallið 6,24%.

Sveitarfélögin á landinu áætla að greiðslur vegna fjárhagslegrar aðstoðar, sem veitt er af sveitarfélögunum, hafi numið samtals 4,7 milljörðum á síðasta ári. Það er hækking um rúmar 600 milljónir frá árinu á undan. Um 45% af upphæðinni eru vegna atvinnuleitenda sem hafa misst bótarétt sinn og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga lagt til að það fái hlutdeild í hinum almenna hluta tryggingagjaldsins til að standa straum af auknum útgjöldum vegna þessarar aðstoðar.


Reglur um fjárhagsaðstoð eru mismunandi eftir sveitarfélögum, t.d. er svokallaður framfærslugrunnur reiknaður út á ólíkan hátt og tekjur og fjölskyldustærð hafa mismikil áhrif. Einstaklingar sem búa við sama vanda geta því átt rétt á mismikilli aðstoð eftir því í hvaða sveitarfélagi þeir eru búsettir. Þá er afar breytilegt á milli landshluta hversu miklu fjármagni er varið í fjárhagsaðstoð á hverja 1.000 íbúa (sjá skýringarmynd að neðan).

Flestir þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2012 voru 25-39 ára. Tæpur helmingur var án atvinnu. Fjölmennustu hóparnir sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2012 voru sem fyrr einstæðir barnlausir karlar (43,0% heimila) og einstæðar konur með börn (27,1% heimila), skv. tölum á vef Hagstofunnar.

Tölur frá 2012 sýna að afar breytilegt er á milli landshluta hversu miklu fjármagni er varið í fjárhagsaðstoð á hverja 1.000 íbúa. Reykjavíkurborg varði 22 milljónum á hverja 1.000 íbúa sem er um margfalt hærri upphæð en á Austurlandi og þrefalt meira fjármagn en önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu verja til hins sama.

Mikið vantar upp á að fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sé í samræmi við raunkostnað heimilanna, skv. niðurstöðum rannsóknar á útgjöldum heimilanna 2010–2012 sem birtar voru í Hagtíðindum Hagstofu Íslands um miðjan desember 2013. Þar segir:

- *Neysluútgjöld á heimili árin 2010–2012 voru 476 þúsund krónur á mánuði og hafa aukist um 7,3% frá tímabilinu 2009–2011. Vísitala neysluverðs hækkaði um 5,2% frá 2011 til 2012 og hafa heimilisútgjöldin aukist um 2,0% að teknu tilliti til verðbreytinga. Á heimili búa að meðaltali 2,4 einstaklingar.*
- *Ráðstöfunartekjur meðalheimilisins í rannsókninni voru 533 þúsund krónur á mánuði. Ráðstöfunartekjur flestra hópa voru hærri en útgjöld þeirra en neysluútgjöldin voru að meðaltali 89% af ráðstöfunartekjum.*
- *Í úrtaki voru 3.565 heimili, 1.772 þeirra tóku þátt í rannsókninni og var svörun 49,7%.*



Skýringarmynd úr Morgunblaðinu 10. mars 2014 – byggt á upplýsingum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

VAXANDI STÉTTASKIPTING

Sitja allir við sama borð frá byrjun?

„Stéttaskipting er meiri í íslensku samfélagi nú en fyrir áratug“

59% svarenda í könnun Félagsvísindastofnunar fyrir Rauða krossinn voru mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu: „Stéttaskipting er meiri í íslensku samfélagi nú en fyrir áratug.“ Innan við 20% aðspurðra voru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni, liðlega þriðjungur var hvorki sammála né ósammála.

Hugmyndir um hið stéttlausa íslenska samfélag hafa löngum verið útbreiddar meðal landsmanna, þrátt fyrir að rannsóknir sýni að raunveruleikinn sé annar, eins og Guðmundur Ævar Oddsson, kennari við Columbia háskóla í Missouri í Bandaríkjunum, hefur komist að orði (2011). Bent hefur verið á að hér hafi hugmyndum um stéttir sem félagslegt fyrirbæri lengst af verið hafnað. Durrenberger (1996) heldur því fram að afneitun stéttahugmyndarinnar á Íslandi eigi rætur að rekja til „hugmyndafræði jafnaðar og einsleitni“ og byrgi þar með Íslendingum sýn á þá stéttaskiptingu sem til er, þótt stéttamunur hérlandis hafi löngum verið minna áberandi en víðast hvar á Vesturlöndum.

Leiðinlegra samfélag

Andri Geir Arinbjarnarson viðskiptafræðingur og samfélagsrýnir benti nýlega á það í blaðagrein að launamunur sé að verða með mesta mótí á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Lægstu laun eru hér um 214.000 krónur á mánuði en hæst launuðu forstjórar með allt að fimm milljónum á mánuði. Þetta hlutfall er 1:23⁵. Til samanburðar má nefna að nýlega var kosið um það í Sviss hvort eigi að lögleiða að munurinn á hæstu og lægstu launum skuli aldrei vera meiri en 1:12.

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur vitnaði til þessa í Fréttablaðsgrein í febrúar 2014 og telur að með þessum aukna launamun hafi verið rofinn óskrifaður samfélagsáttmáli um tiltekna

grundvallarreglur í samskiptum í landinu. „Með aukinni stéttaskiptingu fáum við samfélag sem er óréttlátara en það sem fyrir var, óskilvirkara, óskynsamlegra - og leiðinlegra á alla lund. Ekki þarf að hafa mörg orð um skaðsemi þess að alast upp við fátækt en enginn hefur gott af því heldur að fá of mikinn auð of auðveldlega - og hvað þá að alast upp við mikið ríkidæmi þar sem ekkert þarf að hafa fyrir neinu,“ segir Guðmundur Andri.

„...full rúta úr Breiðholti...“

„Búi maður lengi við skort og þann lífistandard sem fylgir skorti, hvaða áhrif hefur það þá?“ spurði félagsmálastjóri á höfuðborgarsvæðinu. „Er ástæða til að ætla að það skili okkar samfélagi einhverju öðru en það gerir á hinum Norðurlöndunum?“

Starfsmaður félagsþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu telur sig hafa komið auga á þessa auknu stéttaskiptingu: „Hún hefur breyst, hún snýst um lífsstíl og kúltúr. Það er til orðið eitthvað meira sem aðgreinir fólk en áður. Maður sér mun á svipmóti fólks eftir hverfum. Það er sjokkerandi að átta sig á þessu.“ Prestur á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig komið auga á aukna stétta- og misskiptingu: „Auðvitað er talsvert um stéttaskiptingu og fordóma. Foreldrar í Melaskóla tækju því sennilega ekki vel ef það kæmi full rúta úr Breiðholti á hverjum morgni...“

Og annar bætir við: „Það er að verða til stórborgarbragur í Reykjavík með öllum kostum og göllum sem því fylgja. Maður heyrir talað um „white trash“ í Reykjavík. Það vekur upp umhugsun um grundvallaratriði: Hafa allir jöfn tækifæri? Sitja allir við sama borð frá byrjun? Ef svarið er neikvætt, þá þarf að spyrja: hvernig ætlum við að taka á því.“

5 Sjá í þessu sambandi um Gini-stuðulinn á bls. 10.

SKÝRSLA ALÞJÓÐASAMBANDS RAUÐA KROSSINS OG
RAUÐA HÁLFMÁNANS UM EFNAHAGSKREPPUNA Í EVRÓPU:

Stöðugt fleiri sökkva í fátækt og félagslega einangrun

Ísland er langt í frá eina land Evrópu sem glímir við fjárhags- og félagslegan vanda sem magnast hefur í kjölfar fjármálakreppunnar 2008. Í skýrslu Alþjóðasambands Rauða krossins & Rauða hálfmánans (IFRC) frá 2013 er vakin athygli á fimm tilhneigingum eða vísbendingum (e. *trends*) sem könnun sambandsins á ástandinu í Evrópu leiddi í ljós.

Vísbinding 1: Hinir fátæku verða fátækari

- Samkvæmt tölum Hagstofu Evrópu-sambandsins, Eurostat, hefur fjölgað verulega því fólki sem á á hættu að sökkva í fátækt eða einangrast félagslega. Árið 2011 var fjórðungur Evrópubúa, samtals um 120 milljónir manna, í þessari stöðu og hafði þá fjölgað um sex milljónir frá 2009. Á meðan tekst að draga úr fátækt í öðrum heimsálfum fjölgar fátækum í Evrópu, segir í skýrslunni. Sérstaka athygli vekur að Spánn, Ítalía og Grikkland, sem hvað mest hafa verið í umræðunni í kjölfar fjármálakreppunnar, eru ekki meðal þeirra fimm ríkja þar sem fjölgun fátækra er mest (þ.e. í Austur-Evrópu).



Vísbinding 2: Nýfátækt - útlendingahatur

- Samantektir Rauðakrossfélaga í Evrópu benda til að mjög fjölgi í hópi „nýfátækra“, þ.e. venjulegs launafólks sem ekki geti lengur látið enda ná saman um mánaðamót og eigi í stöðugt meiri erfiðleikum með að sjá sér og sínum farborða. Að sama skapi heldur áfram að fækka í hópi fólks á „meðallaunum“ en fjölga í hópi þeirra sem eiga á hættu að lenda undir fátækramörkum.

- Höfundar skýrslunnar láta í ljós ótta um að þessi þróun geti haft afdrifaríkar afleiðingar. Sænski Rauði krossinn segir m.a. frá því í skýrslunni að vaxandi atvinnuleysi leiði ekki eingöngu til fjárhagsvandræða heldur einnig til félagslegrar einangrunar og minnkandi trausts á samfélaginu í heild og framtíðinni. Greinileg merki séu um vaxandi útlendingahatur.

Vísbinding 3: Lakara heilsufar

- Bent er á að niðurskurður í heilbrigðiskerfinu geti verið varasamur og verið dýrari þegar til lengri tíma sé litið. Aðildarfélög IFRC merkja aukna þörf fyrir sálfélagslega (psycho-social) aðstoð við fólk sem glími við þunglyndi og aðra geðkvilla. Alengt sé að fólk breyti hegðun sinni í kreppu – sumir spari við sig í heilbrigðisþjónustu, aðrir taki upp óheilbrigða lífshætti – þótt hitt sé einnig til, þ.e. að fólk snúi til heilbrigðari lífshátta.

Vísbinding 4: Fólksflutningar og hreyfanleiki

- Um alla Evrópu veita landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans innflytjendum og hælisleitendum margvíslegan stuðning, svo sem að mæla fyrir réttindum þeirra og virðingu, aðstoða við aðlögun í nýjum samfélögum eða veita þjónustu sem stofnanir samfélagsins sinna ekki. Allmörg landsfélög hafa greint frá því að almenningsálitid sé óvinveittara innflytjendum en áður var og að pottur sé víða brotinn hvað varðar fullnustu laga um réttindi innflytjenda og hælisleitenda.

Vísbinding 5: Atvinnuleysi

- Aðildarfélög IFRC fást í vaxandi mæli við stuðning við atvinnulausa. Mögulegar afleiðingar mikils atvinnuleysis valda sífellt meiri áhyggjum.



„Þögl örvænting“

Anitta Underlin, forstöðumaður svæðisskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins & Rauða hálfmánans í Evrópu, bendir á í formála skýrslunnar að það hafi jafnan verið talið eitt helsta hlutverk samfélags manna að tryggja þegnum sínum stöðugleika og öryggi. Nú sé staðan hins vegar sú að milljónir Evrópumanna skorti þessa öryggistilfinningu og lifi í óvissu um hvað framtíðin beri í skauti sér. Þetta sé afleit sálræn staða fyrir mannfólkið og því megi sjá „þögla örvæntingu“ breiðast út um álfuna og leiða til þunglyndis, uppgjafar og vonleysi um framtíðina. Þessi þögla örvænting brjótist einnig út í háværum mótmælum og ofbeldi. „Við óttumst að aukið útlendingahatur og vantrú á að samfélagið geti séð sínu fólki fyrir vinnu og öryggi geti leitt til frekari útbreiðslu öfgakenndra sjónarmiða sem leiði af sér samfélagslega ókyrrð,“ segir Underlin.

Tifandi tímasprengja

Alþjóðasambandið varaði við því þegar í október 2009, þegar orkan beindist að því að bjarga fjármálastofnunum og styrkja fjármálakerfið, að gæta þyrfti að áhrifum kreppunnar á almenning

og að rötum vandans. Á þeim tíma datt engum í hug, segir Anitta Underlin, að 4-5 árum síðar væri enn verið að ræða um efnahagskreppu, né heldur að kreppan ætti eftir að dýpka verulega, hafa grimmileg áhrif á þá sem þegar voru berskjaldaðir og hitta fyrir nýja hópa sem ekki höfðu áður orðið fyrir áfalli af völdum fjármálakreppunnar.

Hún bendir á að milljónir manna víðsvegar um Evrópu búi enn við langvarandi atvinnuleysi og að þeir sem þó hafi vinnu eigi erfitt með að framfleyta fjölskyldum sínum vegna vaxandi dýrtíðar. Atvinnuleysið er tímasprengja, segir Underlin. Í fjórðungi ríkjanna 52, sem teljast til Evrópu í skipulagi Alþjóðasambandsins, sé atvinnuleysi meðal ungmenna ógnvekjandi, frá þriðjungi og upp í 60% af vinnufæru ungu fólki. Margir úr miðstéttunum hafi hrunið niður í fátækt. Matargjafir Rauðakrossfélaga í mörgum Evrópulöndum hafi aukist um 75% frá 2009-2012. Athuganir sambandsins hafi leitt í ljós að fátækum fjölgaði, hinir fátæku yrðu enn fátækari og leiðin til baka hefði lengst.

Milljónir óvirkra þiggjenda

Langtímaáhrif kreppunnar eigi enn eftir að koma í ljós, segir í skýrslunni – jafnvel ekki



fyrir en eftir einhverja áratugi, jafnvel þótt efnahagsástandið í álfunni batni fljótt og hratt. Áhyggjur sambandsins snúa ekki síst að því hvaða afleiðingar það kunni að hafa ef milljónir manna verða óvirkir viðtakendur opinberrar aðstoðar. Til að snúa þessu við þurfum við að hugsa á nýjan hátt – og bregðast við á nýjan hátt. Við þurfum öll að líta í spegilinn og spyrja okkur hvort samfélög okkar eru fær um að takast á við stöðuna eins og hún er og með hvaða hætti við getum aðlagast breyttum aðstæðum með nýjum aðgerðum, betra samstarfi og sveigjanlegri og heildstæðari aðferðum, segir Anitta Underlin.

Minni samheldni – fleiri hættur

Mörg Rauðakrossfélög í Evrópu hafa verið fær um að auka við aðstoð sína en einstök félög hafa ekki getað það, ýmist vegna fjárskortis eða skorts á mannafla. Alþjóðasambandið bendir þó á að fjölgun þeirra sem þiggja aðstoð þurfi ekki endilega að þýða aukna þörf, fjölgunin gæti stafað af nákvæmari upplýsingum um fjöldann og aðstæður fólks eða jafnvel meiri aðgangs að fjármagni. Það veldur hins vegar áhyggjum meðal

sumra landsfélaganna að erfitt efnahagsástand virðist draga úr samheldni félagsmanna og jafnvel almennri samheldni í löndunum – nokkuð sem við þekkjum á Íslandi.

Til viðbótar þeim fjölskylduharmleikjum sem efnahagskreppan leiðir af sér er hætta á að mikið atvinnuleysi geti leitt til ókyrrðar í samfélaginu, segir í skýrslu Alþjóðasambandsins. Könnun Alþjóða vinnumálastofnunarinnar bendir til að hættan á samfélagslegri ókyrrð í aðildarríkjum Evrópusambandsins – þ.e. óeirðum og átökum á götum úti – hafi aukist um 12 af hundraði frá 2011-2012. Yves Daccord, framkvæmdastjóri Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) benti á þessa hættu á fundi í Finnlandi í júlí 2013:

„Evrópa hefur lengst af getað viðhaldið trú á framtíðina meðal ungmenna sinna, jafnvel á átakatímum,“ sagði Daccord. „Það á ekki við lengur. Með vaxandi dýrtíð og ógnvænlegu atvinnuleysi sjá ungir þéttbýlisbúar ekki lengur að þeir eigi sér framtíð og stjórnvöld missa tiltrúnað íbúanna,“ sagði hann og varaði við því að komið gæti til alvarlegrar upplausnar í Evrópu.

FORDÓMAR Í GARÐ INNFLYTJENDA:

„Við eigum að taka þeim opnum örmum“

– en raunveruleikinn er allt annar

- Við spurðum almenning hvaða hópar í samfélaginu sættu helst fordómum.
- 44% svöruðu: Fólki af erlendum uppruna.
- Viljum við þannig samfélag?

Á Íslandi er fjölmenningsamfélag. Hartnær tíundi hver landsmaður er innflytjandi - 29.130 samtala um síðustu áramót, fyrsta og önnur kynslóð, skv. tölum Hagstofunnar. Af opinberum tölum og samtölum við starfsfólk félagsþjónustunnar víðsvegar um landið verður ekki annað ráðið en að sambúð aðfluttra við heimamenn gangi að langmestu leyti átakalaust og að almennt ríki kurteisi í samskiptum milli hópanna. Niðurstöður skoðanakönnunarinnar sem Rauði krossinn lét gera eru því nokkurt áfall: hátt í helmingur landsmanna telur að fólk af erlendum uppruna sæti fordómum. Ætla verður að sú skoðun sé byggð á reynslu úr nærumhverfi þeirra sem svöruðu og þarf því að taka alvarlega.

Fjölmenningsamfélagið í orði og á borði

Ekki er til heildstæð stefna ríkisvaldsins í málefnum innflytjenda en samkvæmt nýlegum lögum um efnið (116/2012) er innflytjendaráði ætlað að vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málefnum innflytjenda og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Innanríkisráðherra hefur talað afdráttarlaust um sína framtíðarsýn í þessum efnum: „Regluverkið á að vera skýrt en við eigum að taka þeim opnum örmum sem vilja búa og starfa hér og vera hluti af samfélagi okkar og eiga rétt á því,“ sagði ráðherra á Alþingi í lok janúar á þessu ári.

Þess má vænta að innflytjendum haldi áfram að fjölga á næstu árum. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur bent á að innflytjendum fari nú fjölgandi í fyrsta sinn frá árinu 2008 og telur að ástæða fjölgunarinnar megi „að töluverðum hluta rekja til fjölskyldusameininga en um helmingur dvalarleyfa er nú veittur af þeirri ástæðu,“ segir í bréfi sambandsins um

Gráu svæðin í félagsþjónustu sveitarfélaga frá janúar 2014. Þar segir enn fremur: „Stjórnendur í félagsþjónustu hafa lagt ríka áherslu á að hugað sé að áhrifum þessarar þróunar á sveitarfélögin, þar sem börn af erlendum uppruna þurfi iðulega sérhæfðan stuðning bæði á leikskólastigi og grunnskólastigi.“

Fæst sveitarfélögin tíu með hæsta hlutfall innflytjenda hefur mótað sér stefnu í málefnum hópsins. Verkefni sveitarfélögin eru að verulegu leyti takmörkuð við lögbundin verkefni á borð við túlkajónustu í skólum. Fáir skólar bjóða upp á sérkennslu og aukalega íslenskukennslu fyrir börn innflytjenda – sem allir virðast þó á einu máli um að sé forsenda þess að fólk geti þrífist í landinu og er auk þess lögboðin. Í Eyja- og Miklaholtshreppi á sunnanverðu Snæfellsnesi, þar sem hlutfall erlendra borgara er hæst í landinu, um 30%, viðurkenna sveitastjórnarmenn að málaflöknum sé ekki sinnt sérstaklega þótt þeir vildu gjarnan gera meira. Svipaða sögu er að segja úr Sandgerði, þar sem hlutfallið er þriðja hæst með 15-20% skólanema af erlendum uppruna.

Óbyggða brúin

Þar – sem og víða annars staðar – leitast starfsmenn sveitarfélögin við að „auðvelda aðlögunina“ en aðeins í undantekningartilfellum eru sérstakir starfsmenn ráðnir til þess arna og á stöku stað eru menn svo lánsamir að einhver heimamanna talar tungumál fjölmennasta innflytjendahópsins. Dæmi eru þó um að áhugasamir heimamenn hafi beitt sér fyrir stofnun fjölmenningsfélaga, eins og í Langanesbyggð, sem ætlað er að „leggja áherslu á það sem við eigum öll sameiginlegt,



Nýir Íslendingar á Austurvelli.

sama hvaðan við komum,” hefur vísir.is eftir grunnskólakennara á Þórshöfn þar sem sérstöku þróunarverkefni á síðasta ári var ætlað að auka stuðning við nemendur og foreldra af erlendum uppruna.

Félagsmálastjóri á Suðurlandi viðurkenndi í samtali að það væri sérstakur vandi sveitarfélaganna á svæðinu, þar sem er mikill fjöldi innflytjenda, að heildstæða stefnu vantaði og því væri hver að gaufa í sínu horni án þess jafnvel að læra af því sem gert er í nágrennasveitarfélaginu. „Kannski má segja að við séum búin að byggja einhverja stólpa í brúna á milli okkar og innflytjendanna – en það vantar ennþá dekkið í þessa brú,” sagði sá. „Fjölmenningsráhrifin eru talsverð og allt er það til að bæta mannlífið,” sagði sveitastjórnarmaður á Vesturlandi. „Við stöndum okkur kannski ekki nógu vel sjálf. Fjölmenningsarsamfélagið er komið til að vera og allir þurfa að taka þátt í því.“

Það sem hefur gerst, og þarf ekki að koma á óvart, að hér og þar um landið hafa orðið til „menningarkimar“ innflytjenda, eins og viðmælandi á Vestfjörðum orðaði það. „Mér sýnist að þeir vilji halda sig sér og saman, eins og Íslendingar gera gjarnan í útlöndum. Það hefur sannað sig rækilega að tungumálið er lykillinn að því að rjúfa félagslegu einangrunina – það er til dæmis minni þátttaka pólskra barna í íþróttum og tómstundastarfi í skólum.“ Þetta fyrirbæri er þekkt um allt land. Sums staðar telja heimamenn að Pólverjar aðlagist betur, annars staðar eru það Tælendingar og á þriðja staðnum fólk frá gömlu Júgóslavíu.

Tælendingarnir hleypa okkur ekki of nærri sér, var sagt á einum stað. Pólverjarnir blanda lítt geði við aðra heimamenn, sagði annar; arabísku konurnar eru sennilega einangraðar, sagði sá þriðji og sá fjórði að þeir sem hefðu komið til landsins til að stunda íþróttir hefðu aðlagast best allra.

„Erum að útskrifa fötluð börn“

Í Austurbæjarskóla í Reykjavík er miðstöð fyrir móttöku innflytjendabarna. Allt að fjórðungur nemenda þar eru innflytjendur sem eru að koma til landsins allan ársins hring. Í Austurbæjarskóla er best staðið að tungumálakennslu fyrir nýbúa – þar fá nemendur 16-17 tíma vikulega í íslensku en í öðrum skólum er kennslan aðeins í um tvo tíma. „Það segir sig þá sjálfst að slíkir nemendur skilja lítið af því sem er verið að fjalla um í hinum 35 tímum í hverri viku,“ sögðu forráðamenn skólans í samtali um stöðu nýbúabarnanna.

Ekki er um það að ræða, hvorki í Austurbæjarskóla né öðrum íslenskum skólum, að innflytjendur fái kennslu í sínu eigin tungumáli, eins og þó er lögbundið og tiltekið í aðalnámskrá grunnskólanna. Í Austurbæjarskóla eru 12-13 „megintungumál“ töluð. Starfsmenn skólans nefndu að pólskir foreldrar hefðu staðið sig vel í að kenna börnum sínum eigið móðurmál og að sumir pólskir og kínverskir nemendur væru í netsambandi við skóla í heimalandinu.

Aðrir málhópar byggju við verri stöðu. Á Akureyri var nýbúadeild í grunnskóla á Eyrinni lögð af því „félagslega aðlögunin gerðist ekki þar,“ að sögn starfsmanns félagsþjónustunnar. Einn starfsmaður sinnir nú þessari starfsemi með því að fara á milli skóla – en augljóslega dugar það ekki til að uppfylla kröfur námskrár og laga um grunnskóla þar sem segir að nemendur með annað móðurmál en íslensku eigi rétt á kennslu í íslensku sem 2. tungumál. Betur hefur gengið með rekstur nýbúadeildar við Álfrólsskóla í Kópavogi sem rekin hefur verið frá 1999 og þjónar öllum grunnskólum bæjarins. Nýbúakennslan er tímabundin kennsla, skv. upplýsingum skólans, ýmist til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum.

Félagi í samtökum kvenna af erlendum uppruna segir að samdráttur í móðurmálakennslu í grunnskólum sé beinlínis hættulegur: „Það segir sig sjálfst að maður lærir ekki nýtt tungumál ef maður hefur ekki sitt eigið móðurmál á hreinu,“ sagði hún í samtali. „Það er kannski töluð einhver blanda af tungumálum á heimilinu þannig að börnin koma ekki tvítyngd út úr skólakerfinu, heldur hálftyngd. Á þennan hátt erum við að

útskrifa fötluð börn. Við hér gætum auðveldlega lent í sömu stöðu og Tyrkirnir í Þýskalandi. Þar er algengt að þeir hafi ekki náð fullu valdi á móðurmálinu þegar þeir eru látnir læra þýsku þannig er nú að verða til önnur og þriðja kynslóð málleysingja eða fólks sem ekki kann neitt tungumál til hlítar. Við á Íslandi þurfum að ákveða NÚNA hvort það er þessi leið sem við ætlum að fara eða hvort við ætlum að læra af mistökum Þjóðverja.“

Gjá milli barna og foreldra

Starfsmenn Austurbæjarskóla segja mun erfiðara að kenna börnum sem ekki hafi traustan grunn í móðurmálinu. „Við vitum til þess að stundum er móður og barni bannað að tala sitt tungumál á heimilinu og þar með er fótunum kippt undan krökkunum sem læra ekki sitt móðurmál og ekki heldur ensku þótt foreldrarnir telji sig vera að tala ensku,“ sögðu þau.

Sömu áhyggjuefnin varðandi skólastarf og aðlögun gera vart við sig um allt land. „Skólastarfið gengur alveg þökkalega en það er oft vandi með heimalærdóm vegna þess að foreldrarnir tala ekki málið,“ sagði einn viðmælandi. „Foreldrarnir eru ófærir um að hjálpa krökkunum sínum og það þýðir að nemendurnir þurfa þeim mun meiri stuðning – sem ekki er alltaf í boði.“

Tungumálaerfiðleikarnir hafa ekki aðeins áhrif á innflytjendurna sjálfa: „Talsverður hópur íslenskra nemenda leitar út úr hverfinu,“ sagði viðmælandi í Fella- og Hólahverfi þar sem er hæsta innflytjendahlutfall borgarinnar, 45-50%. „Foreldrarnir telja að það fari of mikil orka kennaranna í að kenna innflytjendunum og krakkarnir koma óánægðir heim. Ég veit að menntasvið borgarinnar hefur talsverðar áhyggjur af þessu. Reiði foreldranna beinist þá í skakka átt, að börnunum en ekki kerfinu.“

Félagsmálastjóri á Suðurlandi sagðist óttast að það væri „að verða til gjá á milli barna og foreldra – að foreldrarnir sitji eftir á meðan krakkarnir læra íslensku og aðlagast samfélaginu. Krakkarnir þurfa augljóslega stuðning foreldra sinna til að aðlagast í nýju samfélagi og þess vegna eru of margar fjölskyldur mállausar. Krakkarnir lenda svo



í krísu á milli menningarheima – sem gæti haft afleiðingar löngu seinna. Íslensku krakkarnir taka þeim almennt mjög vel en það er eitthvað um að útlendu börnin vilji ekki læra íslensku, sem gæti verið birtingarmynd þess að þeim líði ekki vel í sínu nýja umhverfi og geri uppreisn.“

Atvinna – atvinnuleysi

Á árinu 2013 var hlutfallslegt atvinnuleysi umtalsvert meira meðal erlendra ríkisborgara: á meðan það var um 4% meðal Íslendinga var það í kringum 10% meðal erlendra ríkisborgara, þar af var um helmingurinn Pólverjar, að því er fram kom í samtali við starfsmenn ráðgjafadeildar Vinnuástoðunar. Menntunarstig útlendinganna á atvinnuleysisskrá er almennt hærra en menntunarstig Íslendinganna – vandinn sé sá að margir þeirra hafi próf eða réttindi í einhverju sem ekki sé til hér og nýtist þeim því ekki. Í hópi atvinnulausu útlendinganna hafa starfsmenn Vinnuástoðunar mestar áhyggjur af einstæðum mæðrum og þá sérstaklega einstæðum mæðrum sem ekki tali íslensku og jafnvel enga ensku til að bjarga sér á.

Fyrir það fólk er nánast eina leiðin að búa í þéttbýlinu á Reykjavíkursvæðinu, það myndi ekki þrífast í fámenninu þar sem viðhorfið er enn: „það er hægt að fá nóg að gera fyrir þá sem nenna að vinna,“ eins og það var orðað á fleiri en einum stað sem heimsóttur var. Félagsmálastjóri á Vestfjörðum benti á að hið almenna viðhorf á smærri stöðum hefði verið að „menn ættu að klára skólann og fara svo að vinna fyrir sér;“ hugmyndir um langskólanám féllu ekki vel að þessu sjónarmiði. En þetta viðhorf hefur verið að breytast á undanförunum árum og áratugum, sagði félagsmálastjórinn – „en það merkilega er að það virðist vera fyrir hendi hjá hluta þeirra Pólverja sem hér eru. Það þýðir að pólsku börnin þurfa þeim mun meiri stuðning til að þau haldi áfram námi. Það er innprentað í börnin að þau eigi að vinna fyrir sér – og með því eru þau rænd tækifærum ef þau fá ekki nauðsynlega hvatningu og stuðning heima.“

Það hefur komið fram í fyrri könnunum að innflytjendur á Íslandi una hag sínum almennt vel og gengur lífsbaráttan bærilega, rétt eins



og öðrum landsmönnum. Víða út um land eru innflytjendur burðarásinn í atvinnulífi smærri staða. Fiskvinnsla væri til að mynda ekki rekin í Snæfellsbæ án þáttöku pólskra innflytjenda. „Þeir hafa aðlagast mjög vel, leggja fyrir og reyna að koma sér upp eigin húsnæði,“ sagði viðmælandi okkar á Snæfellsnesi. „Það er í raun eina fjárfestingin sem kveður að á þessu svæði – hjá pólskum barnafjölskyldum.“ Á Suðurlandi er víða svipaða sögu að segja – drjúgur hluti starfsmanna stærstu vinnustaða í Rangárfþingi er af erlendu bergi brotinn.

Örbirgð og heilsufar

Heilsugæslulæknir á Norðurlandi kvaðst hafa „mestar áhyggjur af innflytjendum. Heilsufarsvandi þeirra er meiri – þeir eru í framandi umhverfi, eru áhrifalausir um líf sitt að verulegu leyti og hafa ekki það félagslega net sem öllum er svo mikilvægt. Endalausir heilsufars- og sálfélagslegir sjúkdómar hafa vitaskuld áhrif á vinnugetu,“ sagði hann.

Líknarsamtök í Reykjavík hafa svipaða sögu að segja. „Staða margra útlendinga er mjög slæm,“ sagði talsmaður þeirra. „Þeir eru oft illa mælandi á íslensku, þekkja ekki umhverfið, hafa lítið eða ekkert tengslanet – eru almennt illa áttaðir og illa að sér um umhverfi sitt. Margir eru lítt eða illa menntaðir en eru vitaskuld að reyna að bjarga sér, þess vegna eru þeir hér. Getum við eitthvað gert fyrir þetta fólk? Sumir eru duglegir, aðrir eiga erfitt, kannski andlega... minnimáttarkennd og umkomuleysi einkennir suma, þeir eiga jafnvel ekkert athvarf í heimalandinu og geta því ekki

snúið aftur eins og margir gerðu þegar kreppan skall á. Einstæðum körlum, sem leita til okkar um matargjafir, er að fjölga – einkum þeim sem eru atvinnulausir.“

Hlutfall innflytjenda í fjárhagsaðstoð er þó á pari við Íslendinga, samkvæmt upplýsingum Fjölskyldudeildar Reykjavíkur. Engu að síður er það „Stækkandi hópur sem framfleytir sér á bótum af einhverju tagi og kýs að gera það,“ sagði starfsmaður sjúkrasjóðs stórs verkalýðsfélags í Reykjavík. „Það eru bæði Íslendingar og innflytjendur. En svo bætast „kerfisfræðingarnir“ við, bæði íslenskir og erlendir. Við sjáum talsvert af slíkum. Það vakti til dæmis athygli okkar að um 30% vanfærna pólskra kvenna leituðu til okkar vegna veikinda samfara meðgöngunni – en í öðrum hópum voru veikindin aðeins um 10%. Það hafa komið „fræðingar“ með pólsku konunum, einhverjir landar þeirra sem hafa áttað sig á því að það er hægt að nýta sér þetta kerfi – og við höfum dæmi um að þeir hafi rukkað fyrir slíka aðstoð.“

...enn verra að vera geðveikur útlendingur
Starfsmaður geðheilbrigðisþjónustunnar í Reykjavík segir „átakanlegast er að vita til afrískra kvenna sem verða geðveikar, þær hafa oft mjög lítinn stuðning. Börnin eru oftast en ekki tekin af þeim – í tilvikum þar sem börn hefðu ekki verið tekin af íslenskum konum. Svo ber á fordómum fagaðila gagnvart þessum konum, það virðist mjög vanta upp á menningarlega næmni, allt er hugsað og gert út frá okkar vestrænu viðmiðum. Þær koma með sínar aðferðir til að takast á við vandann, eitthvað sem er viðurkennt og almennt í þeirra heimalandi - grös, steina, ákveðinn fatnað og slíkt – en það er notað gegn þeim hér. Þetta er lítill hópur en í mjög vondu standi. Þar fyrir utan skortir mikið á að innan þessa hóps séu andleg veikindi viðurkennd sem raunverulegt heilsufarsvandamál. Það er vont að vera íslenskur geðsjúklingur – enn verra að vera geðveikur útlendingur.“

Litaraft kemur víða við sögu. Félagsmálastjóri á Vesturlandi telur sig merkja að innflytjendur

frá löndum utan hins evrópska menningarheims, „svo ekki sé minnst á ef þeir eru af öðrum litarhætti, geta einnig átt erfitt. Það hefur gengið vandræðalaust hér en maður skynjar samt talsverða fordóma, sérstaklega tengda trúarbrögðum. Hér er einnig nokkuð um konur frá Filíseyjum og Tælandi. Það sýnir þeim enginn sérstakan áhuga.“

Það er enda svo, að mati margra sem rætt var við, að Íslendingar eru ekki sérlega áhugasamir um að vingast við sína nýju landa og sýna það frumkvæði sem þarf til að hjálpa innflytjendum að aðlagast nýju umhverfi. „Ísland er býsna lokað samfélag,“ segir erlend kona gift íslenskum karli og móðir íslenskra barna. „Fólk heldur fast í gömlu kunningja- og vinasamböndin og þau eru ekki endilega mjög opin fyrir viðbótum.“

„Innri útleigð“

En þótt fordómar í garð innflytjenda séu hættulega miklir er til sá hópur sem gefur góðar vonir um framtíðina. Strákur í níunda bekk í Austurbæjarskóla var spurður hversu margir nýbúar væru í hans bekk. Hann hugsaði sig um en sagði svo: „Æ, ég man það ekki.“ Börn virðast ekki velta mikið fyrir sér húðlit eða hreim hinna barnanna.

Fyrir um áratug síðan var staðalmyndin af hrjádum innflytjanda á Íslandi sú af konu sem bjó við heimilisofbeldi. Þessi mynd er að breytast – það er frekar að staðalmyndin sé af einstæðum austur-evrópskum karli á miðjum aldri, segir kona úr samtökum kvenna af erlendum uppruna. Ekki alls fyrir löngu gengust samtök hennar fyrir sjálfstyrkingarnámskeiði fyrir karla og þá kom í ljós að margir þátttakendanna höfðu lítill, eða jafnvel engin, tengsl við íslenskt samfélag. „Það er furðu stór hópur sem er alveg óvirkur og tekur engan þátt í samfélaginu,“ sagði hún. „Útlendingar í þessari stöðu hér eru í því sem ég hef kallað „innri útleigð“, þeir búa hér en eru ekki í sambandi við aðra og ekki í tengslum við samfélagið. Þetta gæti skapað enn alvarlegri vandamál þegar fram í sækir.“



Hópur ungverskra flóttamanna kemur til Íslands 1956 – féllu vel í fjöldann.

RANNSÓKNIR Á KYNÞÁTTAHYGGJU OG VIÐHORFUM TIL INNFLYTJENDA Á ÍSLANDI

Ekki of mikið af „öðruvísi“ fólki, takk

Innflytjendur á Íslandi eru nú um níu prósent mannfjöldans og hefur fækkað örlítið frá 2011. Það hefur þó fjölgað í annarri kynslóð innflytjenda sem færir heildartöluna, þ.e. fyrstu og aðra kynslóð innflytjenda⁶, upp í 8,9% af mannfjöldanum. Þá fjölgaði einstaklingum með erlendan bakgrunn, öðrum en innflytjendum, lítillega frá 2011 til ársins 2010, úr 6,1% í 6,2% mannfjöldans, skv. upplýsingum á vef Hagstofunnar.

Í október 2008 gerði Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst könnun á kynþáttahyggju meðal Íslendinga og viðhorfum þeirra til innflytjenda á Íslandi. Eva Heiða Önnudóttir stjórnfræðingur fjallar um þessa rannsókn í grein í félagsvísindarititi háskólans á Bifröst (*Bifröst Journal of Social Science* – 3, 2009) og bendir á að þrátt fyrir þessa miklu fjölgun

innflytjenda á síðustu árum hafi það ekki verið fyrr en í ársbyrjun 2007 að fyrst var sett fram stefna um aðlögun innflytjenda. Meginmarkmið stefnunnar varð að tryggja sem best að allir íbúar landsins njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífsins.

Strangari löggjöf

Einn vandinn í umræðum um málefni innflytjenda er að notast er við mismunandi og jafnvel misvísandi þýðingar á enskum hugtökum. Í opinberri umræðu einkum notuð fjögur hugtök (sjá nánar á bls. 59):

Samlögun (*assimilation*); samþætting (*integration*), aðskilnaður (*separation*) og einangrun (*marginality*) en jafnframt virðast hugtökin „samþætting“ og „aðlögun“ vera notuð jöfnum höndum um integration. Rauði krossinn kys að nota *aðlögun* í merkingunni *integration*.

Eva Heiða Önnudóttir vitnar til greinar eftir Unni Dís Skaptadóttur frá 2004 um aðlögun innflytjenda og hversu flókið samspilið getur

6 Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og af foreldrum sem eru líka fæddir erlendis, sem og báðir afar og ömmur. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem eru fæddir á Íslandi af foreldrum sem eru báðir innflytjendur. Fólk er talið með erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. (Hagstofan 2014).

verið milli menningar innflytjenda, tengsla þeirra við upprunaland sitt og menningar heimamanna. Ekki er hægt að líta svo á að annaðhvort haldi innflytjendur síðum sínum eða láti af þeim og taki upp síði og hefðir þess lands sem þeir flytja til, segir Unnur Dís (2004:589), heldur sé menning: „... síbreytileg blanda menningarþátta og strauma og það er erfitt að segja hvar ein menning endar og önnur byrjar.“ Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur stefnan verið *sambætting/aðlögun*, sem þýðir að innflytjendur skuli tileinka sér ráðandi menningu í nýju landi en leggja áherslu á að viðhalda eigin menningu og tungu um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.

Eva Heiða bendir á að þegar lögbundin réttindi innflytjenda á Íslandi séu skoðuð megi sjá að innflytjendalöggjöfin sé að mestu leyti byggð á danski fyrirmynd og að hluta til á þeirri norsku auk löggjafar sem Ísland hefur tekið upp með aðildinni að EES. „Danska innflytjendalöggjöfin, sem er ein sú strangasta í Evrópu, einkennist af því að gera fólki utan EES svæðisins það afar erfitt að flytja til Danmerkur og þetta hefur íslenska ríkið tekið upp. Auk þess hefur Ísland strangari löggjöf heldur en Danir hvað varðar hælisleitendur...“ segir hún.

Fer eftir lit...

Könnun Rauða krossins bendir eindregið til þess að í samfélaginu sé að finna umtalsverða fordóma í garð útlendinga (sjá bls. 15 og 31). Það er ekki nýtt: Capacent gerði könnun 2009 fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið sem leiddi í ljós að 56,9% svarenda töldu það vera mjög eða frekar algengt að fólki væri mismunað eða að það væri áreitt á grundvelli kynþáttar og þjóðernis. Um fjórðungur sagðist hafa orðið vitni að því. Einnig kom fram að 68,4% töldu að kynþáttur eða uppruni gæti haft neikvæð áhrif á möguleika jafn hæfra umsækjenda um starf.

Í grein Evu Heiðu rekur hún niðurstöður úr Bifrastarrannsókninni frá 2008 þar sem þátttakendur voru m.a. spurðir hversu mörgum innflytjendum ætti að leyfa að flytja til landsins. Um þetta segir Eva Heiða: „Mestur var stuðningurinn við það að leyfa mörgum

sem eru af sama kynþætti eða hafa svipaðan menningarlegan uppruna að flytja til Íslands, bæði árið 2005 (47,3%) og 2008 (39,5%). Árið 2008 var stuðningurinn minnstur við það að leyfa mörgum frá fátækari löndum utan Evrópu að flytjast til Íslands (24,9%) en árið 2005 var stuðningurinn minnstur við það að leyfa mörgum af ólíkum kynþætti eða sem hafa ólíkan menningarlegan uppruna að flytjast hingað (28,7%).“

Ekki hefur verið gerð tilraun héraendis til að meta efnahagslegan ávinning af fólksfjölgun með tilkomu innflytjenda, eins og gert hefur verið í sumum nágrannalandanna. Menningarlegan ávinning er auðveldara að geta sér til um. Í Bifrastarrannsókninni voru þátttakendur spurðir um þrennt þessu tengt:

- hvort þeir teldu gott eða slæmt fyrir efnahag Íslands að fólk frá öðrum löndum flyttist hingað,
- hvort það auðgi eða grafi undan menningarlífi á Íslandi,
- hvort það myndi gera Ísland að betri eða verri stað að búa á.

Vaxandi óþol

Eva Heiða segir mun hafa verið á meðaltölum milli áranna þegar spurt var hvort það auðgaði eða græfi undan íslensku menningarlífi eða gerði Ísland að betri eða verri stað að búa á ef fólk frá öðrum löndum flyttist til Íslands. Komið hafi í ljós að óþolið hefði vaxið nokkuð: „Íslendingar tóku heldur neikvæðari afstöðu árið 2008 heldur en 2005. Árið 2008 töldu fleiri að það gerði Íslandi að verri stað að búa á og að það græfi undan íslensku menningarlífi ef fólk frá öðrum löndum flyttist til Íslands heldur en árið 2005,“ segir hún.

Og hið sama var uppi á teningnum þegar spurt var um sambættinguna, kjarnann í hinni opinberu stefnu: „Árið 2008 sögðu um 80% svarenda það betra fyrir þjóðfélagið í heild að innflytjendur viðhaldi ekki sínum sérstöku síðum og hefðum, heldur tileinki sér síði þess lands sem þeir flytja til, á móti tæpum 20% sem töldu það betra að innflytjendur viðhaldi sínum sérstöku síðum og hefðum. Árið 1999 töldu hlutfallslega fleiri að

það væri betra ef innflytjendur viðhéldu siðum sínum og venjum eða 27,2% á móti tæpum 20% árið 2008.“

...efnahagslegur ávinningur...

Eva Heiða segir að draga megi „þá ályktun af svörum þátttakenda að ef valið stendur á milli þess að halda eigin siðum og hefðum, eða láta af þeim og taka upp siði og hefðir þess lands sem flutt er til, þá séu fleiri sem telja síðari kostinn betri fyrir þjóðfélagið í heild. Þetta er áhugavert í ljósi umræðunnar um fjölmenningu og vekur upp þá spurningu hvort það sé ríkjandi hugsunarháttur meðal Íslendinga að innflytjendur aðlagist menningu þeirra fyrrnefndu í stað fjölmenningar þar sem innflytjendur halda eigin siðum og venjum samhliða því að taka þátt í nýju samfélagi. Þetta getur bent til þess að Íslendingar séu fastir í hugmyndum sem Unnur Dís Skaptadóttir (2004) varar við, það er að menning sé óbreytanlegur fasti í þeirri merkingu að aðeins sé ein menning í landinu sem

breytist lítið og að aðkomufólk eigi að taka hana gagnrýnislaust upp. Það sýnir sig í samanburði við svör við sömu spurningu í 32 öðrum ríkjum árið 1999 að Íslendingar eru síst hlynntir því að innflytjendur haldi eigin siðum og venjum og skipa þeir sér því í hóp með ríkjum eins og Danmörku, en þar hefur myndast mikil togstreita á milli innflytjenda og heimamanna...“

Eva Heiða vekur að síðustu athygli á því að neikvæð afstaða til innflytjenda virðist hafa magnast í hlutfalli við fjölgun þeirra. „Því vaknar sú spurning,“ segir hún, „hvort Íslendingar líti almennt svo á að svo lengi sem það sé efnahagslegur ávinningur af innflytjendum sé í lagi að þeir komi.“

Íslendingar virðist samkvæmt þessu hafa tilhneigingu til að líta svo á að innflytjendur séu í samkeppni um störf, lækki meðallaun, grafi undan menningarlífi og geri Ísland að verri stað til að búa. Þeir ættu því að „hafa sig af landi brott þegar atvinnuleysi eykst,“ sem er einskonar „gastarbeiter“ viðhorf.

Samlögun, samþætting, aðlögun?

Í skýrslu Félagsmálaráðuneytisins um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi (2005) eru þessar skilgreiningar:

Samlögun (*Assimilation*)

- Þegar innflytjendur og aðrir þjóðernisminnihlutar segja algerlega skilið við upprunalega menningu síns lands og tungumál og tileinka sér þess í stað menningu og tungumál nýja landsins. Þetta birtist í ýmsum myndum, allt frá því að skilgreina upp á nýtt hvaða þjóðerni viðkomandi tilheyrir eða að einstaklingar læra hið nýja tungumál en viðhalda ekki eigin móðurmáli. Markmiðið er að öðlast menningarlega færni í samfélagi meirihlutans en afmá sín eigin upprunalegu menningareinkenni.

Samþætting (*Integration*)

- Þegar þjóðernisminnihlutar leitast við að tileinka sér ráðandi menningu í nýju landi en

leggja áherslu á að viðhalda eigin menningu og tungu. Einstaklingarnir þurfa þá að öðlast færni í tvenns konar menningarheimi sem oft getur reynst erfitt þar sem um afar ólíkar aðstæður getur verið að ræða.

- Hér á landi er hugtakið *aðlögun* almennt notað þegar rætt er um „samþættingu“ í þessum skilningi.

Aðskilnaður (*Separation*)

- Þegar aðlögun verður ekki til með neinu móti. Iðulega búa hópar þá á sérstökum afmörkuðum svæðum og lúta þar undirokun meirihlutans.

Einangrun (*Marginality*)

- Þegar engin tengsl myndast milli hinnar nýju menningar né heldur tekst viðkomandi að halda tengslum við þá menningu sem þeir koma frá. Fólk tileinkar sér ekki hina nýju menningu né heldur hina upprunalegu.

FLÓTTAMENN Í KRÖGGUM:

Priðjungur hefur þörf fyrir sálfræðiaðstoð

– almennt ánægðir með dvölinu en myndu vilja meiri íslenskukennslu í upphafi

Rúmur þriðjungur flóttamanna sem hingað komu fyrir 2005 taldi sig hafa þörf fyrir sálfræðilega aðstoð til að hjálpa sér að leysa úr erfiðleikum vegna reynslu sinnar sem flóttamenn og kom þar enginn kynjamunur fram. Ekki liggja fyrir nýrri kannanir um þetta efni sérstaklega en gera verður ráð fyrir að svipuð viðhorf séu uppi hjá þeim flóttamönnum sem síðar hafa komið, og enn frekar hjá hælisleitendum sem margir koma úr afar erfiðum aðstæðum, eins og fréttir undanfarinna missera og ára hafa sýnt.

Sagan sýnir að fólk sem kemur úr miklum hremmingum, jafnvel stríðsátökum, getur átt við margvíslega sálræna erfiðleika að etja – sem ekki er nægilega vel sinnt af þeim sem annast móttöku flóttamanna og er Rauði krossinn þar ekki undanskilinn. Hér er um að ræða verkefni sem Rauði krossinn þarf, og mun, taka fastari tökum.

Í könnun Félagsvísindastofnunar fyrir Flóttamannaráð Íslands 2005 segir um þetta atriði að viðmælendur hafi talið að koman til Íslands hefði verið „andlega erfið, ekki bara vegna þess að hér var gróður- og veðurfar allt öðruvísi, heldur einnig vegna þess að hluti af fjölskyldunum hafi orðið eftir í stríði. Það fylgdi því ákveðin vanlíðan að vera komin hingað og vera örugg á meðan aðrir í fjölskyldunni hafi ekki verið svo heppnir.“

Íslensku- og móðurmálspekking

Almennt virðist það þó vera svo að fólk sem kemur hingað sem flóttamenn líki vistin vel. Í könnun Félagsvísindastofnunar 2005 kom fram að miklum meirihluta þeirra (83%) sem voru spurðir fannst gott að búa á Íslandi.

„Allir voru sáttir við það húsnæði sem þeir fengu í upphafi og við þá aðstoð sem þeim stóð til boða,“ segir í skýrslu um rannsóknina. „Þó ber að taka það fram að innan þeirrar aðstoðar voru ákveðnir þættir sem betur máttu fara. Mikið



Margir flóttamenn hafa lent í miklum hremmingum og niðurlægingu, jafnvel lífsháská, á leið sinni í öryggi.

var rætt um íslenskukennslu þessara hópa, en allir voru sammála um að undirstaða þess að þau myndu ná tókum á íslensku væru að kennarar sem kæmu að kennslu hefðu undirstöðuþekkingu í þeirra eigin tungumáli.“

Flóttamenn eru þar á sama báti og fjölmargir innflytjendur – áttu í erfiðleikum með tungumálið. Um helmingi þeirra fannst frekar eða mjög erfitt að læra íslensku en mikill meirihluti vildi gjarnan læra meira, og hefði gjarnan þegið meiri aðstoð við lærdóminn, enda voru það aðeins 40% sem gátu tjáð sig á öðru tungumáli en eigin móðurmáli. 96% sögðust alltaf eða oftast tala móðurmálið við börn sín.

Um fimmtungur svarenda sagðist ekki geta gert sig skiljanlegan án þess að nota túlk þegar þeir færu til læknis og rúmur þriðjungur taldi sig að hluta til geta gert sig skiljanlegan. Ekki reyndist munur á konum og körlum í þessu efni. Riflega helmingur sagði að einhver annar en sérstakur túlkur hafði túlkað fyrir þá þegar þeir leituðu til læknis og hjá flestum var það sonur, dóttir eða aðrir ættingjar sem höfðu aðstoðað.

VELFERÐARVAKTIN – LOKASKÝRSLA DESEMBER 2013

Ástandið sífelld versnað hjá þeim hópi sem þegar stóð höllum fæti...

„Hópur einstæðra mæðra í mikilli áhættu að lenda í langvinnri fátækt“

Þótt margt bendi til að á langflestum sviðum hafi tekist vel að sporna við alvarlegum afleiðingum Hrunsins, er ljóst að „hópur barna býr við fátækt og erfiðar aðstæður sem bregðast þarf við með það í huga að glötuð tækifæri í æsku verða ekki bætt síðar á lífsleiðinni,“ segir m.a. í lokaskýrslu Velferðarvaktarinnar sem var stofnuð að frumkvæði stjórnvalda snemma árs 2009 til að fylgjast með afleiðingum efnahagshrunsins á heimilum í landinu. Fjölmörg samtök, stofnanir og sveitarfélög áttu fulltrúa í stýrihópi Velferðarvaktarinnar, þar á meðal Rauði krossinn á Íslandi.

Í lokaskýrslu hópsins, sem kom út í desember á fyrra ári, segir einnig að enn séu „of mörg heimili undir lágtekjumörkum, til dæmis búa 9,3% íslenskra barna á heimilum sem eru undir lágtekjumörkum. Þar skera heimili einstæðra foreldra sig úr þar sem 28% þeirra eru undir lágtekjumörkum. Einkum er hópur einstæðra mæðra í mikilli áhættu að lenda í langvinnri fátækt. Börn sem alast upp í fátækt eru líklegri til að verða fátæk á fullorðinsárum og verða fátækir aldraðir.“

Hér eru nokkrar fleiri athyglisverðar ábendingar úr lokaskýrslunni:

- Bent hefur verið á að innan hóps einstæðra mæðra sé staða mæðra af erlendum uppruna hvað verst, ekki síst vegna þess að þær hafi oftast lítið félagslegt stuðningsnet hér á landi. Einnig er vítað að margt fólk af erlendum uppruna býr við bág kjör á Íslandi og atvinnuleysi er mun meira meðal fólks af erlendum uppruna en annarra á Íslandi.
- Niðurstöður íslenskra rannsókna sýna að öryrkjar sem til langframa lífa eingöngu af bótum Tryggingastofnunar ríkisins eiga í erfiðleikum með að tryggja daglegt viðurværi, leysa út lyf eða leita læknisþjónustu vegna kostnaðar og búa þar með við fátækt.
- Ekki eru sýnileg merki þess að heilsufari almennings hafi hrakað vegna afleiðinga kreppunnar og samkvæmt mati Landlæknis.
- Barnaverndarmálum hefur lítið fjölgað á árunum eftir hrun en að mati sérfræðinga eru málin flóknari og tímafrekari en áður.
- Það er mat barnahópsins að langflest börn hér á landi búi við góð skilyrði en þó má ætla að nokkuð stór hópur barna á aldrinum 0–18 ára búi við mjög erfiðar aðstæður.
- Sammerkt er með öllum þeim aðilum sem leitað var til við gerð þessarar skýrslu um viðkvæma hópa að nær daglega fá þeir vitneskju um einstaklinga sem eru mjög illa staddir fjárhagslega og hefur ástandið sífelld versnað síðustu fimm ár hjá þeim hópi sem stóð höllum fæti fyrir þann tíma og er að leita sér aðstoðar.
- Húsaleiga hefur til dæmis hækkað um tæp 38% en á sama tíma hafa húsaleigubætur hækkað um 9,4%.
- Í könnun Rúnars Vilhjálmssonar prófessors sem út kom í apríl 2013 kemur fram að þeim, sem fresta því eða sleppa alfarið að fara til læknis, hefur fjölgað verulega frá því fyrir hrun. Íslendingar stefna frá því félagslega kerfi sem hér hefur verið. Hópar sem standa höllum fæti fresta frekar eða sleppa því að fara til læknis, 46% öryrkja, 39% lágtekjufólks (með 200.000 krónur á mánuði eða minna) og 35% kvenna fresta því eða sleppa að fara til læknis.
- Einstaklingum af erlendum uppruna sem leita eftir aðstoð hefur farið fjölgandi, bæði hjá félagsamtökum og félagsþjónustu sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna að um 30–40% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð hjá Reykjanesbæ og 20% af þeim sem þiggja aðstoð frá Hjálparstarfi kirkjunnar eru af erlendum uppruna.



- Í skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika, útgefinni í apríl 2013, kemur fram að skuldir heimilanna hafi orðið mestar á fyrsta ársfjórðungi ársins 2009 eða um 134% af landsframleiðslu en í árslok 2012 hafi þær verið um 109% af áætlaðri landsframleiðslu. Lækkunina árið 2012 má rekja til meiri landsframleiðslu, en höfuðstóll skulda heimilanna stóð nánast í stað á árinu. Hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum var í árslok 2012 um 230% samanborið við tæplega 280% í árslok 2010.
- Í öllum aldurshópum, 30 ára og eldri, er hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum hærra nú en það var árið 2006.
- Þá hefur hlutfall útlána þriggja stærstu viðskiptabankanna og Íbúðalánasjóðs til heimila í vanskilum lækkað á undanförunum árum, en hlutfall lána í vanskilum var 20% í desember 2010, 18% í árslok 2011 en um 14% af heildarútlánunum í febrúar 2013. Í lok ágúst 2013 voru 28.321 einstaklingur á vanskilaskrá.
- Á árunum 2009–2012 var óskað eftir nauðungarsölu á 20.397 eignum. Á sama tíma voru 3.847 eignir seldar, þar af 2.779 eignir sem skilgreindar voru sem íbúðarhúsnæði. Á árunum 2009–2012 urðu 790 einstaklingar gjaldþrota, 171 kona og 619 karlar.

PRÓUN Á HÚSNÆÐISMARKAÐI:

Reynslan hrópar á meira fjármálalæsi

Umboðsmaður skuldara: Talsverður hópur hefur ekkert gert til að takast á við sinn vanda

Hátt í fimm þúsund mál hafa fengið fullnaðarafgreiðslu hjá Umboðsmanni skuldara á undanförunum rúmum fjórum árum. Trauðla hafa allir fengið þá úrlausn sem vonast var eftir: 683 erindum var sýnjað á tímabilinu (sbr. töflu 2 á næstu síðu), 689 voru afturkölluð og 542 mál voru felld niður.

Verulega hefur dregið úr umsóknaflæðinu – í byrjun þessa árs voru aðeins um 50 nýjar umsóknir á borðum embættisins. Það breytir þó ekki því að enn er talsverður hópur í umtalsverðum skuldavanda – og sumir svo miklum að hann er nánast vonlaus. Þar eru með hátt í 100 umsóknir frá fólki sem er með neikvæða greiðslugetu áður en kemur að húsnæðiskostnaði – þ.e. getur ekki látið enda ná saman áður en kemur að greiðslu húsnæðiskostnaðar, skv. upplýsingum embættisins. Og enn alvarlegra er, að sögn starfsmanna embættis Umboðsmanns skuldara, að enn er „talsvert stór hópur sem ekkert hefur gert til að takast á við sinn vanda þrátt fyrir öll úrræðin sem hafa staðið til boða. Það er raunalegt því það mun enginn frelsandi engill koma til að leysa öll þeirra mál.“ Um helmingur skjólstaðinga embættisins eru í vinnu, 25-30% eru öryrkjar og atvinnulausir nálægt fimmtungi (19-20%).

Rannsóknir embættisins staðfesta það sem áður hefur komið fram um að „góðærið“ hafi að talsverðu leyti verið bundið við suðurvesturhornið: yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem leitað hafa til Umboðsmanns skuldara eru úr Reykjavík og nágrannasveitarfélögum (Kraganum), og um 60% eru á aldrinum 26-45 ára.

Eins og tafla 1 á næstu síðu sýnir hefur mjög dregið úr umsóknaflóðinu. Í skýringum embættisins með þessum tölum segir: Þann 1. feb, sem tölurnar miðast við, hafa ekki borist nauðsynleg gögn nema með litlum hluta umsókna, kannski 20-30. Þá verður skekkjan mjög há þegar tölurnar eru skoðaðar sem hlutfallstölur.



Mynd DV. Sigtryggur Ari.

Forsvarsmenn embættis Umboðsmanns skuldara eru í engum vafa um hvað gæti helst orðið til að breyta því ástandi sem þessar tölur eru til marks um: að bæta verulega fjármálalæsi almennings og upplýsa fólk um „hvað það þýðir í raun og veru að taka lán,“ eins og það var orðað í samtali. „Staðreyndin er sú að við erum núna að súpa seyðið af háttalagi bankanna á árunum fyrir Hrun – það virtust allir geta fengið lán sem engar líkur voru á að þeir gætu borgað.“

Allt að 45% ráðstöfunartekna í húsnæði

Lesi má þróun á húsnæðismarkaði úr Félagsvísun Velferðarráðuneytisins frá október 2013 (bls. 29). Þar kemur m.a. í ljós að þeim fækkar sem búa í eigin húsnæði – úr 82,3% árið 2004 í 74,7% árið 2012. Að sama skapi fjölgar leigjendum – úr 17,6% (2004) í 25,3% (2012). Þróunin er hin sama (harðari ef eitthvað er) hjá barnafjölskyldum. Þar hefur fjölskyldum í eigin húsnæði fækkað úr 88% (2004) í 78,2% (2012) og leigjendum fjölgað mikið – úr 12% árið 2004 í 21,8% árið 2012. Heimilum án barna í eigin húsnæði fækkaði úr 78,3% 2004 í 72,4% 2012 og barnlausum leigjendum fjölgaði úr 21,7% í 27,6% á sama tíma. Jafnframt er kröpp fjölgun í þeim

Tafla 1: *Fjöldi umsókna um greiðsluaðlögun 2010-2014*

Ár	Greiðsluaðlögun	Tvær fasteignir	Ráðgjöf	Erindi
2010	1.470	47	483	264
2011	2.287	84	746	946
2012	706		1.201	1.083
2013	522		816	802
Jan. 2014	50		89	57

Tafla 2: *Staðan á umsóknum um greiðsluaðlögun 1. febrúar 2014*

Greiðsluaðlögun einstaklinga	
Í vinnslu hjá UMS	168
Í vinnslu hjá umsjónarmanni	715
Vinnslu lokið	4.152
Þar af samningar	2.141
Þar af synjað	683
Þar af afturkallað	689
Þar af niðurfellt v/ athugasemda umsjónarmanns	542
Þar af staðfestir nauðasamningar af dómstólum	42
Þar af nauðasamning synjað af dómstólum	16
Þar af lokið án samninga	39
Alls	5.035

hópi sem fær húsaleigubætur – úr 36,4% í 46,1% (2004-2012). Það segir manni jafnframt að enn er umtalsverður hópur sem ekki fær húsaleigubætur sem gæti verið vísbending um „svarta“ leigusölu.

Félagsvísarnir benda til að svolítill fækkun sé á fjölda þeirra heimila sem eru undir lágtekjuhlotfalli (60% af miðgildi ráðstöfunartekna) eftir húsnæðisstöðu, var 10% árið 2004 en 9,2% í árslok 2012. Á sama tíma fækkaði þeim í þessum hópi sem búa í eigin húsnæði (úr 8,6% í 6%) og að sama skapi fjölgaði leigjendum úr 19,3% í 22%.

En vandi þeirra úr láglaunahópum sem leigja er mikill og raunverulegur. Allt að 45% tekna hinna tekjulægstu fara í húsnæðiskostnað, skv. niðurstöðum könnunar sem Capacent gerði fyrir Reykjavíkurborg í byrjun árs. Það er umtalsvert

meira en sá fjórðungur sem er jafnaðargreiðslan – sem er svipað hlutfall og hjá nágrannaþjóðunum, samkvæmt lífskjararannsókn Evrópusambandsins (Eurostat).

Könnun Capacent rennir raunar frekari stöðum undir hvatningu Umboðsmanns skuldara (og fjölmargra annarra, eins og víða er að finna í þessari skýrslu) um átak í fjármálalæsi, því það kemur í ljós að ungur aldur, lágur tekjur og óskir um litlar íbúðir einkenna þá sem helst vilja flytja í miðborgina, sem og væntingar um talsvert lægra leiguverð en nú er raunin. Í frétt DV um niðurstöður könnunarinnar segir einnig að tæpur fjórðungur aðspurðra segist „líklegur eða öruggur um að leigja næst þegar skipt er um húsnæði, enda þótt leiguverð hafi hækkað meira en kaupverð frá ársbyrjun 2011.“

Mikill munur á leiguverði félagslegra íbúða

- Allt að 50% munur er á leiguverði félagslegra leiguíbúða á milli sveitarfélaga. Hæst er leigan í Mosfellsbæ, Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi.
- Meðalbiðtími eftir slíku húsnæði er um 2 ár, en dæmi eru um allt að 10 ára bið. Alls eru um 5.000 félagslegar leiguíbúðir á landinu.
- Fjöldi þeirra sem fá sérstakar húsaleigubætur sjöfaldaðist á fimm árum, 2008-2013, en þær eru greiddar af um 40% sveitarfélaga og áætlað er að þær muni nema samtals um 1,32 milljörðum í ár. Stærsti einstaki hópurinn sem fær þessar bætur er örorkulífeyrisþegar.
- Þeir sem eiga við bráðan húsnæðisvanda að etja og geta ekki sjálfir séð sér fyrir húsnæði af félagslegum eða fjárhagslegum orsökum geta átt möguleika á úthlutun félagslegrar leiguíbúðar.
- Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára gamall og skráður með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Að öllu jöfnu er sótt um félagslegt húsnæði hjá húsnæðisfulltrúa eða félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Úthlutunin ræðst fyrst og fremst af fjölskylduhögum, félagslegum aðstæðum og eigna- og tekjumörkum.
- Hvert sveitarfélag setur sér síðan sínar eigin og nánari reglur um skilyrði fyrir úthlutun og er þær yfirleitt að finna á vefsíðum sveitarfélaganna.
- Í Reykjavík úthluta Félagsbústaðir 170-200 íbúðum árlega.
- Meðalfjárhæð sérstakra húsaleigubóta var tæpar 25.000 krónur á mánuði 2013.
- Alls greiddu sveitarfélögin 1,24 milljarða króna í slíkar bætur.
- Jöfnunarsjóður gerir ráð fyrir að í ár muni sérstakar húsaleigubætur nema 1.32 milljörðum.

Heimildir: Morgunblaðið, RÚV, 11. mars 2014.

Svipmyndir úr velferðarríkinu

- Á síðasta ári kostaði félagsþjónustan sveitarfélögin í landinu um 38 milljarða kr.
- Hlutfall skatttekna sem varið er til félagsþjónustunnar er hæst í Reykjavík. Höfuðborgin ver 25% skatttekna til málaflokksins (2012), rúml. 15,6 milljörðum.
- Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er neðsta öryggisnet velferðarkerfisins. Sveitarfélögum er skylt að veita fólki, sem á þarf að halda, aðstoð til lágmarksframfærslu.
- Af þeim 7.736 sem fengu fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna 2012 voru flestir á aldrinum 25-39 ára eða rúmlega 3.300 manns.
- Stærsti hópurinn í öllum aldursflokkum er barnlausir karlar, þar á eftir einstæðar mæður.
- 6,24% heimila í landinu (7.736 heimili) fengu fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagunum árið 2012. Það var fjölgun um 0,3% frá árinu áður. Árið þar á undan (2010) var fjölgunin tæplega 12%.
- Á þessum heimilum bjuggu 12.586 einstaklingar, 3,9% þjóðarinnar. Þar af voru 4.098 börn, 5,1% barna á landinu.
- Hæst var hlutfallið í Reykjavík, þar sem 6,4% heimila fengu fjárhagsaðstoð.
- Alls var 4,7 milljörðum króna varið til fjárhagsaðstoðar árið 2012.
- Um 45% upphæðarinnar fer til atvinnuleitenda sem hafa misst bótarétt sinn.
- Aðstoðin er mismunandi eftir sveitarfélögum.
- Framfærslustyrkur er hæstur í Akureyrarbæ, kostaði rúmlega 136 þúsund krónur á hvern íbúa; næst hæsti kostnaðurinn var í Reykjavík, tæpar 131.000 kr. á hvern íbúa.
- Í Mosfellsbæ var kostnaðurinn rúmlega 113 þúsund krónur.
- Seltjarnarnes var það sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu þar sem kostnaður á íbúa var lægstur, rúmlega 50 þúsund.
- Árið 2012 fengu rúmlega átta þúsund manns félagslega heimaþjónustu.

Heimild: Morgunblaðið 10. mars 2014

Atvinnuleysi minnkar – enn mest á Suðurnesjum

Skráð atvinnuleysi í febrúar 2014 var 4,5%, samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar. Að meðaltali voru 7.213 atvinnulausir í febrúar, hafði fjölgað um 23 að meðaltali frá janúar en hlutfallstala atvinnuleysis breyttist ekki. Af þessum voru 5.009 á höfuðborgarsvæðinu, 2.679 á landsbyggðinni.

Talnegögn Vinnumálastofnunar sýna að þeir sem hafa verið atvinnulausir í sex mánuði eða lengur eru liðlega 3,400 og hafði fjölgað um 89 frá janúar – voru alls um 44% þeirra sem voru atvinnulausir í febrúar. Fjöldi þeirra sem verið hafa atvinnulausir í meira en eitt ár samfellt var 1.885 í febrúarlok, en 1.935 í janúarlok og fækkar því um 50 á milli mánaða.

Alls voru 1.321 á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok febrúar eða um 17% allra atvinnulausra í febrúarlok en 1.339 í lok janúar og fækkar því um 18 milli mánaða. Í lok febrúar 2013 var fjöldi atvinnulausra ungmenna 1.689 og hefur því fækkað um 368 milli ára í þessum aldurshópi. Stærsti hópur atvinnulausra kemur úr verslunargreinum.

Alls voru 1.417 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok febrúar, þar af 824 Pólverjar eða um 58% þeirra útlendinga sem voru á skrá í lok mánaðarins.

Um 75% þeirra sem skráðir voru hjá Vinnumálastofnun í atvinnuleit á árunum 2009–2013 voru komnir í vinnu eða nám haustið 2013 samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Vinnumálastofnun lét gera á aðstæðum þessa hóps. Könnunin sýnir einnig að um 15% þátttakenda voru hvorki virkir á vinnumarkaði né í námi, án þess að fyrir því séu tilgreindar ástæður. Nánari skoðun á aðstæðum þessa hóps sýndi að karlar eru þar fleiri en konur, einstaklingar af erlendum uppruna eru þar fleiri en Íslendingar og flestir í þessum hópi eru 45 ára og eldri. Ósérhæft starfsfólk er áberandi í þessum hópi og fólk sem áður var í störfum er kröfðust ýmis konar tæknikunnáttu.



Atvinnuleysi eftir kynjum og svæðum í febrúar 2014 (Vinnumálastofnun).

Landshluti	Alls	Karlar	Konur
<i>Landið allt</i>	4,5	4,2	5,0
Höfuðborgarsvæði	4,7	4,3	5,1
Landsbyggðin	4,7	4,0	4,8
Suðurnes	7,7	6,6	9,0
Vesturland	3,2	3,0	3,4
Vestfirðir	2,4	2,5	2,2
Norðurland vestra	2,9	2,8	3,0
Norðurland eystra	4,1	4,0	4,3
Austurland	3,0	2,3	4,0
Suðurland	3,9	3,0	4,0

Starf deilda Rauða krossins í þágu berskjaldaðra hópa og einstaklinga

Deildir Rauða krossins víðsvegar um landið, alls 44, vinna nú þegar mikið starf til stuðnings hópum í samfélaginu sem eru félagslega berskjaldaðir. Það er í samræmi við skilgreint hlutverk og skyldu félagsins um að vinna markvisst að því að efla félagslegt öryggi berskjaldaðra út frá grundvallarhugsjónum alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Mikilvægur hluti þessa er að tala máli mannúðar hvar sem því verður við komið og að berjast gegn fordómum hvar sem þá er að finna. Þessi verkefni Rauða krossins á Íslandi og deilda hans hafa mörg verið sett í gang og/ eða endurskilgreint og endurskipulögð í ljósi niðurstaðna úr fyrri könnunum félagsins á því hvar þrengir að í samfélaginu. Svo mun einnig verða nú – félagið mun taka mið af niðurstöðum þessarar skýrslu og endurskoða röðun forgangsverkefna og efna til nýrra þar sem þess gerist þörf. Meðal verkefna sem deildir félagsins sinna nú má nefna:

- *Neyðaraðstoð til einstaklinga:* Deildir Rauða krossins á Íslandi um allt land veita einstaklingum í erfiðleikum aðstoð. Stór hluti þeirrar aðstoðar er veittur í desembermánuði, gjarnan í samvinnu við Mæðrastyrksnefndir, samfélagssjóði og/eða Hjálparstarf kirkjunnar á hverjum stað. Í nær öllum tilvikum er neyðaraðstoð veitt í samstarfi við félagsþjónustu, prest eða önnur líknarfélög og samkvæmt ábendingum frá þessum aðilum.
- *Heimsóknavinir:* Eitt stærsta og útbreiddasta verkefni félagsins. Alls starfa rúmlega 550 sjálfboðaliðar um allt land við heimsóknþjónustu Rauða krossins og heimsækja um 1000 manns árlega. Um mjög fjölbreytt starf er að ræða þar sem það er sérsniðið að þörfum og óskum þeirra einstaklinga eða hópa sem heimsóttir eru. Sú nýjung að bjóða upp á heimsóknir með hunda hefur verið sérlega vel þegin á undanförunum árum. Hlutverk heimsóknvinnar er fyrst og fremst að veita félagsskap, nærveru og hlýju.

Auk heimsóknþjónustu er talsvert starf með eldri borgurum hjá deildum víðsvegar um landið.

- *Hjálparsíminn 1717:* Hjálparsíminn er gjaldfrjáls sími, opinn allan sólarhringinn. Allt að 100 sérþjálfaðir sjálfboðaliðar svara í Hjálparsímann. 2013 bárust tæplega 14.500 tímtöl í Hjálparsímann. Meðal markmiða Hjálparsímans er að hlusta á og veita ráðgjöf fólki á öllum aldri, fólki sem þarf á stuðningi að halda t.d. vegna þunglyndis, kvíða eða vanlíðunar.
- *Konukot* er næturathvarf fyrir heimilislausar konur – samstarfsverkefni Reykjavíkurdeildar Rauða krossins og Reykavíkurborgar en þjónar öllu höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta ári gistu 74 konur í Konukoti, þar af 24 í fyrsta sinn. Meðalaldurinn er 42 ár.
- *Athvörf fyrir fólk með geðraskanir:* Rauði krossinn tekur þátt í rekstri eða veitir annan stuðning við athvörfin Vin í Reykjavík, Dvöl í Kópavogi, Læk í Hafnarfirði, Laut á Akureyri, Setrið á Húsavík og Vesturafli á Vestfjörðum. Markmið athvarfanna er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr fordómum og auka lífsgæði þeirra sem eiga við geðsjúkdóma að stríða.
- *Hælisleitendur og flóttamenn:* Rauði krossinn sinnir málefnum hælisleitenda í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Tugir sjálfboðaliðar Rauða krossins taka þátt í verkefnum fyrir hælisleitendur. Hælisleitendur búa við mikla félagslega einangrun og eru undir miklu andlegu álagi. Hópurinn hefur það að markmiði að rjúfa þessa einangrun og létta fólki lífið og biðina á meðan á málsmeðferð stendur. Einnig sér hópur sjálfboðaliðar um félagsstarf fyrir hælisleitendur. Hópur heimsóknvinnu heimsækir hælisleitendur einu sinni í viku.
- *Innflytjendur:* Rauði krossinn aðstoðar innflytjendur með svokölluðum Félagsvinaverkefnum sem hjálpar þeim að

fóta sig í íslensku samfélagi. Á þriðja hundrað sjálfbóðaliðar starfa með innflytjendum. Starf Rauða krossins með þessum hópi lýtur bæði að aðstoð við innflytjendur með sérstökum verkefnum og eins að því að fá innflytjendur til liðs við Rauða krossinn og taka þannig virkan þátt í stefnumótun félagsins. Þá hefur Rauði krossinn útvegað svokölluðum „kvótaflóttamönnum“ (þeim hópum flóttamanna sem ríkisstjórn Íslands hefur boðið sérstaklega til landsins á undanförunum árum) stuðningsfjölskyldur sem aðstoða við aðlögun að íslensku samfélagi, m.a. með aðstoð við heimanám barna.

- *Félagsvinir fólks af erlendum uppruna.* Íslendingur er „paraður“ saman við einstakling af erlendum uppruna. Þörin hefja samband sem er byggt á jafningjagrunni, hittast 1-2 sinnum í mánuði og halda sambandinu gangandi í 6-9 mánuði. Markmiðið er að opna dyr samfélagsins fyrir erlenda einstaklingnum, rjúfa félagslega einangrun og veita honum stuðning í hans daglega lífi. Einnig veitir verkefnið sjálfbóðaliðanum nýja sýn á íslenskt samfélag og tækifæri til að kynnast framandi menningu. Allir, 18 ára og eldri, sem geta veitt erlendum aðila stuðning í íslensku samfélagi eða vilja kynnast íslensku samfélagi betur. Í Reykjavík er Félagsvínaverkefnið tvennskonar, annars vegar fyrir konur og hins vegar fyrir börn.
- *Íslenskuæfingar* með innflytjendum til að efla málörvun barna og fullorðinna sem eru að læra nýtt tungumál.
- *Þjóðadagar* eru haldnir í bæjum og byggðum hér og þar um landið þar sem leitast er við að gleðjast yfir menningarlegri fjölbreytni.
- *Fatasöfnun:* Rauði krossinn tekur við notuðum fatnaði og annarri vefnaðarvöru sem nýtist til hjálparstarfs. Fatasöfnun Rauða krossins er orðin eitt mikilvægasta fjáröflunarverkefnið fyrir Rauða krossinn á Íslandi. Afraksturinn rennur til hjálparstarfs heima og erlendis.
- *Fataúthlutun:* Úthlutað er fatnaði til um 2000 einstaklinga árlega. Skjólstæðingar Rauða krossins erlendis njóta einnig góðs af fataverkefninu. Sjálfbóðaliðar á Íslandi útbúa árlega mörg þúsund fatapakka með hlýjum fötum fyrir 0-16 ára börn og ungmenni sem sendir eru með öðrum fatnaði til Hvíta-Rússlands.
- *Rauðakrossbúðirnar* gegna mikilvægu hlutverki í fjáröflun félagsins. Verslanirnar á höfuðborgarsvæðinu eru nú fjórar, tvær á Laugaveginum, ein í Mjóddinni í Breiðholti og ein í Hafnarfirði. Þá eru starfræktar Rauðakrossbúðir á Akureyri, Húsavík, Borgarnesi, Eskifirði, Egilsstöðum, Stöðvarfirði og Hornafirði.
- *Sölubúðir sjúkrahúsanna:* Rauði krossinn rekur sölubúðirnar á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi á Hringbraut og í Fossvogi. Yfir 100 sjálfbóðaliðar standa vaktina í búðunum.
- *Föt sem framlag:* Ungbarnapakkar sem sjálfbóðaliðar Rauða krossins um allt land útbúa eru sendir til Hvíta-Rússlands. Sjálfbóðaliðar á öllum aldri koma saman og hanna, þrjóna og sauma fatnað. Afurðirnar eru einnig seldar á mörkuðum deilda eða í Rauðakrossbúðunum. Alltaf er þörf fyrir hvers kyns þrjónavörur í búðum Rauða krossins jafnt á fullorðna sem börn. Tekjurnar renna til hjálparstarfs heima og heiman.
- *Barna- og ungmennastarf:* Fjöldi ungra sjálfbóðaliða vinnur með Rauða krossinum um allt land með því að taka þátt í verkefnum með deildum. Verkefnin snúa einkum að fræðslu um Rauða krossinn almennt og baráttuna gegn fordómum. Nokkrar deildir eru í samstarfi við skóla og félagsmiðstöðvar með ýmsa fræðslu og tímabundið samstarf.
- *Sjúkrabílar:* Allir sjúkrabílar á Íslandi, alls 77 á 40 stöðum á landinu, tilheyra Rauða krossinum sem kaupir þá, útbýr tækjum og rekur. Árlega fara bílarnir í 20-24 þúsund flutninga en heildarútköll eru um 32 þúsund.
- *Leitarþjónusta* Rauða krossins og Rauða hálfmánans stuðlar að endurfundum fjölskyldna og dregur þannig úr átakanlegum afleiðingum ófriðar og hamfara. Rauði krossinn á Íslandi starfar í samvinnu við alþjóðlega leitarþjónustu Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem er starfrækt í 189 löndum um allan heim.

- *Fjölskyldumiðstöðin* á Laugavegi 120 í Reykjavík er opin reykvískum fjölskyldum í vanda. Miðstöðin er rekin í samvinnu við Reykjavíkurborg. Starfið miðar að því að aðstoða og styðja barnafjölskyldur í vanda, s.s. með uppeldisráðgjöf til foreldra, vegna samskiptavanda, skilnaðar- og forsjármála, líðanar í skóla, vímuefna- og áfengisneyslu ungmenna, barna sem sýna andfélagslega hegðun eða vegna geðrænna erfiðleika. Markmið Fjölskyldumiðstöðvar er að bjóða aðgengilega ráðgjöf fyrir fjölskyldur, styrkja bjargráð innan þeirra og veita markvissa leiðsögn um úrbætur. Nærri 1700 manns frá 24 þjóðlöndum leituðu aðstoðar miðstöðvarinnar 2013.
- *Sálrænn stuðningur og áfallahjálp*: Rauði krossinn á Íslandi sinnir fjöldahjálp og félagslegu hjálparstarfi samkvæmt samningi við Almannavarnir ríkisins. Rauðakrossdeildir setja upp fjöldahjálparstöðvar á hættu- og neyðartímum þar sem fólki er veitt fyrsta aðstoð svo sem upplýsingar, fæði og klæði og sameining fjölskyldna fer fram. Rauði krossinn bregst einnig við skyndilegum áföllum utan almannavarnaástands eins og húsbrunum og flóðum.
- *Skyndihjálparnámskeið* eru haldin reglulega víðsvegar um landið. Rauði krossinn á Íslandi þjálfar leiðbeinendur og útbýr kennsluefni til notkunar á námskeiðunum. Námskeiðin eru haldin fyrir félög, fyrirtæki og stofnanir, sem og efri bekkir í grunnskóla.
- *Námskeið í sálrænum stuðningi fyrir sjálfboðaliða og almennig*. Skyndihjálp og sálrænn stuðningur er veittur þegar á þarf að halda, t.d. við náttúruhamfarir. Starfandi er sérþjálfaður útkallshópur sem veitt getur sálrænan stuðning.
- *Frú Ragnheiður* – skaðaminnkun. Um er að ræða verkefni í Reykjavík sem hefur þann tilgang að ná til jaðarhópa samfélagsins, t.d. útigangsfólks, heimilislausra og fíkla, og bjóða þeim skaðaminnkandi þjónustu og almenna heilsuvernd, án fordóma eða kvaða, í þeirra nærumhverfi. Sérstakur sjúkrabíll er notaður í verkefnið og úr honum er dreift sjúkragögnum, sprautum, nálum og slíku. Frá upphafi hafa liðlega 300 einstaklingar leitað til Frú Ragnheiðar, 65% karlar, 35% konur.
- *Fræðsla um Rauða krossinn*: Félög, fyrirtæki, stofnanir og skólar eru heimsótt með fræðslu um Rauða krossinn, hlutverk hans, skyldur og grundvallarhugsjónir.
- *Námskeið*: Rauði krossinn á Íslandi gengst fyrir fjölda námskeiða á ári hverju. Námskeiðin taka fyrir allt frá grunnupplýsingum um skyndihjálp til þess að undirbúa tilvonandi sendifulltrúa til dvalar á fjarlægum slóðum. Hér eru nefnd þau helstu:
 - Grunnnámskeið Rauða krossins
 - Skyndihjálp, þar á meðal endurlífgun og björgun (fyrir starfsfólk sundstaða).
 - Slys og veikindi barna
 - Sálrænn stuðningur, m.a. fyrir starfsfólk grunnskóla
 - Leiðbeinendanámskeið í skyndihjálp og sálrænum stuðningi
 - Neyðarvarnir
 - Viðhorf og virðing – námskeið um fjölbreytni og fjölmenningu
 - Námskeið fyrir forustufólk deilda, þar á meðal leiðtoganámskeið
 - Námskeið fyrir heimsóknavini
 - Sérstæk námskeið fyrir sjálfboðaliða
 - Á flóttu – sólarhrings hlutverkaleikur
 - Börn og umhverfi
 - Sendifulltrúanámskeið og sértæk námskeið önnur fyrir liðsmenn Veraldarvaktarinnar.
- *Alþjóðaverkefni* veita von um betra líf. Hjálparstarf Rauða krossins á Íslandi gefur árlega þúsundum barna og fullorðinna, í erfiðum aðstæðum, von um betra líf. Langflestir skjólstaðingar okkar eru börn og ungmenni í fátækustu löndum Afríku. Sem stendur tekur Rauði krossinn á Íslandi þátt í verkefnum í Malaví, Sierra Leone, Palestínu, Kákasusfjöllum og Hvíta-Rússlandi. Um 200 manns eru á svokallaðri Veraldarvakt Rauða krossins. Sendifulltrúar eru reiðubúnir að stökkva til starfa erlendis þegar kallið berst.
- *Göngum til góðs*: allar deildirnar 44 taka þátt í fjáröflunarverkefni Rauða krossins á Íslandi annað hvert ár. Afrakstri söfnunarinnar er varið til tilgreindra verkefna innan lands og utan.

Ábendingar um samfélagslegar úrbætur

„Endurteknar mælingar síðustu átta ára hér á landi, sýna að um 9-10% landsmanna hafa tekjur sem eru undir skilgreindum lágtekjumörkum og teljast því eiga á hættu að búa við fátækt. Fátækt er raunveruleg í íslensku samfélagi þótt mismunandi sé hvernig hún birtist á hverjum tíma. Þekkt er að einstakir hópar samfélagsþegna búa að jafnaði við erfiðari stöðu en aðrir. Dæmi um slíka hópa eru þeir sem misst hafa atvinnu eða af öðrum ástæðum eru utan vinnumarkaðar.“

Farsæld – Baráttan gegn fátækt á Íslandi, skýrsla Rauða krossins á Íslandi og Hjálparstarfs kirkjunnar (2012).

- Fátækt er viðvarandi á Íslandi, einu auðugasta þjóðríki veraldar. Sameinuðu þjóðirnar skilgreina fátækt sem „það ástand manneskju að búa við langvinnan eða stöðugan skort úrræða, öryggis og krafts sem er nauðsynlegur til að njóta á fullnægjandi hátt borgaralegra, menningarlegra, fjárhagslegra, stjórnmálalegra og félagslegra réttinda.“
- Hefja þarf markvissa og opna umræðu um fátækt á Íslandi. Vandinn hefur þegar að miklu leyti verið greindur. Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja að framkomnar ábendingar og tillögur verði notaðar til að takast á við vandann.
- Hópur einstæðra mæðra er í mikilli áhættu að lenda í langvinnri fátækt. Börn sem alast upp í fátækt eru líklegri til að verða fátæk á fullorðinsárum og verða fátækir aldraðir. Vinda þarf bráðan bug að því, í samvinnu stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka, að stöðva þessa þróun.
- Lágtekjumörk eru smánarleg. Óverjandi er að lágtekjumörk séu langt fyrir neðan raunverulegan framfærslukostnað. Það er skylda ríkisvaldsins að taka tillit til raunverulegs framfærslukostnaðar þegar ákvarðað er um lágtekjumörk og framfærslustyrki.
- Tekjutengingarreglur festa bótaþega í fátæktargildru. Til að geta rífið sig lausan úr kviksyndi tekjutengingarinnar þurfa aukatekjur hans að vera umtalsverðar. Þetta er fyrirkomulag sem gerir fátæklingum erfiðara fyrir í lífsbaráttunni þegar markmiðið ætti að vera að hjálpa þeim til sjálfshjálpar út úr fátæktinni.
- Börn og unglingar sem búa við fátækt fara á mis við félagslega þátttöku til jafns við önnur börn. Heilsufar þeirra er marktækt verra en hinna sem búa við betri fjárráð, bæði andlega og líkamlega.
- Bent hefur verið á að fræðilegar rannsóknir hafi lagt grunn að þróun markvissra aðferða til að þróa og virkja hæfni foreldra við uppeldi. Slíkum úrræðum er þegar beitt á fáeinum stöðum. Þörf er fyrir aukið samstarf félagsþjónustu sveitarfélaganna á þessu sviði.
- Stéttaskipting er meiri í íslensku samfélagi nú en fyrir áratug. Það er fyrst og fremst hlutverk stjórnvalda, stjórnmálaflokka, samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar að hafa forustu um taka á þessum vanda í samvinnu við akademíuna og frjáls félagasamtök.
- Vaxandi fordómar og þröngsýni í samfélaginu kalla á á hugarfarsbreytingu meðal almennings. Það er hlutverk Rauða krossins, kirkju- og trúarlegra stofnana, fræðasamfélagsins, samtaka á vinnumarkaði og stjórnmálaflokkanna að hafa forustu um að hefja sókn gegn fordómum og fyrir auknu umburðarlyndi.
- Ein birtingarmynd vaxandi þröngsýni og tillitsleysis í samfélaginu er sú staðreynd að unglingar/börn verða í sívaxandi mæli fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu jafnaldra sinna. Hér þurfa heimili og skólar að taka saman höndum og leita samstöðu með fjölmiðlum.
- Efla þarf mjög tungumálakennslu fyrir innflytjendur. Reynslan sýnir að þeir innflytjendur sem standa verst eru þeir sem eiga erfitt með tungumálið og aðlögun að samfélaginu.
- Standa verður við fyrirheit í námskrá um móðurmálskennslu fyrir innflytjendur.



- Fæst þeirra tíu sveitarfélaga á landinu með hæst hlutfall innflytjenda hafa mótað sér stefnu í málefnum hópsins. Sveitarfélögin í landinu þurfa að móta sér sameiginlega stefnu í málefnum innflytjenda.
- Stefnumótun Velferðarráðuneytisins um málefni innflytjenda þarf að vera unnin í samráði við innflytjendur sjálfa, fræðasamfélagið og frjáls félagasamtök sem gæta hagsmuna innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda.
- Stöðva verður þá þróun að ákveðin hverfi eða bæjarhlutar verði að fátæktargildrum innflytjenda.
- Gæta þarf þess að stórum hópum flóttamanna og innflytjenda sem hingað koma sé ekki öllum beint á sama stað og myndi þar einangraða „menningarkima“ heldur ber að leitast við að hæfilegur fjöldi setjist að á hverjum stað.
- Börn innflytjenda á leikskóla- og grunnskólaaldri eiga að fá þann sérhæfða stuðning sem þeim ber.
- Hvetja ber íbúa sveitarfélaga til að stofna fjölmenningsfélög til að leggja áherslu á það sem allir íbúar eiga sameiginlegt, sama hvaðan þeir koma.
- Hætta verður að fangelsa flóttamenn og hælisleitendur. Þeir sem þurfa eiga að fá þá sálfræðipjónustu sem þeim er nauðsynleg.
- Það er til vaxandi hópur ungs fólks, einkum ungir karlar, sem virðist hafa misst fótanna í lífsbaráttunni áður en hún hefst. Uppeldisáhrif þess að hundruð eða þúsundir ungmenna séu hvorki í skóla né vinnu, heldur hafi langtímaframfærslu af því að vera aðgerðarlaus heima á bótum, eru skelfileg og loka þessa einstaklinga til lengri tíma í fátæktargildrum. Frjáls félagasamtök geta stutt virkniverkefni félagsþjónustunnar í landinu til að aðstoða þetta fólk við að komast á fætur á ný með áherslu á styrkleika fremur en veikleika.
- Frjáls félagasamtök og ríkisvaldið eiga að styðja myndarlega við þau umfangsmiklu virkniúrræði sem verið er að hrinda af stað

víða um landið og ætlað er að ná til þessa hóps.

- Félagsmálayfirvöld og fræðasamfélagið eiga að taka saman höndum um rannsóknir á orsökum vanda þessa hóps sem er bæði félagslega og andlega bágstaddur.
- Það er skylda ríkisvaldsins og sveitarfélaga, í samvinnu við samtök atvinnurekenda, verkalýðshreyfinguna, fræðasamfélagið og frjáls félagasamtök að rjúfa vítahring hins „félagslega arfs“ þar sem þriðja og fjórða kynslóð kann ekki að fóta sig í samfélaginu og byggir afkomu sína á framfærslu- og örorkubótum. Þessar aðgerðir þurfa að fela í sér markvissa fræðslu til hinna eldri í slíkum hópum.
- Styðja á við athyglisverð frumkvæði, t.d. Hjálparstarfs kirkjunnar, um nýja nálgun í starfsemi sinni þar sem markvisst er unnið með löskuðum fjölskyldum til að umbylta lífi þeirra með markmiðasetningu og skilgreindum bautasteinum.
- Koma verður í veg fyrir að „þögul örvænting“ þeirra sem berskjaldaðir eru í samfélaginu fái að festa rætur og leita útrásar í útlendingahatri og öfgakenndum sjónarmiðum sem geta leitt af sér samfélagslega ókyrrð.
- Við þurfum öll að líta í spegilinn og spyrja okkur hvort samfélög okkar eru fær um að takast á við stöðuna eins og hún er og með hvaða hætti við getum aðlagast breyttum aðstæðum með nýjum aðgerðum, betra

samstarfi og sveigjanlegri og heilstæðari aðferðum.

Í Farsældarskýrslunni er fjallað um nokkrar tilgreindar „fátæktargildir“ í samfélaginu og settar fram ýmsar hugmyndir um leiðir til úrbóta. Þar á meðal séu eftirtaldar aðgerðir sem ríma vel við þær áherslur sem svarendur og viðmælendur í könnun Rauða krossins hafa lagt áherslu á og félagið tekur undir:

- *Að unnið verði með fátækt á grundvelli gæða fremur en skorts, því komi mat á virkni í stað mats á skerðingu.*
- *Gert verði samkomulag um skilgreind grunnframfærsluviðmið sem tryggir að enginn einstaklingur eða fjölskylda búi við slíkan skort að varanlegur skaði hljóttist af.*
- *Markvisst verði notast við þjónustu samhæfingaraðila þegar einstaklingar eða fjölskyldur þurfa margháttada aðstoð.*
- *Samræma þarf tryggingakerfið, félagslega kerfið og skattakerfið á þann veg að heimildagreiðslur skerði ekki grunnframfærslu né hver aðra.*
- *Heilbrigðisþjónusta við börn verði endurgjaldslaus og reglubundnar skylduskoðanir tryggi að börn líði ekki fyrir heilsuleysi í uppvexti sínum vegna fátækta.*
- *Gera þarf sérstaka athugun á stöðu barna af erlendum uppruna sem njóta aðstoðar velferðarþjónustunnar og leita nýrra leiða til að bregðast við á fyrirbyggjandi hátt.*

Hvað getum við í Rauða krossinum gert?

Deildir, starfsmenn, sjálfbóðaliðar og samherjar Rauða krossins á Íslandi um allt land eru hvattir til að leggjast yfir þessa skýrslu og aðlaga starf sitt að þeim ábendingum sem hér koma fram. Rauði krossinn þarf að sýna áræðni og frumkvæði í starfi sínu í þágu þeirra sem verst eru staddir, vera óhræddur við að leita nýrra leiða, taka upp góðar hugmyndir hvaðan sem þær koma og sýna sköpunargleði og ábyrgð í öllu sínu starfi.

- Gera reglulega þarfagreiningar á stöðu félagslega einangraðra hópa og endurskoða starfsáætlanir í samræmi við nýjustu upplýsingar.
- Efla heimsóknþjónustu til öryrkja og aldraðra.
- Hefja útbreiðslu- og kynningarstarf í heimabyggð gegn fordómum í garð innflytjenda og annarra félagslega berskjaldaðra hópa. Taka fullan þátt í herferðum landsfélagsins á því sviði. Efna til málþinga og opinna funda um efnið í félagi við innflytjendur, sveitastjórnir og félagasamtök í heimabyggð.
- Efla vináttusamband við innflytjendur og bjóða fram aðstoð við aðlögun að samfélaginu; deildir eru hvattar til að efla félagsvinaverkefni og önnur verkefni sem henta innflytjendum.
- Tryggja að samsetning félagsins og deilda þess taki mið af fjölmenningsamfélaginu. Leita eftir samstarfi við fjölmenningsfélög í heimabyggð og efna til fjölmenningshátíða í samvinnu við fólk af erlendum uppruna, sveitastjórnir, skóla og frjáls félagasamtök.
- Leita eftir samstarfi við félagsþjónustuna í heimabyggð til stuðnings félagslega einangruðum hópum, s.s. ungu atvinnulausu og ómenntuðu fólki, geðfötluðum, einstæðum foreldrum, innflytjendum, öldruðum og öryrkjum.

- Bjóða fram aðstoð við framkvæmd og útfærslu virkniúrræða í félagsþjónustunni.
- Nota hvert tækifæri til að benda á styrkleika fólks fremur en veikleika.
- Efla starf og stuðning meðal hópa í hverfum og bæjarhlutum þar sem greindur hefur verið tiltekinn félagslegur vandi.
- Bjóða fram, í samstarfi við skóla, náms- og frístundaaðstoð til fjölskyldna sem glíma við fátækt og aðra erfiðleika og taka þannig þátt í að rjúfa félagslega einangrun.
- Skipuleggja heimilis- og uppeldisaðstoð við ungar, bágstaddar mæður og börn þeirra.
- Efla þarf barna- og ungmennastarf deilda gegn fordómum.



Efla þarf almennt vináttusamband við innflytjendur og gera þá að fullgildum þátttakendum í þjóðlífinu.

- Gangast fyrir námskeiðum og fræðslu fyrir sjálfbóðaliða, þar á meðal þjálfun í sálfélagslegum stuðningi, til að tryggja að þeir séu færir um að veita nauðsynlega aðstoð.
- Efla málsvarastarf félagsins og deilda þess í þágu þeirra sem standa höllum fæti á hverjum tíma.
- Berjast gegn vaxandi efnis- og neysluhyggju í nærsamfélaginu.



Heimildaskrá

- Alþjóðasamband Rauða krossins & Rauða hálfmánans (2013). *Think differently. Humanitarian impacts of the economic crisis in Europe*. Genf/Budapest: International Federation of Red Cross & Red Crescent Societies.
- Alþýðusamband Íslands (2013). *Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga*.
http://www.asi.is/media/6381/Fjarhagsa_stod_sveitarfelaganna_final.pdf
- Andri Geir Arinbjarnarson (2014). „Laun forstjóra.“ *Eyjan* 4. febrúar.
<http://blog.pressan.is/andrigeir/2014/02/04/laun-forstjora/>
- Anna Lilja Þórisdóttir (2014). „Næst dýrasta verkefnið.“ *Morgunblaðið* 10. mars, bls. 12-13.
<http://www.mbl.is/bladid-pdf/2014-03-10/A2014-03-10.pdf?t=1394448420>
- Barnaheill – Save the Children á Íslandi (2002). *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*.
<http://barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
- Durrenberger, E. Paul. (1996). „Every Icelander a special case.“ Bls. 171-190 í Gísli Pálsson og Durrenberger, E. P. (ritstj.) *Images of Contemporary Iceland: Everyday Lives and Global Contexts*. Iowa City: University of Iowa Press.
- Elsa S. Þorvaldsdóttir, Hermann Óskarsson, Sigríður Halldórsdóttir (2010). „Það vissi aldrei neinn neitt. Reynsla ungmenna sem alist hafa upp með móður sem er öryrki, af stuðningi og upplýsingaflæði milli þjónustukerfa.“ *Rannsóknir í félagsvísindum XI*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Esping-Andersen, G. (2004). Unequal opportunities and social inheritance. *Generational income mobility in North America and Europe*, 289-314.
http://www.centreforcities.org/assets/files/pdfs/maintaining_momentum_full.pdf#page=20
- Eva Bjarnadóttir (2014). www.visir.is/hinsegin-folk-upplifir-enn-fordoma-i-sinn-gard/article/2014702189945
- Eva Bjarnadóttir (2014). www.visir.is/verda-oftar-fyrir-fordomum/article/2014701309934
- Eva Heiða Önnudóttir (2009). „Viðhorf Íslendinga til innflytjenda á Íslandi.“ *Bifröst Journal of Social Science*-3.
- Félagsmálaráðuneytið (2005). *Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*.
http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Skyrsla_nefndar_um_adlogun_utlendinga.pdf
- Félagsvísindastofnun HÍ (2014). *Fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitarfélaga*. Rannsókn gerð fyrir Öryrkjabandalag Íslands. Sótt á <http://www.obl.is/utgafa/frettir/nr/1529>

- Guðmundur Andri Thorsson (2014). „Sáttmálinn sem var rofinn.“ *Fréttablaðið* 10. febrúar.
<http://vefblod.visir.is/index.php?s=7862&p=167516>
- Guðmundur Ævar Oddsson (2011). „Hugmyndir um stéttleysi Íslendinga.“ *Íslenska þjóðfélagið*, 2. árgangur 2011, 27–46. Reykjavík: Félagsfræðingafélag Íslands.
- Guðrún Pétursdóttir (2013). „Birtingarmyndir dulinna fordóma og mismunun í garð innflytjenda á Íslandi.“ *Íslenska þjóðfélagið*, 4. árgangur 2013, 27-38. Reykjavík: Félagsfræðingafélag Íslands.
- Hagstofan (2012). *Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996-2012*. Sótt á <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=9262>
- Hagstofa Íslands (2013). *Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2010-2012*. Hagtíðindi 2013:1.
<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=16009>
- Hagstofa Íslands (2014). *Laun, tekjur og vinnumarkaður*.
<http://hagstofa.is/Hagtolar/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur>
- Hagstofan (2014). *Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi 2013*.
<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=16129>
- Hagstofan (2014). *Lágtekjumörk og tekjudreifing 2012*.
<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=15799>
- Halla Karen Jónsdóttir (2012). *Fátækar barnafjölskyldur á Íslandi. Umfjöllun á Íslandi á árunum 2001 til 2012*. Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Hallur M. Hallsson (2014). *Íslendingar fyrstir í röðinni*.
<http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/01/20/islendingar-fyrstir-i-rodinni-3/>
- Hermann Óskarsson. (2005). „Heilbrigði og samfélag: heilsufélagsfræðilegt sjónarhorn.“ *Rannsóknir í félagsvísindum VII*, 127-138. Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ.
- Harpa Njáls (2003). „Fátækt á Íslandi: Er öllum börnum tryggt félagslegt og efnalegt velferðaröryggi?“ *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Reykjavík: Félagsvísindadeild HÍ.
- Kristín Erla Harðardóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson (2005). *Reynsla og viðhorf flóttamanna á Íslandi*. Reykjavík: Flóttamannaráð Íslands/Félagsvísindastofnun HÍ.
http://www.humanrights.is/media/greinar/skyrsla_flottafoolk_litur.pdf
- Kristján Guðjónsson (2014). *Meira en 45% tekna fer í húsnæði*.
<http://www.dv.is/frettir/2014/3/6/meira-en-45-tekna-fer-i-husnaedi/>
- Landsbankinn (2013). „Stærra hlutfall heimila nær endum saman.“ *Hagsjá 17. apríl 2013*.
<http://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2013-04-17-FjarhagsstadaHeimilanna.pdf>

Morgunblaðið (2014). „Ekki lengur í hlutverki boltans.“ 12. mars, bls. 18-19.

Ráðgjöf og verkefnastjórnun (2014). *Áfram!* Greining á fjárhagsaðstoð Hafnarfjarðarbæjar.
http://ibuagatt.hafnarfjordur.is/meetingsearch/displayDocument.aspx?committeename=&itemid=11635301218976682693&meetingid=28635291956353226066&attachmentid=11635301218992907005&filename=RV_Afram_lokaskyrsla.pdf

Samband íslenskra sveitarfélaga (2014). *Yfirlit um grá svæði í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarþjónustu*, 14. janúar 2014. Óbirt dreifibréf.

Samstarfshópur um enn betra samfélag á Íslandi (2012). *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi*.
 Reykjavík: Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði krossinn á Íslandi (Reykjavíkurdæld).
<http://www.help.is/doc/119>

Stefán Ólafsson (2003). „Framþróun velferðarríkisins. Frá ölmusu til borgararéttinda – og aftur til baka?“ *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Reykjavík: Félagsvísindadeild HÍ.

Stefán Ólafsson og Guðný Björk Eydal (2012). „Fátækt og fjárhagsþrengingar“ í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.), *Þróun velferðarinnar 1998-2008*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ.

UNICEF Ísland (2012). *Samantekt um áhrif efnahagsþrenginga á börn*.
<http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/EfnahagsthrengingaBorn.pdf>

Velferðarráðuneytið (2007). Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda.
http://www.velferdarraduneyti.is/media/acorbatskjal/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf

Velferðarráðuneytið (2013). *Félagsvísar, 2. útg.* Talnagögn unnin af Hagstofu Íslands. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

Velferðarráðuneytið (2013): *Skýrsla Velferðarvaktarinnar*, lokaskýrsla desember 2013.
<http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Lokaskyrsla-Velferdarvaktarinnar-desember-2013.pdf>

Velferðarráðuneytið (2013). Aðgerðir til að vinna gegn fátækt. Tillögur byggðar á skýrslunni *Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.
http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/Farsaeldarskyrsla--24042013.pdf

Vinnumálastofnun (2014). *Árangur af vinnumarkaðsúrræðum*.
<http://www.vinnumalastofnun.is/vinnumalastofnun/frettir/nr/2591/arangur-af-vinnumarkadsurraedum-vinnumalastofnunar/>

Vinnumálastofnun (2014). *Staða á vinnumarkaði*.
<http://www.vinnumalastofnun.is/files/jan.%202014.pdf>

Win, E. J. (2004). „Not very poor, powerless or pregnant: the African woman forgotten by development.“ *IDS Bulletin*, 35 (4), 61-64.



Rauði krossinn á Íslandi
Efstaleiti 9, 103 REYKJAVÍK
Sími 570 4000 / Fax 570 4010
Netfang: central@redcross.is
Veffang: www.raudikrossinn.is